

**SKOÐUN** Þýskaland og Frakkland eru öxlar Evrópu skrifar Jón Ormur Halldórsson. 19



**MENNING** President Bongó í GusGus á hlut í þremur skútum og siglir um heimsins höf. 46



**SPORT** Keflvíkingurinn Magnús Þór Gunnarsson bætti leik sinn með hjálp kærustunnar. 42

BILMAGNARAR PRÓFLAUSIR SÍMAR MP3 SPILARAR FERÐATÆKI BÍLTÆKI ÚTVÖRP MAGNARAR
RISAÚTSALA
MEIRA EN 1000 VÖRUTEGUNDIR MEÐ ÓTRÚLEGUM AFSLÆTTI
ALLT AÐ 75% AFSLÁTTUR
Sjá allt úrvalið á ht.is
Heimilistæki www.ht.is
SUÐURLANDSBRAUT 26 - SÍMI 569 1500


# FRÉTTABLAÐIÐ

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI*

**Fimmtudagur**
24. janúar 2013
20. tölublað 13. árgangur
Sími: 512 5000

*Samkvæmt prentmiðlakönnun Capacent Gallup janúar - mars 2012


## FRÉTTIR



### Kínverjar í klúbbinn?

Svíar og Norðmenn eru jákvæðir fyrir áheyrnaraðild Kínverja að Norðurskautsráðinu. 8

**Brást sem fyrirmynd** Framferði brottrekins bæjarritara á Akranesi hlaut að hafa alvarlegar afleiðingar, ítrekar einróma bæjarstjórn. 2

**Óvæntur sigurvegari** Yair Lapid, óvæntur sigurvegari þingkosninganna í Ísrael, verður í lykilstöðu við stjórnarmyndun. 10

**Kíló af sykri á viku** Íslendingar neyta tæps kílós af sykri í hverri viku. Framboð á ferskum ávöxtum og grænmeti dróst saman í hruninu en hefur nú aukist á ný. 12



18

| | | |
|---|---|---|
| Bolungarvík | -1° | A 11 |
| Akureyri | -2° | A 4 |
| Egilsstaðir | 1° | SA 7 |
| Kirkjubæjarkl. | 6° | SA 12 |
| Reykjavík | 5° | SA 13 |

**ÚRKOMA SYÐRA** Fremur stíf SA-átt S- og V-lands. Víða rigning eða slydda en úrkomulaust að mestu N-til. Hiti 0-7 stig. 4

## 2 SÉRBLÖÐ

**Gólfefni & hitakerfi | Fólk**




# Réttarkerfið er að drukkna í kynferðisbrotamálum

Embætti ríkissaksóknara hefur ekki undan að afgreiða kynferðisbrotamál og bunkarnir hrannast upp. Aldrei jafn mikið álag á kynferðisbrotadeild lögreglunnar og nú. Karl Vignir úrskurðaður í mánaðar síbrotagæslu.

**LÖGREGLUMÁL** Embætti ríkissaksóknara og kynferðisbrotadeild lögreglunnar á höfuðborgarsvæðinu eru að sligast undan kynferðisbrotamálum. Holskefla af málum er varða kynferðisbrot gegn börnum hefur skollið á lögreglunni síðan Kastljós birti umfjöllun sína um Karl Vigni Þorsteinsson þann 7. janúar síðastliðinn.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildarinnar, segist aldrei hafa upplifað annað eins á jafn stuttum tíma. Um tíu rannsóknarlögreglumenn, auk Björgvins, vinna nú af fullum krafti að rannsóknum hinna ýmsu kynferðisbrotamála, gamalla og nýrra.

„Það hefur aldrei komið svona áður, þetta er með ólíkindum,“ segir Björgvin. „Þetta er búið að vera mjög, mjög mikið frá áramótum.“

Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari segir málafjölda embættisins hafa aukist svo mikið á síðustu árum að nú hafi starfsmenn þess einfaldlega ekki undan.

„Staðan er mjög erfið vegna þess að málin eru að safnast upp og við höfum ekki undan að afgreiða þau. Það er ekki gott ástand hvað það varðar. En við höfum fengið viðbótarfjárveitingu svo við getum farið að bæta við okkur mannskap,“ segir Sigríður og bætir við að auk sakamála sinni embættið fjölmörgum öðrum verkefnum. Mörg geti tekið fleiri vikur og nefnir hún Hells Angels-málið sem dæmi. Níu lögfræðingar starfa nú hjá ríkissaksóknara, að Sigríði meðtalinni.

„Það þarf ekki mikið til og við erum á haus alla daga. Það hefur verið illa búið að embættinu lengi sem endar með því að þetta springur bara. Sem er ekki ásættanlegt fyrir þá sem í hlut eiga; málsaðilana og svo okkur að þurfa að vinna undir þessu álagi. Menn taka þetta heim með sér og eru með í maganum yfir bunkunum og öllum málunum, sem eru auðvitað öll alvarleg.“

> **Staðan er mjög erfið vegna þess að málin eru að safnast upp og við höfum ekki undan.**
>
> *Sigríður Friðjónsdóttir ríkissaksóknari*

Embætti ríkissaksóknara sendi frá sér 15 ákærur í fyrra er varða kynferðisbrot gegn börnum. Þetta er töluvert lægra hlutfall en undanfarin ár, en mörg málanna eru enn til rannsóknar eins og áður sagði. - sv / sjá síðu 2 og 4



**40 ÁR FRÁ GOSI** Vestmannaeyingar minntust þess í gær að 40 ár eru liðin frá því að gos hófst í Heimaey. Af því tilefni var haldin svokölluð Þakkargjörð til að þakka landsmönnum þann samhug sem eyjabúum var sýndur í gosinu og eftir það. FRÉTTABLAÐIÐ/ÓSKAR P. FRIÐRIKSSON

Gestur í góðum málum:

## Seldi Adam Sandler handrit

**BÍÓ** „Það má segja að ég byrji á toppnum enda er þetta draumur að rætast,“ segir kvikmyndagerðarmaðurinn Gestur Valur Svansson. Samningar voru í gær undirritaðir um kaup Hollywood-leikarans Adams Sandlers á fyrsta kvikmyndahandriti Gests í fullri lengd. Myndin hefur vinnuheitið The Last Orgasm.



GESTUR VALUR SVANSSON

Gestur hitti Sandler í Los Angeles vorið 2010 og kynnti hugmyndina fyrir leikaranum. Í kjölfarið fór af stað langt ferli sem lauk með undirskrift samningsins í gær. Gestur skrifar handritið sjálfur ásamt meðhöfundum frá Hollywood, svo hann mun sitja sveittur við lyklaborðið næstu mánuði. - áp / sjá síðu 46

Varaforsætisráðherra Breta ósammála Cameron um ESB-þjóðaratkvæði:

# Segir óvissuástand munu skaða

**BRETLAND** Nick Clegg, varaforsætisráðherra Bretlands og formaður Frjálslyndra demókrata, segir yfirlýsingu Davids Camerons forsætisráðherra um endurskoðun ESB-aðildar og þjóðaratkvæðagreiðslu vera ótímabæra og til þess fallna að auka á óvissu næstu ár.

Clegg sagði að áherslan ætti að vera á að styrkja efnahag landsins, sem staðið hefur höllum fæti síðustu misseri. „Það verkefni verður mun erfiðara ef næstu ár munu einkennast af nagandi óvissu vegna óljósra, langvinnra viðræðna við ESB. Það mun koma niður á hagvexti og atvinnusköpun og er því þjóðinni ekki í hag.“



NICK CLEGG

Ed Miliband, formaður Verkamannaflokksins, sagðist andvígur atkvæðagreiðslu um ESB-aðild, líkt og Cameron hafi sjálfur verið haustið 2011 þegar þeir hafi báðir kosið gegn slíku. - þj / sjá síðu 6

ÚTSÖLULOK
Nýjar vörur
Rýmingarsala
allt að 80% afsláttur
byggtogbúið
Kringlunni

HOLLAND & BARRETT
Heilsubúð í Smáralind
MIKIÐ ÚRVAL • FRÁBÆR GÆÐI • BETRI VERÐ
Sími 534-1414 • www.hollandandbarrett.is • Holland and Barrett Ísland

Fjörug og flott útsala
Opið til 21 í kvöld
Smáralind
ENNEMM / SÍA / NM49879



## SPURNING DAGSINS



Haukur, ætlið þið að taka Father and Son með Cat Stevens?

**„Hver veit, og kannski tökum við Doctor Doctor með Thompson Twins líka.“**

Haukur Heiðar Hauksson er söngvari hljómsveitarinnar Diktu. Í kvöld mun hann í fyrsta sinn stíga á svið með föður sínum, Hauki Heiðari Ingólfssyni, en þeir hyggjast spila saman á Rósenberg. Þeir eru báðir læknar.

Áhugafólk um stafrænt frelsi efins um tillögur innanríkisráðherra til að stöðva klám á netinu:

# Netsíur ólíklegar til árangurs gegn klámi

**SAMFÉLAGMÁL** „Tækniútfærslan bak við netsíur sem þessar er illframkvæmanleg,“ segir Þröstur Jónasson hjá Félagi um stafrænt frelsi á Íslandi, spurður út í hugmyndir Ögmundar Jónassonar innanríkisráðherra um aðgerðir og lagasetningu til höfuðs klámvæðingu.

Þær fela meðal annars í sér möguleg úrræði til að knýja netþjónustufyrirtæki til að loka á dreifingu á klámefni.

Þröstur segir að til þess að stöðva dreifingu kláms þurfi allt efni að fara í gegnum síu.

„Þá er maður kominn með hóp af fólki sem hefur það að starfi að fylgjast með netumferð annarra og ákveða hvað sé leyfilegt og hvað ekki. Það eykur hættuna á að öðru en klámi verði bætt á listann og lokað verði á löglegt og þarft efni.“

Slíkar aðgerðir eru auk þess gagnslitlar, að sögn Þrastar, því að þeir sem á annað borð vilji nálgast klámefni finni alltaf sínar leiðir.

„Þetta kemur á endanum niður á frjálsu flæði upplýsinga, án þess að skila tilætluðum árangri, og hagsmunirnir sem eru í húfi eru meiri en að svo megi fara.“

- þj



**Á NETINU** Þröstur Jónasson hjá Félagi um stafrænt frelsi segir netsíur gegn klámi líklegri til að verða til ógagns en árangurs.



**VILBORG ÁSAMT ÁHÖFNINNI Á POSEIDON** Þorsteinn Skjöldal, Guðmundur Sigurbergsson, Arnar Már Sigurðsson, Róbert Stefán Róbertsson, Ómar Orri Daníelsson, Jónas Rafn Jónsson, Vilborg Anna Gissurardóttir, Karl Þór Baldvinsson og Þórhallur Óskarsson. MYND/GUÐMUNDUR GUÐMUNDSSON

Áhöfnin á Poseidon hitti Vilborgu Önnu Gissurardóttur:

# Buðu pólfaranum í mat í Síle

**FÓLK** Þegar Suðurskautsfarinn Vilborg Anna Gissurardóttir kom á miðvikudgskvöld til Punta Arenas, syðst í Síle, hitti hún þar fyrir áhöfnina á íslenska rannsóknarskipinu Poseidon.

Áhöfnin sýndi henni skipið og svo snæddu þau saman, en áhöfnin safnaði 65 þúsund krónum sem rann í styrktarsjóðnun handa kvennadeild Landspítalans. Þá hefur áhöfnin skorað á útgerðina að leggja fram upphæð á móti.

„Annars var kvöldið frábært í alla staði og dásamlegt að hitta Vilborgu og skemmtum við okkur konunglega með henni,“ segir Ómar Orri Daníelsson, einn úr áhöfninni, á Facebook-síðu sinni.

- gb

Samþykkt í skipulagsráði:

# Félag múslima fær lóðina sína

**SKIPULAGSMÁL** Samþykkt var í skipulagsráði í gær að kynna tillögu um breytta landnotkun í Sogamýri svo að þar geti verið þrjá nýjar byggingarlóðir. Ein lóðin er ætluð Félagi múslima á Íslandi.

Í drögum að breytingum kemur fram að tilgangurinn sé meðal annars að koma til móts við óskir um lóð fyrir trúarstofnun. Það sé í samræmi við markmið mannréttindastefnu og menningarstefnu borgarinnar. „Það er á skjön við vinnubrögð skipulagsráðs að taka einstakar lóðir út fyrir sviga með þessum hætti og láta heildarhugsun í skipulagi víkja,“ sögðu fulltrúar Sjálfstæðisflokks sem sátu hjá í málinu.

- gar

# Kristjón Þorkelsson látinn



Kristjón Þorkelsson, sendifulltrúi Rauða krossins á Íslandi, varð bráðkvaddur í Síerra Leóne sunnudaginn 20. janúar. Kristjón hafði starfað að neyðaraðgerðum fyrir Rauða krossinn vegna kólerufaraldurs í Síerra Leóne síðan í ágúst.

Kristjón var fæddur 20. desember árið 1955 og bjó í Reykjavík. Hann var pípulagningameistari og starfaði sem sérfræðingur í vatns- og hreinlætismálum fyrir Rauða krossinn á Íslandi og Alþjóða Rauða krossinn. Kristjón var kvæntur Ásdísi Leifsdóttur. Dóttir þeirra er Halldóra fædd 1979.

# Brást sem fyrirmynd

Framferði brottrekins bæjarritara á Akranesi hlaut að hafa alvarlegar afleiðingar ítrekar einróma bæjarstjórn í nýrri bókun. Jón Pálmi Pálsson vildi halda starfinu og fá yfirlýsingu um að skoðun hafi sýnt að ekki væri tilefni til frekari aðgerða.

**SVEITARSTJÓRNIR** Bæjarstjórn Akraness samþykkti samhljóða á þriðjudag bókun þar sem hnykkt er á þeirri afstöðu að Jóni Pálma Pálssyni bæjarritara hafi ekki verið sætt lengur í embætti.

Eins og komið hefur fram var samið um starfslok Jóns Pálma fyrr í þessum mánuði eftir að ljóst þótti að hann hefði rukkað mismunandi aðila fyrir sama akstur og nefndarsetur. Meðal annars rukkaði bæjarritarinn Heilbrigðiseftirlit Vesturlands fyrir að sitja þrjá fundi með bæjarráði Akraness.

„Fyrrverandi bæjarritari var næstæðsti embættismaður á skrifstofu bæjarins. Hann bar sem slíkur ríka ábyrgð og trúnaðarskyldur í stjórnsýslu og innra eftirliti með rekstri sveitarfélagsins og átti því að vera til fyrirmyndar í öllum störfum sínum fyrir bæjarfélagið,“ segir í bókun sem allir bæjarfulltrúarnir níu samþykktu á þriðjudag. Þá var jafnframt samþykktur starfslokasamningur sem tryggir Jóni laun út árið 2013.

Áður en bæjarstjórnin tók ákvörðun um framtíð Jóns Pálma í starfi fékk hann svigrúm til andmæla. Í skýringum lögmanns hans kemur fram að Jón Pálmi hafi áður fyrr haft fasta greiðslu hjá Akranesbæ fyrir akstur. Í júní 2010 hafi verið teknar upp akstursgreiðslur samkvæmt dagbók. Þá hafi Jón Pálmi hætt að innheimta greiðslur fyrir innanbæjarakstur. Því sé „fráleitt að ætla að hann hafi vísvitandi innheimt meira en honum bar vegna annars aksturs,“ segir lögmaðurinn.

Í bókun bæjarstjórnarinnar er ítrekað að Jón Pálmi hafi brotið gegn starfsskyldum sínum. „Hann fór á svig við gildandi reglur bæjarfélagsins um greiðslur fyrir bifreiðaafnot og starf í nefndum, krafði og lét fleiri en einn aðila greiða sér vegna sömu tilefna og braut þannig reglur sem hann sjálfur skyldi hafa forystu um að viðhalda og virða,“ segir bæjarstjórnin.

Jón endurgreiddi bænum 229 þúsund krónur sem hann taldi reyndar sjálfur að hefðu verið ofreiknaðar „meðal annars fyrir hans mistök“. Bæjarstjórnin segir að það hafi hann gert „að eigin frumkvæði og án þess að sú upphæð væri borin undir bæjaryfirvöld eða aðra sem áttu hlut að máli“.

Þó að lögmaður Jóns Pálma segði meðferð bæjarins á málinu „fordæmalausa“ og „ekki í nokkru samhengi við alvarleika málsins“ vildi hann að málið yrði látið kyrrt liggja. „Telur Jón Pálmi rétt að hann gangi til starfa sinna sem bæjarritari og aðilar komi sér saman um að upplýsa opinberlega að skoðun á málinu hafi ekki leitt í ljós neitt sem gefi tilefni til frekari aðgerða.“

Bæjarstjórnin segir málið hins vegar alvarlegt brot á því trausti sem æðstu yfirmenn bæjarfélagsins verði að njóta. „Slíkur trúnaðarbrestur hlaut því að hafa alvarlegar afleiðingar í för með sér fyrir viðkomandi embættismann.“

gar@frettabladid.is

> **„Aðilar komi sér saman um að upplýsa opinberlega að skoðun á málinu hafi ekki leitt í ljós neitt sem gefi tilefni til frekari aðgerða.**
>
> *Lögmaður fyrir hönd fyrrverandi bæjarritara á Akranesi*

**FRÉTTABLAÐIÐ 15. JANÚAR** Starfslok bæjarritarans á Akranesi áttu sér aðdraganda allt frá því fyrir jól að hann var leystur tímabundið frá störfum á meðan málið var rannsakað nánar.



# Bæjarritarinn rekinn eftir 25 ár á Akranesi

Jón Pálmi Pálsson, bæjarritari á Akranesi til 25 ára og settur bæjarstjóri um tíma, var rekinn úr starfi fyrir helgi. Bæjarstjórnin segir Jón hafa brugðist trúnaði með því að tvírukka fyrir akstur og fundarsetur. Fordæmalaus vinnubrögð, segir Jón.

**SVEITARSTJÓRNIR** „Þau vinnubrögð sem bæjarstjórn hefur viðhaft í þessu máli eru fordæmalaus,“ segir Jón Pálmi Pálsson, sem er hættur sem bæjarritari á Akranesi með starfslokasamkomulagi við bæjarstjórnina.

Jón hefur verið bæjarritari á Akranesi í 25 ár. Hann hafði um nokkurra vikna skeið verið settur bæjarstjóri þegar honum var veitt tímabundin lausn frá starfsskyldum 16. desember síðastliðinn.

„Kveikjan að því að málið var upphaflega tekið til skoðunar á vettvangi Akraneskaupstaðar var ábending frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi um að bæjarritarinn, fulltrúi Akraneskaupstaðar í stjórnum Heilbrigðiseftirlits Vesturlands og Menningarráðs Vesturlands, krefði fleiri en einn aðila um akstur og þóknun fyrir setu á sömu fundum,“ segir í fréttatilkynningu frá Sveini Kristinssyni, forseta bæjarstjórnar, fyrir hönd bæjarins.

Fram kemur að Jón hafi í nokkrum tilvikum krafið um greiðslu og fengið greitt í tvígang fyrir sama aksturinn á árunum 2011 og 2012.

„Í áliti lögmanna og endurskoðenda Akraneskaupstaðar kemur einnig fram að bæjarritarinn hafi í nokkrum tilvikum krafið um og fengið greitt fyrir sömu fundina hjá fleiri en einum aðila en setið fundina í nafni Akraneskaupstaðar,“ segir í tilkynningu bæjarins. „Í ljósi þess trúnaðarbrests sem orðið hefur telur bæjarstjórn Akraneskaupstaðar starfslok óumflýjanleg.“

Jón segir vinnubrögð bæjarstjórnarinnar í andstöðu við almennar reglur stjórnsýslulaga. „Ofgreiðsla þessi er vegna mistaka minna við skráningu aksturs og hef ég endurgreitt bæjarfélaginu þessa fjármuni að fullu. Auðvelt hefði verið að leiðrétta þessi mistök án þess að grípa til fyrrgreindra aðgerða sem hafa skaðað mig og sveitarfélagið,“ segir Jón í yfirlýsingu. Hann endurgreiddi 230 þúsund krónur vegna ofgreidds akstursskostnaðar.

Þá segir Jón að greiðslur þóknana til hans vegna setu í tveimur nefndum sem sveitarfélagið sé aðili að hafi verið í samræmi við reglur hvorrar nefndar um sig. Hann hafi gert ráð fyrir að snúa aftur til starfa sem bæjarritari.

„Mistök mín voru óveruleg eins og fjárhæð endurgreiðslunnar ber með sér og enginn vafi uppi um önnur störf mín sem bæjarritari, sem spanna aldarfjórðung. Bæjarstjórn hafnaði því að ég kæmi aftur til starfa, enda reiddi hún hátt til höggs áður en upplýsingar lágu fyrir,“ segir Jón, sem kveðst því hafa samþykkt „ágætt tilboð“ um starfslokasamning. „Mér finnst afskaplega miður að ljúka 25 ára starfi mínu hjá bæjarfélaginu með þessum hætti.“

gar@frettabladid.is

**AKRANES** Ábending frá Samtökum sveitarfélaga á Vesturlandi leiddi til úttektar á greiðslum til bæjarritarans á Akranesi tvö og hálft ár aftur í tímann. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

> **Ofgreiðsla þessi er vegna mistaka minna við skráningu aksturs og hef ég endurgreitt bæjarfélaginu þessa fjármuni að fullu.**
>
> *Jón Pálmi Pálsson, fyrrverandi bæjarstjóri Akraness.*







Jón Bjarnason fjórði þingmaðurinn til að segja sig úr þingflokki VG:

# Segir nýtt framboð ekki útilokað

**ALÞINGI** Jón Bjarnason, sem sagði sig úr þingflokki Vinstri hreyfingarinnar – græns framboðs (VG) í gær, útilokar ekki að bjóða sig fram undir merkjum nýs flokks í komandi kosningum.

„Það er ekki mál sem er í kortunum og algjörlega ótengt því sem er að gerast núna,“ sagði Jón aðspurður í samtali við Fréttablaðið. Inntur frekar eftir því hvort eitthvað sé hæft í því að hann sé að vinna að nýju framboði með Atla Gíslasyni, sem hafði áður sagt sig úr þingflokki VG, segir Jón:

„Við skulum láta einn dag nægja í þessum efnum og ég mun áfram berjast fyrir mínum hugsjónum og fólk veit fyrir hvað ég stend.“

Jón er fjórði þingmaður VG sem yfirgefur þingflokkinn á kjörtímabilinu, en áður höfðu Atli, Lilja Mósesdóttir og Ásmundur Einar Daðason farið þá leið. Jón mun sitja utan flokka þær vikur sem eftir eru af yfirstandandi þingi. Stjórnarflokkarnir hafa nú aðeins 30 þingmenn og þurfa að reiða sig á stuðning annarra flokka. Jón segist aðspurður munu styðja „góð mál“ hjá ríkisstjórninni, „en ekkert umfram það“.

Varðandi ástæður þess að hann segi sig nú úr þingflokknum segir hann að margt spili inn í, meðal annars forgangsröðun í málefnum landsbyggðarinnar, en þróun mála í Evrópumálum hafi ráðið baggamuninn.

„Þingflokkurinn krafðist þess að ég færi úr utanríkismálanefnd vegna afstöðu minnar til umsóknar að Evrópusambandinu. Ég hef barist gegn aðild og talið að við ættum að stöðva þessa umsókn. Þingflokkurinn er á annarri skoðun og því eigum við ekki samleið,“ segir Jón.

- kh, þj



**UTANFLOKKA** Jón Bjarnason mun sitja utan flokka það sem eftir lifir kjörtímabils eftir að hann sagði sig úr þingflokki VG í gær. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


GAGNAVEITA REYKJAVÍKUR
VESTURGATA, AKRANESI
EIN HRAÐASTA GATA Í HEIMI
LJÓSLEIÐARI
- 100 Mb/sek. í báðar áttir - á sama tíma!
- Ekkert „allt að". Bara alltaf hámarkshraði.
- Öflugasta fjarskiptatenging sem býðst.
HEFÐBUNDIN SÍMALÍNA (t.d. ADSL og Ljósnet)
- Miklu hægari tenging frá húsi en að því.
- Ennþá hægari tenging ef langt er í símstöð.
- Byggir á gamalli tækni og kopartengingu.
ÞÚ FINNUR MUNINN
ÞEGAR ÞÚ FÆRÐ ÞÉR LJÓSLEIÐARA
Hvers vegna ættir þú að sætta þig við gamla og hægvirka símalínu ef hægt er að fá síma, net og sjónvarp gegnum ljósleiðara á hámarkshraða á sama verði?
Býrð þú við eina hröðustu götu í heimi?
Kynntu þér málið á www.ljosleidarinn.is
LJÓSLEIÐARINN

## GENGIÐ 23.01.2013

| | | |
|---|---|---|
| Bandaríkjadalur | 128,57 | 129,19 |
| Sterlingspund | 203,92 | 204,92 |
| Evra | 171,27 | 172,23 |
| Dönsk króna | 22,948 | 23,082 |
| Norsk króna | 23,118 | 23,254 |
| Sænsk króna | 19,711 | 19,827 |
| Japanskt jen | 1,4552 | 1,4638 |
| SDR | 197,47 | 198,65 |

**GENGISVÍSITALA KRÓNUNNAR**
233,7175

Tveir til viðbótar handteknir á þriðjudag vegna gruns um barnaníð:

# Karl Vignir í síbrotagæslu í gær

**LÖGREGLUMÁL** Karl Vignir Þorsteinsson var úrskurðaður í mánaðar síbrotagæslu í gærdag. Hann hefur setið í gæsluvarðhaldi síðan 9. janúar og hefur að sögn lögreglu verið samvinnuþýður.

Að minnsta kosti sjö karlmenn hafa verið handteknir vegna gruns um kynferðisbrot gegn börnum síðan Kastljós birti umfjöllun sína um Karl Vigni þann 7. janúar síðastliðinn.

Seinnipart þriðjudags voru tveir menn, annar á sextugsaldri og hinn á sjötugsaldri, handteknir vegna gruns um að hafa brotið kynferðislega á börnum. Þeir voru yfirheyrðir í gær. Lögreglu bárust upplýsingar um mennina eftir umfjöllun í fréttaskýringaþættinum Málinu sem sneri að barnaníðingum.

Í vikunni var einnig farið fram á gæsluvarðhald yfir manni á fertugsaldri sem er grunaður um að hafa numið tvær sjö ára stúlkur á brott og brotið á þeim kynferðislega í bifreið sinni, en kröfunni var synjað af dómara.

Gæsluvarðhaldsúrskurður yfir áhugaljósmyndara sem tekið hefur nektarmyndir af ungum stúlkum, tælt þær á netinu og er grunaður um að hafa brotið á þeim, rennur út 1. febrúar næstkomandi. Þá er búið er að sleppa Gunnari Jakobssyni, dæmdum barnaníðingi, úr haldi lögreglu eftir að hann var handtekinn vegna gruns um nýleg brot gegn ungum stúlkum, en lögreglan á Suðurnesjum fór með rannsókn þess máls. - sv



**LEIDDUR FYRIR DÓMARA** Karl Vignir Þorsteinsson var í gær úrskurðaður í síbrotagæslu til 20. febrúar. Hann hefur nú verið í varðhaldi frá 8. janúar. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

Kröfum sakborninga hafnað:

## Ekki beðið eftir öðrum málum

**DÓMSMÁL** Héraðsdómur Reykjavíkur hafnaði í gær frávísunarkröfu Lárusar Welding, fyrrverandi forstjóra Glitnis, í svokölluðu Aurum-máli sérstaks saksóknara. Lárus fór fram á að málinu yrði vísað frá eða frestað þangað til öðrum rannsóknum sem honum tengdust yrði lokið. Á það féllst dómari ekki.



LÁRUS WELDING

Dómarinn hafnaði einnig kröfu verjenda um að rannsóknarskýrslu saksóknara yrði vísað frá dómi eða hún stytt. Fjórir eru ákærðir í málinu; Lárus, Magnús Arnar Arngrímsson, Bjarni Jóhannesson, allir úr Glitni, og Jón Ásgeir Jóhannesson, sem þá var stærsti eigandi bankans. - sh

Norskt skip fært til hafnar:

## Skipstjóri laug til um aflann

**SJÁVARÚTVEGSMÁL** Varðskip Landhelgisgæslunnar færði norskt loðnuskip til hafnar á Eskifirði vegna gruns um alvarlegt landhelgisbrot. Skipstjórinn getur átt yfir höfði sér þunga refsingu.

Skipstjóri norska skipsins gaf upp að hann væri með 600 tonna afla en skipverjar varðskipsins ákváðu að fara um borð og sannreyna þær upplýsingar skipstjórans. Kom þá í ljós að aflinn var talinn nær 800 tonnum. Var skipstjóra loðnuskipsins því skipað að halda til hafnar á Eskifirði. Lögreglan rannsakar málið. - gs

# Ríkissaksóknari ákærði í 15 barnaníðsmálum 2012

Ríkissaksóknari ákærði í 15 kynferðisbrotamálum gegn börnum í fyrra sem gerir um 20% af heildarfjölda slíkra mála. Of fámennt embætti til að sinna málunum, segir ríkissaksóknari. Níðingum í fangelsum fækkar.

**LÖGREGLUMÁL** Ríkissaksóknari sendi frá sér fimmtán ákærur í fyrra er varða kynferðisbrot gegn börnum. Þetta er töluvert lægra hlutfall en undanfarin ár og útskýrist að sögn Sigríðar Friðjónsdóttur ríkissaksóknara af mikilli fjölgun mála undanfarin ár og uppsöfnuðum verkefnum.

„Málafjöldinn hefur aukist svo mikið að við höfum bara ekki undan, sem er skýringin á þessu," segir hún. „Það er ekki hægt að segja núna að ákærurnar verði færri þar sem við eigum enn eftir að afgreiða svo stóran hluta málanna."

Ákærur vegna kynferðisbrota gegn börnum hafa verið á bilinu 23 til 37 síðan árið 2009 og í kringum helmingur af heildarfjölda mála sem koma inn á borð þess frá lögregluembættum landsins.

Sigríður bendir á að embættið sé með fjölda annarra mála á sinni könnu, svo sem kærur á hendur lögreglu. „Þetta er allt of mikið," segir hún. „Það er nú skýringin á því að þarna séu þó ekki fleiri mál sem enduðu með ákæru í fyrra. Þetta er út af óheyrilegu álagi hjá okkur."

Í fyrra voru ákærurnar um tuttugu prósent, eða fimmtán af alls 72 málum. Ellefu var vísað frá. Þetta þýðir að rannsókn 46 mála af þeim 72 sem komu inn á borð ríkissaksóknara í fyrra eru enn í rannsókn.

Björgvin Björgvinsson, yfirmaður kynferðisbrotadeildar, segir að málum er varða kynferðisbrot gegn börnum hafi fjölgað ár frá ári, þó engin stór stökk hafi komið fram að undanskildum nýliðnum vikum. Að hans sögn er fjöldi mála hjá lögreglu í fyrra þó tveimur málum færri en árið 2011, en tölurnar hafa enn ekki verið birtar.

Aldrei hafa fleiri barnaníðingar setið í fangelsi hér á landi en árið 2010. Þá sat alls 21 karlmaður á bak við lás og slá vegna dóma fyrir kynferðisbrot gegn börnum. Fjöldinn hefur farið stigvaxandi síðan árið 2001, þegar einungis einn sat inni. Fjöldinn fór svo niður í fjórtán 2011 og í fyrra voru þeir tólf.

sunna@frettabladid.is




**72**

Ríkissaksóknara bárust 72 mál er varða kynferðisbrot gegn börnum í fyrra. Úr þeim urðu 15 ákærur og 11 niðurfellingar en flest eru enn í rannsókn.




Fjöldi mála er enn til rannsóknar frá árinu 2012 hjá ríkissaksóknara.
Ekki er alltaf unnt að afgreiða mál á sama ári og þau koma svo sum færast á milli ára.




## Veðurspá

Gildistími korta er um hádegi







**Á morgun**
Hæg breytileg átt.




**Laugardagur**
Vaxandi NA- og A-átt.

**RIGNING EÐA SLYDDA** Heldur óskemmtilegt veður um sunnan- og vestanvert landið í dag. Rok og rigning og bætir í úrkomuna er líður á daginn. Gott veður á morgun en kólnar heldur.

| | | | | | | | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|---|
| Alicante | 18° | Billund | -1° | Gautaborg | -3° | London | 2° | Orlando | 2° | San Francisco | 15° |
| Basel | -2° | Frankfurt | -1° | Kaupmannahöfn | -3° | Mallorca | 18° | Ósló | -9° | Stokkhólmur | -8° |
| Berlín | -3° | Friedrichshafen | 0° | Las Palmas | 20° | New York | -5° | París | -1° | | |

**Elísabet Margeirsdóttir**
veðurfréttamaður



**AUGLÝSINGADEILDIR FRÉTTABLAÐSINS–AUGLÝSINGASTJÓRI:** Jón Laufdal *jonl@frettabladid.is* **ALMENNAR SÍMI 512-5401:** Guðmundur Steinsson *gudmundurs@365.is*, Hjördís Zoëga *hjordis@frettabladid.is*, Hlynur Þór Steingrímsson *hlynur@365.is*, Laila Awad *laila@365.is*, Sigríður Dagný Sigurbjörnsdóttir *sigridurdagny@365.is*, Örn Geirsson *orn.geirsson@365.is* **FÓLK/LÍFIÐ/SÉRBLÖÐ SÍMI 512-5402:** Atli Bergmann *atli.bergmann@365.is*, Benedikt Freyr Jónsson *benediktj@365.is*, Elsa Jensdóttir *elsaj@365.is*, Jóna María Hafsteinsdóttir *jmh@365.is*, Sverrir Birgir Sverrisson *sverrirbs@365.is* **FÓLK OG SÉRBLÖÐ EFNI:** Elín Albertsdóttir *elin@365.is* og Vera Einarsdóttir *vera@365.is* **RAÐAUGLÝSINGAR /FASTEIGNIR SÍMI 512-5403:** Hrannar Helgason *hrannar@365.is*, Viðar Ingi Pétursson *vip@365.is* **ÞJÓNUSTUAUGLÝSINGAR SÍMI 512-5407:** Arna Rut Kristinsdóttir *arnarut@365.is*, Sigrún Helga Guðmundsdóttir *sigrunh@365.is*



**Audi Q7** 3,0 TDI 240 hö.
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 25.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**10.950.000,-**

# NÝLEGIR GÆÐABÍLAR MEÐ ALLT AÐ 75% FJÁRMÖGNUN



**VW Passat** Variant Ecofuel
Árgerð 2011, bensín/metan
Ekinn 18.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**4.290.000,-**



**Skoda Fabia** 1.2 Classic
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 23.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**1.930.000,-**



**VW POLO** Comfort 1,4
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**2.700.000,-**



**VW Golf** Trendline TDI
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 24.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**3.050.000,-**



**VW Polo** Trendl. 1.2
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 28.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.150.000,-**



**Audi A4** Avant 2.0 TDI
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 37.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.490.000,-**



**VW Polo** 1,2 TDi
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 25.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**2.290.000,-**



**MM Pajero** 3,8 Instyle
Árgerð 2010, bensín
Ekinn 43.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**6.950.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 27.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**4.950.000,-**



**VW Tiguan** Trend&Fun
Árgerð 2012, dísel
Ekinn 32.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**5.250.000,-**



**Audi A4** 2,0TDi 6 gíra
Árgerð 2011, dísel
Ekinn 38.000 km, beinskiptur
**Ásett verð:**
**4.690.000,-**



**VW Golf** Trendl 1,4 AT
Árgerð 2012, bensín
Ekinn 21.000 km, sjálfskiptur
**Ásett verð:**
**3.190.000,-**

**Kíkið inná:**
**heklanotadirbilar.is**
**lykill.is**

**Komdu og skoðaðu úrvalið!**
Laugavegi 174 | Sími 590 5040
Opið virka daga frá kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16

HEKLA
**NOTAÐIR BÍLAR**

## VEISTU SVARIÐ?



**1.** Hvað nefnist viðbragðsstig númer tvö í viðbragðsáætlun Landspítalans?
**2.** Hvað heitir leiðtogi hins nýja miðjuflokks sem vann sigur í þingkosningunum í Ísrael í vikunni?
**3.** Hvaða íslenska landsliðskona í fótbolta gekk nýlega til liðs við Liverpool?

**SVÖR:**

**1.** Hættustig **2.** Yair Lapid **3.** Katrín Ómarsdóttir.

Réttarmeinafræðingur telur Sigurð Hólm Sigurðarson ekki hafa látist af eðlilegum orsökum:

# Ekki víst að fanginn hafi verið myrtur

**LÖGREGLUMÁL** Ekki er víst að dauðdagi Sigurðar Hólm Sigurðssonar, fanga á Litla-Hrauni, hafi verið af mannavöldum. Þetta kemur fram í krufningarskýrslu sem dagsett er 26. nóvember 2012.

Sigurður fannst látinn í klefa sínum 17. maí í fyrra. Annþór Kristján Karlsson og Börkur Birgisson, samfangar hans, voru nokkrum dögum síðar færðir í einangrun, grunaðir um að hafa ráðið honum bana. Málið er enn til rannsóknar.

Bráðabirgðakrufning virtist leiða í ljós að áverkarnir væru af mannavöldum, en í ítarlegri krufningarskýrslu Reginu Preuss frá því í nóvember segir að ekki sé hægt að slá því föstu.

Dánarmein Sigurðar var blæðing úr rofnu milta samkvæmt skýrslunni og þar segir að miltað hafi rifnað sökum ytri bitlauss áverka á kviðarhol, koma annaðhvort slys eða áverki af annarra völdum til álita,“ segir í skýrslunni.

„Engu að síður leiddu hvorki krufning né frekari rannsóknir í ljós afdráttarlaus merki þess efnis hvort um utanaðkomandi áverka eða meiðsl af völdum byltu hefði verið að ræða.“ **- sh**



**LITLA-HRAUN** Annþór Karlsson og Börkur Birgisson hafa verið grunaðir um manndráp. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN


*Skráðu þig núna í nám og fáðu forskot:*

**Hagnýtt bókhald**

Mjög gagnlegt bókhaldsnám sem ætlað er öllum þeim, sem vilja ná góðum tökum á bókhaldsvinnu, t.d. sjálfstæðum atvinnurekendum og þeim sem ætla að vinna við bókhald.

Bókhald er kennt frá grunni ásamt öllum lykilreglum sem skipta máli við bókhald. Raunhæf verkefni og alvöru bókhaldsgögn notuð við kennsluna. Hefðbundið bókhald og tölvubókhald kennt af frábærum kennurum. Meira en 600 bókarar hafa lært hjá okkur.

Dagnámskeið hefst 30. janúar (9:00-12:00)
Kvöldnámskeið hefst 31. janúar (18:30-21:30)

Verð aðeins 119.900
Hagstæðir greiðsluskilmálar

**Tölvunám TV til betri verka**
– hringdu núna í síma 520 9000
– og skoðaðu mikið úrval námskeiða á www.tv.is

TÖLVU- OG VERKFRÆÐIÞJÓNUSTAN
43.500 hafa sótt námskeið frá 1986

Grensásvegi 16 • Sími: 520 9000 www.tv.is



**Allt að 60% afsláttur**

ÚTSALA

Úlpur allt að 50% afsláttur
Krakkaúlpur 40% afsláttur
Útivistarjakkar allt að 60% afsláttur
og fleira og fleira...

Ekki missa af þessu
Takmarkað magn!

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Faxafeni 8 • 108 Reykjavík • sími 534 2727 • e-mail: alparnir@alparnir.is • www.alparnir.is



Barnaheill
Save the Children á Íslandi

Vissir þú að...
Foreldrum og yfirvöldum ber að tryggja öryggi barna


# Boðar endurskoðun og þjóðaratkvæði

David Cameron boðaði í ræðu í gær að aðild landsins að ESB yrði endurskoðuð á næsta kjörtímabili. Þjóðin ákveði í framhaldinu hvort landið verði áfram í ESB. Leiðtogar ESB-ríkja segja ekki hægt að velja og hafna úr sáttmála sambandsins.

**BRETLAND, AP** David Cameron, forsætisráðherra Bretlands, boðaði í ræðu í gær að ESB-aðild landsins yrði endurskoðuð eftir næstu þingkosningar, að því gefnu að Íhaldsflokkurinn beri þar sigur úr býtum.

„Þegar samkomulag um það liggur fyrir munum við bjóða bresku þjóðinni upp á skýran valkost í þjóðaratkvæðagreiðslu, hvort Bretland verði áfram í ESB, undir nýjum skilmálum, eða hvort sagt verði skilið við sambandið.“

Kosningar eru fyrirhugaðar árið 2015, en Cameron segir stefnt að því að leggja málið fyrir kjósendur á fyrri hluta næsta kjörtímabils, sem verður væntanlega í síðasta lagi árið 2018.

Ræðunnar hefur verið beðið með eftirvæntingu, enda hefur óánægja Breta með ESB-aðild vaxið síðustu misseri. Skoðanakannanir benda til þess að rúmur helmingur myndi kjósa með úrsögn úr sambandinu við núverandi aðstæður. Þá hefur þrýstingur á Cameron einnig aukist innan Íhaldsflokksins.

Cameron segist sjálfur ekki vera hlynntur úrsögn Bretlands úr ESB, heldur muni hann berjast ötullega fyrir því að breyttur aðildarsáttmáli verði samþykktur. Markmiðið sé að ná fram breytingum á ESB, ekki að yfirgefa sambandið. Aðild gefi Bretum margt, ekki síst aukin áhrif á alþjóðavettvangi.

„Því segi ég við bandamenn okkar í Evrópu, þó þau séu ef til vill ósátt við okkar viðhorf: Vinnið með okkur að þessu marki.“

Cameron segir að endurskoðun ESB varðaði ekki síst framtíð sambandsins sjálfs.

„Það er mín trú að hagsmunum Breta sé best borgið innan sveigjanlegs opins sambands sem á auðvelt með að laga sig að breyttum aðstæðum og að slíkt samband sé sterkara með Bretland innanborðs.“

Viðbrögð annarra ESB-ríkja við ummælum Camerons voru flest á þá leið að einstök ríki gætu ekki valið og hafnað hverju þau ganga að í ESB-samstarfinu.

„Þú getur ekki gengið í fótboltafélag og svo heimtað að spila rúgbý,“ sagði franski utanríkisráðherrann Laurent Fabius til dæmis.

Angela Merkel, kanslari Þýskalands, sagðist þó reiðubúin til að ræða við Breta um óskir þeirra: „En við þurfum að hafa í huga að önnur ríki hafa líka annars konar óskir.“

Frans Timmermans, utanríkisráðherra Hollands, styður margt í máli Camerons.

„Þess vegna viljum við hafa Breta í ESB, því að umbætur eiga sér stað að innan en ekki með því að ganga í burtu.“

**thorgils@frettabladid.is**



**TÍMAMÓTARÆÐA** David Cameron lofaði Bretum að hefja endurskoðun ESB-aðildar landsins sigri flokkurinn í næstu þingkosningum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

Ungur maður gengst við því að hafa ráðist á mann og stolið bílnum hans:

# Játaði að hafa ráðist á Guðjón

**LÖGREGLUMÁL** Karlmaður á þrítugsaldri hefur játað árás á Guðjón Guðjónsson um þarsíðustu helgi. Hann gekkst jafnframt við því að hafa stolið bílnum hans.

Ráðist var á Guðjón á laugardaginn fyrir hálfri annarri viku. Ungur maður fékk far með honum úr miðbæ Reykjavíkur í Kópavog, þar sem þeim sinnaðist sem varð til þess að ungi maðurinn réðst á Guðjón, rifbeinsbraut hann og ók svo á brott á bílnum hans.

Maðurinn var handtekinn á þriðjudagsmorgun. Hann viðurkenndi þátt sinn í málinu við yfirheyrslur um kvöldið og var sleppt í kjölfarið.

Guðjón fannst látinn á heimili sínu fyrir nokkrum dögum eftir árásina. Banameinið er talið hafa verið hjartaáfall og er ekkert sem liggur fyrir um tengsl árásinnar við andlátið. Málið er því ekki rannsakað sem manndráp. **- sh**



**RIDDARI GÖTUNNAR** Guðjón ók gjarnan niður Laugaveginn og lék harmonikutóna út um bílgluggann. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

# ALLT AÐ 68% AFSLÁTTUR

## VERÐDÆMI:

**25%**

| UPPHAFLEGT VERÐ | ÚTSÖLU VERÐ | VIÐBÓTAR AFSLÁTTUR | AFSLÁTTUR AF UPPHAFLEGU VERÐI |
|---|---|---|---|
| ~~999~~ kr. | ~~500~~ kr. | 375 kr. | 62% |
| ~~1999~~ kr. | ~~1500~~ kr. | 1125 kr. | 44% |
| ~~2999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1500 kr. | 50% |
| ~~3999~~ kr. | ~~2000~~ kr. | 1500 kr. | 62% |
| ~~4999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 2250 kr. | 55% |
| ~~5999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 2250 kr. | 62% |
| ~~6999~~ kr. | ~~3000~~ kr. | 2250 kr. | 68% |




# ÚTSALA

**HAGKAUP**

*Ein ferð betra verð*

# Jákvæðir gagnvart aðild Kínverja

Mikilvægi norðurslóða endurspeglast í áhuga fjölmargra þjóða á áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Utanríkisráðherrar Svíþjóðar og Noregs eru jávæðir gagnvart beiðni Kínverja.

**TROMSØ, FRÉTTABLAÐIÐ** Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, er jákvæður gagnvart því að Kínverjar fái áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Carl Bildt, sænskur kollegi hans, tekur undir það sjónarmið.

„Það er mikilvægt að þjóðir fái aðild að okkar klúbbi. Þeir stofna ekki sinn eigin klúbb á meðan,“ sagði Espen Barth Eide til að leggja áherslu á þá skoðun sína að fjölga ætti áheyrnarþjóðum að Norðurskautsráðinu. Við undirritun samnings um nýja fastaskrifstofu Norðurskautsráðsins í Tromsö kom þetta skýrt fram í máli ráðherrans. Stofnun skrifstofunnar er mikilvægur liður í að styrkja vægi ráðsins í alþjóðlegri umræðu og ákvarðanatöku í málefnum norðurslóða, sem er forgangsmál í norðurslóðastefnu Íslands. „Það eru góðar fréttir að margir hafa lýst áhuga á að sitja við okkar borð. Eitt af stóru verkefnunum er að ákveða hverjir fá inni, samkvæmt þeim skilyrðum sem við höfum sett. Þetta kemur í ljós í maí,“ sagði Eide og vísaði til ráðherrafundar sem haldinn verður í Kiruna í Svíþjóð.

Við undirskriftina var Eide spurður hvort þessi afstaða Noregs væri útrétt sáttahönd vegna deilu þjóðanna í kjölfar veitingar friðarverðlauna Nóbels árið 2010. Eide blés á að samhengi væri þarna á milli.

Áhugi Kínverja á norðurslóðum er öllum ljós. Ekki er langt síðan Snædrekinn, gríðarstór ísbrjótur, lá við bryggju á Íslandi eftir að hafa siglt norðausturleiðina um Norður-Íshaf. Um var að ræða fimmta leiðangur skipsins sem var hér í boði íslenskra stjórnvalda nokkra daga í ágúst.

Hafa ber í huga að áheyrnaraðild er háð samþykki stofnríkjanna átta. Menn velta fyrir sér hvort áhugi á rannsóknum og samvinnu, sem eru ástæðurnar sem Kínverjar halda á lofti, eru raunveruleg ástæða áhuga þeirra, en samkvæmt heimildum Fréttablaðsins eru sennilega Kanadamenn og Rússar líklegastir til að leggjast gegn aðild Kínverja. Tólf þjóðir og ýmis samtök hafa sótt um áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu. Auk Kína eru það Ítalía, Japan, Suður-Kórea, Indland og síðast en ekki síst Evrópusambandið auk samtaka eins og Greenpeace – en þegar eiga hátt á annan tug samtaka áheyrnaraðild að Norðurskautsráðinu.

María Damanaki, sjávarútvegsstjóri ESB, hélt ræðu á ráðstefnunni Arctic Frontiers 2013 þar sem áhugi ESB var öllum ljós. Hún kallaði eftir ákvörðunartöku varðandi loftslagsmál og kallaði hún eftir aðgerðum. Má hnykkja á því sem Carl Bildt sagði í sinni ræðu á ráðstefnunni að þrjár til fjórar stórar kolakyntar verksmiðjur eru opnaðar í Kína og á Indlandi í hverri viku, en allir stjórnmála- og vísindamenn eru sammála um að Norðurskautsráðið sé mikilvægasti vettvangurinn varðandi þennan málaflokk, og því þurfi mjög að líta til ráðsins í framtíðinni.

svavar@frettabladid.is



**FUNDUR Í TROMSØ** Carl Bildt, utanríkisráðherra Svíþjóðar, Espen Barth Eide, utanríkisráðherra Noregs, Leona Aglukkaq, kanadískur þingmaður, og Magnús Jóhannesson sátu fyrir svörum. Í stiganum má sjá Steingrím J. Sigfússon.

ARCTIC COUNCIL/LINNEA NORDSTRÖM

## Snædrekinn sigldi um Norður-Íshafið

Kínverska rannsóknaskipið og ísbrjóturinn Snædrekinn kom til hafnar í Reykjavík í ágúst síðastliðnum eftir ótrúlegt ferðalag frá Kína. Skipið lagði úr höfn þann 2. júlí frá Qingdao í Kína í fimmta vísinda- og rannsóknaleiðangur Kínverja á norðurslóðir; CHINARE 5. Í leiðangrinum fór Snædrekinn svonefnda norðausturleið meðfram Rússlandi og Noregi og til Íslands. Hann fór svo sömu leið til baka og kom til Sjanghaí í Kína í lok september.

Leiðin um Norður-Íshafið er um 40% styttri en hefðbundin siglingaleið frá Kína til Evrópu ef farið er um Indlandshaf, Súez-skurðinn og Miðjarðarhaf.

Snædrekinn er stærsti ísbrjótur heims sem ekki er kjarnorkuknúinn.

Hann er 167 metrar á lengd og 23 á breidd. Aðstaða fyrir vísindamenn er mjög góð með gagnamiðstöð og sjö rannsóknastofum. Alls eru 117 manns um borð og



þar af um sextíu vísindamenn. Um borð eru þrír rannsóknabátar og þyrla. Þess má geta að íslensku fræðimennirnir Egill Þór Níelsson og Ingibjörg Jónsdóttir, sigldu um Norður-Íshafið með Snædrekanum en þau voru við rannsóknir um borð.


KIA GÆÐABÍLAR Á GÓÐU VERÐI

KIA The Power to Surprise

ergo Frábær fjármögnun í boði




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2011, ekinn 36 þús. km, 136 hö dísil, 6 gírar, eyðsla 5,7 l/100km*.
**Verð 4.990.000 kr.**




**Kia Sorento EX 4wd 3,5**
Árg. 2006, ekinn 77 þús. km, bensín, 195 hö., sjálfsk.
Verð 2.390.000 kr.
**Tilboðsverð 1.790.000 kr.**




**Kia cee'd EX 1,6**
Árg. 2008, ekinn 113 þús. km, bensín, 125 hö., sjálfsk.
Verð 2.090.000 kr.
**Tilboðsverð 1.890.000 kr.**

Greiðsla á mánuði
**17.777 kr.**

M.v. 50% innborgun og 6 ára óverðtryggt lán á 9,4% vöxtum. Árleg hlutfallstala kostnaðar: 10,85%.




**Kia Rio EX 1,4**
Árg. 2012, ekinn 14 þús. km, dísil, 90 hö., 6 gírar, eyðsla: 3,8 l/100 km*.
**Verð 2.890.000 kr.**




**Kia Sportage EX 4wd**
Árg. 2012, ekinn 28 þús. km, dísil, 136 hö., sjálfsk., eyðsla 5,7 l/100km*.
**Verð 5.690.000 kr.**




**Kia Sorento EX classic 2,2**
Árg. 2012, ekinn 2 þús. km, dísil, 198 hö., sjálfsk., eyðsla: 6,7 l/100km*.
**Verð 7.490.000 kr.**




**Kia cee'd ex 1,6**
Árg. 2012, ekinn 2 þús. km, dísel, 116 hö., sjálfsk., eyðsla: 5,6 l/100km*.
**Verð 3.790.000 kr.**

* Skv. uppgefnum meðaleyðslutölum frá framleiðanda.

ASKJA **NOTAÐIR BÍLAR** Klettháls 2 · 110 Reykjavík · Sími 590 2160 · www.notadir.is

**Opið virka daga kl. 10-18 og laugardaga kl. 12-16**




# 20-70%
## AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VÖRUM
NEMA FERÐATÆKJUM

**RISA-SKÓMARKAÐUR**

**COLUMBIA**
NORTHBEND
HERRA- OG DÖMUSKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 22.990 KR.

**COLUMBIA**
ANIK PEAK HERRASKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 24.990 KR.

**COLUMBIA**
SKYWAY DÖMUSKÓR
**14.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 28.990 KR.

**DIDRIKSONS**
STELLA PARKA ÚLPA
**24.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 39.990 KR.

**30-50% AFSLÁTTUR AF SCOTT VÖRUM**

GORE-TEX Guaranteed To Keep You Dry

**BARNA-SKÓR Í MIKLU ÚRVALI**

**VIKING** WOODPECKER
VATNSHELDIR BARNASKÓR
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 14.990 KR.

**COLUMBIA** ROPE TOW
BARNASKÓR
**8.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 13.990 KR.

**MOUNTAIN HARDWEAR**
DOWNTOWN ÚLPA
**34.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 69.990 KR.

**DIDRIKSONS**
VONZO PEYSA
**3.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.990 KR.

**CRESTO ÚLPA**
**9.990 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

**ALLAR VÖRUR FRÁ DEVOLD MEÐ 20% AFSLÆTTI**

**SKOGSTAD** MIKKA
BARNAÚLPA
**13.993 KR.**
VERÐ ÁÐUR 19.990 KR.

**25% AFSLÁTTUR AF REIÐHJÓLAHJÁLMUM OG REIÐHJÓLA-AUKAHLUTUM**

**LOOP**
OPTI CREEK FLUGUHJÓL
**44.844 KR.**
VERÐ ÁÐUR 68.990 KR.

**LOOP**
EVOTEC FLUGUSTÖNG
**32.994 KR.**
VERÐ ÁÐUR 54.990 KR.

**REMINGTON**
NITRO MAGNUM
HAGLASKOT
**4.600 KR.**
VERÐ ÁÐUR 5.750 KR.

**20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM SKOTVEIÐI-VÖRUM**

**20-50% AFSLÁTTUR AF ÖLLUM VEIÐI-VÖRUM**

**ABU**
AMBASSADEUR 6000
KASTHJÓL
**22.744 KR.**
VERÐ ÁÐUR 34.990 KR.

**Leitaðu ráða hjá okkur.** Hjá Ellingsen starfa sérfræðingar í öllum deildum. Við veitum faglega og vandaða ráðgjöf og finnum réttu vörurnar sem uppfylla þínar þarfir. Við seljum eingöngu þrautreyndar hágæðavörur sem henta fyrir íslenskar aðstæður.

REYKJAVÍK • Fiskislóð 1 • Sími 580 8500 • mánud.–föstud. 10–18 • laugard. 10–16
AKUREYRI • Tryggvabraut 1-3 • Sími 460 3630 • mánud.–föstud. 8–18 • laugard. 10–16 • ellingsen.is

**Ellingsen**
– FULLT HÚS ÆVINTÝRA

PIPAR\TBWA • SÍA • 130077

Liðsmenn Pussy Riot segjast vel geta þraukað í fangabúðum:

# Sjá ekki eftir mótmælunum

**RÚSSLAND, AP** Þær Nadezhda Tolokonnikova og Anna Alekhina, meðlimir í rússnesku pönkhljómsveitinni Pussy Riot, segjast ekki láta erfiðar aðstæður í vinnubúðunum hafa mikil áhrif á sig.

„Ég er meinlætamanneskja og læt mig litlu varða hvaða aðstæður ég bý við,“ segir Tolokonnikova. „Ég mun lifa þetta af. Það kemur ekkert fyrir mig,“ segir Alekhina.

Alekhina er þó höfð í einangrun vegna hættu á því að hún verði fyrir aðkasti annarra fanga. Hana grunar að fangelsisyfirvöldin hafi hvatt aðra fanga til að hóta henni öllu illu. Hún segist þó kunna betur við sig í einangruninni: Þar sé þó friður til að lesa.



MARIA ALEKHINA

Tolokonnikova og Alekhina fengu báðar tveggja ára fangelsisdóm síðastliðið haust fyrir að hafa efnt til mótmæla gegn Vladimir Pútín forseta í helstu kirkju Moskvuborgar snemma á síðasta ári.

Þær segjast ekki sjá eftir neinu, þótt ekki reikni þær með neinni miskunn frá stjórnvöldum.

Tolokonnikova segir það alrangt, sem rússneskir fjölmiðlar hömruðu á, að mótmælin hafi verið hugsuð sem guðlast: „Þetta var kaldhæðin, glaðvær og frökk athöfn, pólitískt neyðaróp, ef svo má að orði komast,“ segir hún. - gb



YAIR LAPID Þekktur og virtur sjónvarpsmaður í Ísrael vann óvæntan sigur með nýstofnuðum flokki sínum. FRÉTTABLAÐIÐ/AP

# Netanjahú reynir að mynda breiða stjórn

Yair Lapid, óvæntur sigurvegari þingkosninganna í Ísrael, verður í lykilstöðu við stjórnarmyndun. Stjórnarflokkarnir misstu meirihlutann en Benjamín Netanjahú forsætisráðherra reynir nú að mynda breiða stjórn hægri og vinstri flokka.

**ÍSRAEL** Snemma á síðasta ári tilkynnti Yair Lapid, þekktur sjónvarpsmaður í Ísrael, að hann hygðist stofna stjórnmálaflokk. Ári síðar er Yesh Atid, hinn nýstofnaði flokkur, orðinn sá næststjölmennasti á ísraelska þinginu.

Faðir hans, Tommy Lapid, lék sama leik fyrir tíu árum. Hann var einnig þekktur fjölmiðlamaður sem sneri sér að stjórnmálum, gekk til liðs við Shinui-flokkinn og vann mikinn kosningasigur.

Yair er, eins og faðir hans, veraldlega sinnaður miðjumaður sem á auðvelt með að höfða til almennings. Hann hefur það nú í hendi sér hvort Benjamín Netanjahú getur setið áfram við stjórnvölinn. Hann segist ekki hafa áhuga á að mynda bandalag flokka sem hefði það markmið að halda Netanjahú frá völdum.

Stjórnarflokkarnir héldu ekki meirihluta sínum á þingi, fengu samtals 60 þingsæti af 120 og þurfa því að fá liðsinni frá miðju- eða vinstriflokkum.

Netanjahú hefur stuðst við smærri flokka strangtrúargyðinga en segist nú ætla að reyna að mynda breiða stjórn hófsamari hægri- og vinstriflokka. Staðan er hins vegar snúin því ólíklegt er að strangtrúarflokkarnir geti starfað með Lapid.

Hann boðar stjórn sem fær þrjú meginverkefni: að svipta heittrúargyðinga undanþágu frá herskyldu, að gera húsnæðisverð viðráðanlegt og gera breytingar á stjórnkerfinu þannig að smærri flokkar hafi ekki þau miklu áhrif á stefnu ríkisstjórna og nú er.

Versnandi kjör landsmanna hafa valdið verulegri ólgu á síðustu mánuðum og endurspeglast í úrslitum kosninganna, ekki síst í sigri flokks Lapids sem hefur lagt meiri áherslu á velferðarmál en öryggismál og samskiptin við Palestínumenn.

Leiðtogar Palestínumanna segja að úrslit kosninganna hafi komið þægilega á óvart, en hafa þó efasemdir um að harðlínustefna Netanjahús muni breytast mikið: „Það kemur enginn frelsari, sem færir okkur frið með hraði,“ segir Hanan Ashrawi, þingkona á þingi Palestínumanna í Ramallah.

gudsteinn@frettabladid.is

## Úrslit þingkosninganna í Ísrael

### ➜ Fjöldi þingmanna

**Flokkar hægri manna og strangtrúaðra (60)**

**31** Kosningabandalag Likud (flokkur Netanjahú) **(21)** og Yishrael Beiteinu **(10)**
**11** Heimkynni gyðinga
**11** Shas
**7** Bandalag lögmálsgyðinga

**Flokkar miðju- og vinstrimanna (60)**

**19** Yesh Atid (flokkur Lapids)
**15** Verkamannaflokkurinn
**12** Flokkar ísraelskra araba
**6** Hatnua
**6** Meretz
**2** Kadima

**120** þingmenn sitja á ísraelska þinginu. 61 þingmann þarf til að mynda meirihluta í þinginu.







Tímabil: 26. mars – 29. ágúst
7, 9 og 14 nætur

## Alicante

Allt sem hugurinn girnist.
Sól, strönd og unaðslegur matur.

Verð á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn, frá: **90.100 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 7 nætur á Hotel Maya *** með hálfu fæði.



Tímabil: 26. mars – 29. ágúst
7, 9 og 14 nætur

## Benidorm

Sólríkar strendur og skemmtilegt andrúmsloft.

Verð á mann m.v. tvo fullorðna og tvö börn, frá: **91.200 kr.**

Innifalið er flug með sköttum og gisting í 7 nætur á Rosamar *** með fullu fæði.





Tímabil: 22. – 29. júní

## Garda vatnið

Einn fegursti og vinsælasti staður Ítalíu.

Verð á mann í tvíbýli, frá: **139.800 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, íslensk fararstjórn og gisting í 7 nætur á La Palma *** með hálfu fæði.



Tímabil: 21. – 24. júní

## Barcelona

Menning, matur og sól.

Verð á mann í tvíbýli, frá: **96.900 kr.**

Innifalið er flug með sköttum, íslensk fararstjórn og gisting í þrjár nætur á Hótel Barcelona House *** með morgunverði.

**WOW FERÐIR VIÐ ALLRA HÆFI**

Við bjóðum fjölbreyttar og spennandi pakkaferðir til allra áfangastaða WOW air. Fjölda sérferða, borgarferða, golfferða, skíðaferða, leikhús- og menningarferða af ýmsum toga, með og án fararstjóra. Viltu fá upplýsingar eða tilboð vegna árshátíða, eða er kominn tími á hvataferð fyrir þitt starfsfólk? Við erum við símann.

wowtravel.is

WOW air TRAVEL

WOW travel | Katrínartún 12 | 105 Reykjavík | 590 3000 | wowtravel@wowtravel.is



**EYÐIR EKKI MINNA** Í bönnuðu auglýsingunum er þriggja prósenta minni eyðslu lofað sé eldsneyti frá N1 notað.

# Banna auglýsingu N1

Neytendastofa hefur bannað N1 að birta auglýsingu sína sem snýr að um þriggja prósenta minni eyðslu með notkun eldsneytis frá fyrirtækinu sem innihaldi fjölvirk bætiefni. Þá kom fram í auglýsingunni að fullyrðingin væri byggð á prófunum þýskrar rannsóknarstofu.

Skeljungur kvartaði til Neytendastofu í kjölfar birtinganna, en auglýsingarnar birtust meðal annars á heimasíðu og bensíndælum N1. Kvörtun Skeljungs sneri að því að auglýsingarnar væru villandi á þann hátt að neytendur gætu ekki áttað sig á því að eldsneyti með bætiefnum væri borið saman við bætiefnalaust eldsneyti. Þá væri ekki sannað að neytendur gætu dregið úr eldsneytiseyðslu eins og fram komi í auglýsingunum.

Fram kemur í úrskurði Neytendastofu að talið sé að N1 hafi brotið lög með fullyrðingu sinni um minni eyðslu með notkun eldsneytisins og hún talin ganga of langt þar sem fyrirtækið hefði ekki sýnt fram á minni eyðslu með notkun eldsneytisins. Auk þess sem hún hefði ekki verið í samræmi við þá rannsókn sem fullyrðingin væri byggð á.

## NEYTANDINN KRISTJÁN BERG

„Það er ekki spurning, að bestu kaup sem ég hef gert eru Marantz-stereógræjurnar sem ég keypti mér í Radíóbúðinni fyrir fermingarpeningana," segir fisksalinn Kristján Berg í Fiskikónginum. „Þær entust mér í 23 ár og þar af voru sextán síðustu árin inni í fiskbúð í rakanum og drullunni. Þær væru sennilega enn þá í gangi í dag, ef ég hefði ekki misst þær í gólfið þegar ég var að flytja um stað."
Hann segir sándið ekki heldur hafa svikið. „Það var súperhljóð í þeim. Djúpur bassi og hrikaleg gæði."

Verstu kaupin segir Kristján hins vegar hafa verið flugeldatertu sem hann keypti fyrir tveimur árum. „Það kostaði mig og fjölskyldumeðlimi næstum lífið. Þetta var einhver 30 kílóa kassi sem ég kveikti í og var að labba í burtu þegar hann bara sprakk allt í einu. Ég var með syni mína tvo með mér og vinur minn var þarna líka, og við hendumst þarna á jörðina. Þetta var eins og í Víetnam, við vorum skíthræddir!" Kristján segir að tertan hafi verið innkölluð vegna galla, en hann hafi ekki vitað það fyrr en seinna.



Þeir sluppu ómeiddir, en eftir þetta hlaut Ægir Örn, sonur Kristjáns, verðlaun á Nýsköpunarkeppni grunnskólanna fyrir hönnun öryggiskassa einmitt til að koma í veg fyrir slík slys. „Þannig að þó að þetta hafi verið leiðinlegt á sínum tíma þá skilaði þetta sér síðar með jákvæðum hætti."

## BREYTINGAR Á NEYSLU ÍSLENDINGA 1961-2011




# Minna af grænmeti og ávöxtum en 2007

Framboð, og líklega neysla, á fersku grænmeti og ávöxtum, hefur aukist á ný eftir samdrátt í kjölfar hrunsins. Þó er enn langt í land með að takmarki um fimm skammta á dag verði náð. Íslendingar neyta enn tæps kílós af sykri í hverri viku.

Framboð á ferskum ávöxtum og grænmeti jókst árið 2011, en framboðið er enn minna en það var fyrir hrun. Þetta kemur fram í nýjum upplýsingum frá Landlæknisembættinu, sem tekur reglulega saman upplýsingar um fæðuframboð. Tölurnar eru notaðar sem leiðarvísir um þróun á mataræði þjóðarinnar, jafnvel þótt þær veiti ekki beinar upplýsingar um neyslu.

„Þetta er jákvæð þróun, en þó er enn langt í land að takmarkinu um fimm skammta, eða 500 grömm, af grænmeti, ávöxtum og safa á dag sé náð," segir í upplýsingum Landlæknis. Embættið reiknar aldrei safa nema sem einn skammt af ávexti eða grænmeti.

Framboð af ferskum ávöxtum var 61 kíló fyrir hvern íbúa á Íslandi árið 2011, en það var 66,1 kíló árið 2007. 47,2 kíló af fersku grænmeti voru í boði fyrir hvern íbúa árið 2011, en voru 48 kíló árið 2007. Árin 2008 og 2009 dróst framboðið og neyslan mikið saman, en hefur vaxið á ný síðan þá.

Kjötneysla helst nokkuð stöðug þótt breytingar hafi orðið á neyslu og framboði mismunandi kjöttegunda. Áfram neyta Íslendingar mests af kjúklingakjöti, en framboð þess var 23,8 kíló. Framboð af svínakjöti var 19,5 kíló og lambakjöti 18,8 kíló. Neysla lambakjöts minnkaði um rúmt kíló milli ára, en neysla nautakjöts jókst um eitt og hálft kíló. Þá neyttu Íslendingar um tíu kílóa af eggjum árið 2011, rúmu kílói meira en árið þar á undan. Ekki er vitað hversu mikið framboðið af fiski hefur verið undanfarin ár, en það hefur ekki verið mælt frá árinu 2007.

Sykurneysla Íslendinga er svipuð og fyrri ár, eða rúm 45 kíló á hvern íbúa. Það gera tæp 900 grömm af sykri í hverri viku. Gosdrykkir eiga, að sögn landlæknisembættisins, drjúgan þátt í hinni miklu sykurneyslu en framboðið af gosi var 149 lítrar á hvern íbúa. Sælgætisframboð minnkaði hins vegar um tæp tvö kíló milli ára.

Sykurneyslan á Íslandi er miklu meiri en á hinum Norðurlöndunum. Svíar koma næst okkur í sykurneyslu með tæp 40 kíló á ári. Danir borða um 38 kíló af sykri en Norðmenn og Finnar um 31 kíló.

thorunn@frettabladid.is

### Hvernig reiknar landlæknisembættið?

Tölur landlæknisembættisins eru reiknaðar þannig:
framleiðsla + innflutningur – útflutningur – önnur not = fæðuframboð

SIMPLY CLEVER

ŠKODA



**ŠKODA Citigo** er frábær smábíll sem býr yfir öllum þeim kostum sem einkenna Škoda bifreiðar sem eru þekktar fyrir **sparneytni** og **lága bilanatíðni**. Komdu við hjá HEKLU eða söluumboðum um land allt og kynntu þér hinn frábæra **ŠKODA Citigo**.

ŠKODA Citigo kostar aðeins kr. 1.950.000,-

4,5 | 105g | P 90 | ÖRYGGI

**Söluaðilar:** HEKLA Reykjavík · Höldur Akureyri · Bílasala Selfoss · Bílás Akranesi · HEKLA Reykjanesbæ · Heklusalurinn Ísafirði




**20% afsláttur**
af öllum Dove vörum frá fimmtudegi til sunnudags.

HAGKAUP
Ein ferð betra verð

Riiiiiiiisa

# ÚTSALA

LÝKUR Á SUNNU-DAG

20-70% AFSLÁTTUR

ÖLL SMÁVARA

SÖDAHL **20%** AFSLÁTTUR



**KAFFIKANNA** 8 bolla **KR. 10.392**
Fullt verð 12.990

**KAFFIKANNA** 4 bolla **KR. 7.192**
Fullt verð 8.990

**EILEEN**
kaffikönnur og tekanna.

**TEKANNA KR. 8.792**
Fullt verð 10.990



**PAVINA** kaffiglös með tvöföldu gleri, halda heitu og köldu, 2 stærðir

**2.792 KR.** minna
Fullt verð 3.490

**3.592 KR.** stærra
Fullt verð 4.490



**RÚMFÖT KR. 12.792**
Fullt verð 15.990



**PÚÐAR KR. 6.392**
Fullt verð 7.990



30% AFSLÁTTUR

Broyhill
EINN STÆRSTI SÓFAFRAMLEIÐANDI Í AMERÍKU

50% AFSLÁTTUR



**TRAVIS** Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 225 D: 95 H: 80 cm.
2ja sæta B: 170 D: 95 H: 80
Stóll B: 112 D: 95 H: 80

**MODENA** Slitsterkt áklæði.
3ja sæta. B: 220 D: 90 H: 80 cm.
2ja sæta B: 160 D: 90 H: 98

3 SÆTA **159.990** VERÐ: 229.990

2 SÆTA **139.990** VERÐ: 199.990

STÓLL **118.980** VERÐ: 169.990

3 SÆTA **114.995** VERÐ: 229.990

2 SÆTA **104.995** VERÐ: 209.990





**139.990**
VERÐ: 199.990



30% AFSLÁTTUR

**TANA**
hægindastóll. Fáanlegur rauður, hvítur og svartur

20% AFSLÁTTUR



Slinky er einnig fáanlegur hvítur.

**SLINKY**
legubekkur krómlappir, litur svartur, hvítur og grár.

**55.992**
VERÐ: 69.990



20% AFSLÁTTUR

LA-Z-BOY

**ASPEN** La-z-boy stóll.
Svart leður á slitflötum.

HM LA-Z-BOY
Tilboð á La-z-boy í tilefni HM í handbolta

30% AFSLÁTTUR



**69.990**
FULLT VERÐ 99.990

**ARINN ELISE**
Mahogany og antik hvítur
B:93 D:28 H:78 cm

realflame

40% AFSLÁTTUR



**13.990**
VERÐ: 23.990

**ANNABELLA**
borðstofustóll.
Svart, leður.

**HÚSGAGNAHÖLLIN** • Bíldshöfða 20 • Reykjavík • sími 558 1100 **OPIÐ** Virka daga 10-18, laugard. 10-18 og sunnud. 13-18


ALLT AÐ
70%
AFSLÁTTUR
SÓFAR | SÓFASETT | HÆGINDASTÓLAR |
SÓFABORÐ | BORÐSTOFUBORÐ |
BORÐSTOFUSTÓLAR | SVEFNSÓFAR |
BORÐSTOFUSKÁPAR |
BAKBORÐ | HORNBORÐ |
PÚÐAR | DÚKAR |
BODUM-SMÁVARA |
O.FL. | O.FL. | O.FL.
IDdesign
LA-Z-BOY
Broyhill
LAUREN RALPH LAUREN
bodum
södahl
30% AFSLÁTTUR
CELICO tungusófar (hægri og vinstri). Stærð: 245 x 90 x 160 (tunga) H 85 cm.
Svart eða ljóst slitsterkt áklæði. Aukahlutur á mynd CELICO hnakkapúði.
Fullt verð 19.900. TILBOÐSVERÐ 13.990
159.990
FULLT VERÐ 229.990
36% AFSLÁTTUR
UMBRIA tungusófi XL.
B: 305 D: 90/160 H: 85 cm.
Leður allan hringinn
299.990
VERÐ: 469.990
34% AFSLÁTTUR
IBIZA borðstofuskápur.
B: 110 D: 45 H: 190 cm.
Hvít eða grá olíuborin eik
149.990
VERÐ: 229.990
19.790
VERÐ: 65.990
LINEA borðstofuborð.
B: 90 L: 180 H: 75 cm.
Hvítlakkaður viður.
OPNUNARTÍMI
UM HELGINA
LAU. 10-18
SUN. 13-18
VERTU VELKOMIN/N
20% AFSLÁTTUR
15.992
VERÐ: 19.990
HOT barstóll,
krómlappir.
Litir: svart og hvítt.
25% AFSLÁTTUR
ANDREW
borðstóll.
Svart, brún og
hvítt leður.
14.990
VERÐ: 19.990
70% AFSLÁTTUR
AF LINEA BORÐI
HÚSGAGNAHÖLLIN
0% VEXTIR - Húsgagnahöllin býður upp á vaxtalaus lán til allt að 12 mánaða
MasterCard VISA

FRÁBÆR TILBOÐ!

Gerðu mögnuð kaup!

Allt að 80% lánamöguleikar

Frábært úrval af nýlegum, lítið eknum bílum á frábæru verði!




HONDA ACCORD ELEGANCE
Nýskr. 03/10, ekinn 48 þús. km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr. 3.680.000

TILBOÐSVERÐ! 2.990 þús.





TOYOTA LAND CRUISER 100 VX
Nýskr. 03/03, ekinn 225 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr.3.420.000
TILBOÐ kr. 2.690 þús.

NISSAN PATROL LUXURY
Nýskr. 10/06 ekinn 123 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr.3.880.000
TILBOÐ kr. 3.280 þús.




MERCEDES BENZ C230 COMPR.
Nýskr. 05/06, ekinn 39 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr.2.490.000
TILBOÐ kr. 1.890 þús.

RANGE ROVER VOGUE
Nýskr. 07/02, ekinn 202 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr.2.290.000
TILBOÐ kr. 1.690 þús.





CHEVROLET TAHOE K1500
Nýskr. 05/07, ekinn 138 þús km. bensín, sjálfskiptur.
Verð áður kr.4.990.000
TILBOÐ kr. 4.480 þús.

NISSAN X-TRAIL LE
Nýskr. 08/08, ekinn 68 þús km. dísil, sjálfskiptur.
Verð áður kr.3.890.000
TILBOÐ kr. 3.390 þús.

bílaland

Kletthálsi 11 og Breiðhöfða -110 Reykjavík
Sími 525 8000 - bilaland@bilaland.is
www.bilaland.is

www.facebook.com/bilaland.is


# Ný lán ÍLS voru minni en uppgreiðslur 2012

**Heildaruppgreiðslur fasteignalána hjá Íbúðalánasjóði námu um 18 milljörðum króna á árinu 2012. Heildarfjárhæð nýrra lána hjá sjóðnum var aftur á móti ríflega 15 milljarðar á árinu. Von er á áfangaskýrslu um framtíðarhorfur sjóðsins.**

Samanlögð fjárhæð uppgreiddra fasteignalána hjá Íbúðalánasjóði á árinu 2012 var hærri en fjárhæð nýrra lána. Uppgreiðslur voru meiri en útlán í níu mánuðum á árinu og alls munaði tæpum þremur milljörðum króna yfir árið.

Fréttir af vanda Íbúðalánasjóðs hafa verið áberandi í fjölmiðlum síðustu mánuði. Sjóðurinn hefur glímt við há vanskilahlutföll lána og lítið eigið fé. Þar að auki hafa talsverðar uppgreiðslur lána valdið sjóðnum vandræðum. Þannig minnka nefnilega vaxtatekjur sjóðsins en vaxtagjöld minnka ekki á móti þar sem skuldir sjóðsins eru ekki innkallanlegar.

Í skýrslu sem IFS-greining vann fyrir fjármálaráðuneytið og kom út í nóvember segir að sú opna vaxta- og uppgreiðsluáhætta sem þetta fyrirkomulagi valdi sé mesta áhætta sjóðsins. Þar segir jafnframt að við núverandi markaðsaðstæður og fyrirliggjandi vaxtamun sé sjálfbærni sjóðsins í uppnámi.

Til að bregðast við eiginfjárvanda Íbúðalánasjóðs lögðu stjórnvöld sjóðnum til þrettán milljarða króna í nóvember enda þótti ljóst að ella yrði eigið fé hans uppurið fyrir lok ársins 2012. Áður höfðu stjórnvöld lagt sjóðnum til 33 milljarða árið 2011.

Þessi innspýting eiginfjár leysir hins vegar ekki hinn djúpstæðari vanda opnu vaxta- og uppgreiðsluáhætturnar. Bíður það verkefni stjórnvalda þegar starfshópur sem skipaður var til að fara yfir framtíðarhorfur og -hlutverk sjóðsins hefur skilað tillögum sínum en búist er við áfangaskýrslu frá hópnum í næsta mánuði.

Ástæða þess að uppgreiðslur hafa aukist hjá Íbúðalánasjóði eru nokkrar. Í fyrsta lagi hafa vextir verið tiltölulega lágir hér á landi síðustu misseri sem ýtir undir það að lántakendur með dýr lán endurfjármagni þau.

Í öðru lagi hafa óverðtryggð fasteignalán viðskiptabankanna notið mikilla vinsælda síðustu misseri á meðan Íbúðalánasjóður hefur ekki boðið slík lán. Raunar hefur lagaheimild þess efnis legið fyrir síðan í fyrrahaust en meðal annars vegna óvissu um hvernig tekið verði á vanda sjóðsins hefur hann ekki séð sér fært að bjóða óverðtryggð lán enn sem komið er.

Í þriðja lagi hefur verið eitthvað um að fólk hafi notað sparifé til að létta á skuldsetningu heimila sinna. magnusl@frettabladid.is

## Ný fasteignalán og uppgreiðslur lána
2011-2012




CCP hefur opnað fyrir aðgang almennings að nýja tölvuleiknum sínum:

# Fyrstu viðbrögð við Dust jákvæð

Fyrstu viðbrögð við opinni útgáfu af Dust 514, öðrum tölvuleiknum sem íslenska hugbúnaðarfyrirtækið CCP býr til, hafa verið jákvæð. Leikurinn var opnaður almenningi í gær þegar svokölluð opin beta-prófun leiksins hófst sem er síðasta þróunarstig leiksins.

„Þetta hefur gengið virkilega vel. Bæði tæknilega og hvað varðar viðbrögð spilara. Enda er þessi opnun búin að eiga sér langan aðdraganda hjá okkur í CCP," segir Eldar Ástþórsson, fjölmiðlafulltrúi CCP.

Eigendur Playstation 3 leikjatölva geta nú halað niður Dust 514 sér að kostnaðarlausu. Hyggst CCP gefa leikinn en afla tekna í gegnum sölu á ýmsum viðbótum og varningi sem getur komið að gagni í leiknum.

Frá því að leikurinn var gerður aðgengilegur hafa fjölmargir gagnrýnendur fjallað um hann. Eldar segir að umsagnirnar hafi í flestum tilvikum verið jákvæðar.

„Við gerum okkur þó grein fyrir að leikurinn er ekki fullbúinn. Við erum enn að vinna í ýmsum viðbótum," segir Eldar og bætir við: „Við fáum mikið af viðbrögðum frá þeim sem spila leikinn, sem hjálpa okkur við að styrkja hann og sníða af þá vankanta sem hann kann enn að hafa." - mþl



**DUST 514** Leikmenn í Dust 514 berjast um landsvæði og heilu pláneturnar með herkænsku og ýmis tæki og tól að vopni.

### Um Dust-514

Dust 514 er fjölspilunarskotleikur sem er spilaður í gegnum netið á Playstation 3 tölvur. Leikurinn gerist á plánetum í sama sýndarheimi og EVE online, fyrri leikur CCP, og er beintengdur EVE. Þannig geta leikmenn í EVE fengið Dust 514 spilara til þess að taka yfir plánetur og landsvæði fyrir sig með bardögum og herkænsku. Þykir leikurinn sérstakur að þessu leyti en ólíkir leikir hafa ekki verið tengdir saman með þessum hætti áður.

Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, gefur kost á sér:

# Vilmundur hættir sem formaður SA

Vilmundur Jósefsson, formaður Samtaka atvinnulífsins (SA), hefur ákveðið að gefa ekki kost á sér til endurkjörs á aðalfundi SA sem fram fer 6. mars næstkomandi. Vilmundur hefur gegnt embættinu frá árinu 2009 en hann var áður formaður Samtaka iðnaðarins á árunum 2000 til 2006.

Þá hefur Björgólfur Jóhannsson, forstjóri Icelandair Group, tilkynnt að hann muni sækjast eftir embættinu. Björgólfur hefur verið forstjóri Icelandair Group frá árinu 2008 en starfaði þar á undan í áratugi í íslenskum sjávarútvegi. Nýr formaður verður kjörinn með rafrænni kosningu í aðdraganda aðalfunds SA. - mþl



**VILMUNDUR JÓSEFSSON**



**BJÖRGÓLFUR JÓHANNSSON**


Tími fyrir skipulag
995,-/2 í pk.
KASSETT kassar m/loki
B16×D26, H15cm. Ýmsir litir
195,-/stk.
PAPPIS geymslukassar m/loki
B25×D35, H26cm. Brúnt
6.990,-/stk.
GORM hillueiningar
Gegnheill viður. B78×D55, H174cm. Ólitað
345,-/stk.
SAMLA kassar m/loki
5l. B28×D19, H14cm. Glært
© Inter IKEA Systems B.V. 2013
IKEA®
Verslun opin 11-20 alla daga - Veitingastaður opinn 9:30-19:30 - www.IKEA.is

# SKOÐUN

## Forseti Íslands fór mikinn í Davos:

# Þema: Bull

Ólafur Ragnar Grímsson, forseti Íslands, er alltaf með þema í gangi. Á fölsku velmegunarárunum var það þjóðrembingslegt liðsinni við útrás sjálftitlaðra viðskiptajöfra. Í kjölfar hrunsins var það andstaða við Icesave. Frá því í forsetakosningunum síðasta sumar hefur þemað að mestu verið Evrópusambandið.

Forsetinn var fenginn til að vera viðstaddur hefðarmannasamkunduna sem nú stendur yfir í Davos í Sviss. Þar veitti hann Bloomberg viðtal og hélt nýjasta þema sínu á lofti. Þar sagði Ólafur Ragnar að það væru „fá lönd í heiminum sem hafa náð viðlíka velgengni og Sviss. Síðan má horfa til Noregs og míns heimalands, Íslands, sem hefur náð sér betur á strik eftir fjármálakrísuna en Evrópa. Þannig að það er erfitt að halda því fram að maður þurfi að vera í ESB til að njóta velgengni“.



**Þórður Snær Júlíusson**

thordur@frettabladid.is

Í Sviss búa um átta milljónir manna. Landið er, vegna bankaleyndar, eins konar risastór peningaskápur fyrir ríkasta fólk í heimi. Í Sviss eru líka afar lágir skattar. Þess vegna flutti til dæmis Actavis höfuðstöðvar sínar þangað. Fjölmargar, misgeðugar, alþjóðlegar risa-fyrirtækjasamsteypur hafa fengið sömu hugmynd á síðustu áratugum. Á meðal þeirra eru Glencore (stærsti hrávörumiðlari í heimi), Nestlé (eitt stærsta matvælafyrirtæki í heimi) og Hoffmann-La Roche (einn stærsti lyfjaframleiðandi í heimi).

Í Sviss er líka mikil iðnaðarframleiðsla. Meira en sjötíu prósent af útflutningi landsins eru efnavörur, vél- og/eða rafvörur og úr, klukkur eða tengdar afurðir. Þessar vörur eru að langmestu leyti framleiddar í stórum verksmiðjum. Allt ofangreint gerir það að verkum að efnahagur Sviss er mjög sterkur og landið getur því haldið úti sterkum eigin gjaldmiðli.

Í Noregi búa rúmlega fimm milljónir manna. Í Noregi er nýrík olíuþjóð með vestræna lifnaðarhætti, og sem slík algjörlega einstakt frávik. Norðmenn hafa líka farið ótrúlega skynsamlega með olíuauð sinn í gegnum hinn svokallaða olíusjóð, sem er reyndar orðinn of stór og farinn að ofhita hagkerfi landsins.

Því er spáð að stærð sjóðsins verði 717 milljarðar dala í lok árs 2014. Það eru um 92.500 milljarðar íslenskra króna. Þar að auki á norska ríkið meiri fjármunaeignir en það skuldar, sem þýðir í raun að það skuldar minna en ekkert. Ísland er hvorki Sviss né Noregur. Hér búa 320 þúsund manns. Íslendingar beittu, fyrstir þjóða í mannkynssögunni, neyðarrétti til að koma í veg fyrir allsherjargjaldþrot eftir hrun bankanna haustið 2008.

Síðan þá hefur skuldastaða þjóðarinnar verið, vægast sagt, erfið, gjaldmiðillinn fallið um tæp 50 prósent og gjaldeyrishöft verið við lýði til að hindra að um þúsund milljarðar króna yfirgefi hagkerfið. Fjárfesting er í lágmarki, atvinnuleysi að nokkru leyti falið með sérstökum átaksverkefnum, verðbólga viðvarandi og það eru ágætis líkur á pólitískri kreppu að loknum alþingiskosningum. Hér hefur margt gott verið gert til að halda landinu á floti, og við eigum fína möguleika á því að sigrast á erfiðleikum okkar, en það er fjarstæðukennt að halda því fram að Ísland hafi notið einhverrar sérstakrar velgengni.

Ólafur Ragnar er klókur maður. Hann fær iðulega það sem hann vill og hefur með ótrúlegri kænsku náð að endurvinna sjálfan sig þegar hann er kominn í þrot með fyrri þemu. En oft eru orð hans innihaldslaust og illa rökstutt bull. Viðtal hans við Bloomberg var slíkt.

FRÉTTABLAÐIÐ

**ÚTGÁFUFÉLAG:** 365 miðlar ehf. **STJÓRNARFORMAÐUR:** Ingibjörg S. Pálmadóttir **FORSTJÓRI OG ÚTGÁFUSTJÓRI:** Ari Edwald **RITSTJÓRI:** Ólafur Þ. Stephensen *olafur@frettabladid.is* **AÐSTOÐARRITSTJÓRI:** Steinunn Stefánsdóttir *steinunn@frettabladid.is*
Fréttablaðið kemur út í 90.000 eintökum og er dreift ókeypis á heimili á höfuðborgarsvæðinu og Akureyri. Einnig er hægt að fá blaðið í völdum verslunum á landsbyggðinni. Fréttablaðið áskilur sér rétt til að birta allt efni blaðsins í stafrænu formi og í gagnabönkum án endurgjalds. Issn 1670-3871




## FRÁ DEGI TIL DAGS

**Engin þörf**

Formannskandídatarnir í Samfylkingunni tókust á í Kastljósi á mánudag. Athygli vakti að Guðbjartur Hannesson var mjög afdráttarlaus í umræðunni um Evrópusambandið og sagði berum orðum að hann mundi ekki sem formaður taka þátt í stjórnarsamstarfi ef það kostaði að víkja frá þegar ákveðnum aðildarviðræðum við Evrópusambandið. Árni Páll Árnason margítrekaði mikilvægi þess að viðræðurnar yrðu kláraðar, en gekk þó aldrei svo langt að segja að hugsanleg stjórnarmynstur héngju beinlínis á því. Þegar talið barst að því hvort til greina kæmi að þjóðin greiddi atkvæði um framhald viðræðnanna sagði Árni Páll að engin þörf væri á því eins og sakir stæðu.

**Kom til greina**

Þetta er kannski ekki mikill áherslumunur. En það eru hins vegar ekki nema átta mánuðir síðan Árni Páll gaf hugmyndum um slíka þjóðaratkvæðagreiðslu rækilega undir fótinn á fundi Samtaka atvinnulífsins, þar sem rætt var um afnám gjaldeyrishafta. Hann taldi aðildarviðræðurnar vefjast fyrir afnáminu og taldi koma til greina að leyfa þjóðinni að ákveða um framhaldið. Hefur eitthvað breyst?



**Og hvað?**

Jón Bjarnason er genginn úr þingflokki Vinstri grænna. Skyndilega vantar ríkisstjórnina tvo þingmenn til að vera með meirihluta á Alþingi. Menn geta samt spurt sig hvort þessi úrsögn hans breyti nokkrum sköpuðum hlut. Jón hefur hvort eð er greitt atkvæði gegn stórum málum stjórnarinnar – meira að segja fjárlögum – og jafnvel þótt vantrauststillaga yrði samþykkt á næstu dögum mundi það bara flýta kosningum um örfáar vikur. Ekki nema stjórnarandstaðan nýti sér úrræðið til að koma í veg fyrir að stjórnarskrármálið nái fram að ganga.



stigur@frettabladid.is

## HALLDÓR




# Skilvirkir samningar

ATVINNUMÁL



**Guðlaug Kristjánsdóttir**

Formaður BHM

Aðilar vinnumarkaðar hafa að undanförnu rætt vinnulag við kjarasamningagerð. Samanburður við nágrannalönd bendir til að ferli við gerð kjarasamninga hérlendis sé tímafrekt og að skilvirkni mætti bæta til muna.

Fulltrúar BHM hafa bent á mikilvægi þess að undirbúningur í aðdraganda kjarasamninga sé góður og að haldgóðar upplýsingar liggi þar til grundvallar. Sameiginleg rýni og mat á hagstærðum er til þess fallin að auka traust milli aðila og skapa sátt um grundvöll og umgjörð samninga.

Nú hafa Alþýðusambandið og Samtök atvinnulífsins lýst yfir, við endurskoðun kjarasamninga þeirra á milli nú í janúar, vilja til að efla og bæta vinnubrögð við samningagerð. BHM fagnar því.

Nú er gildistími samninga mislangur og oftar en ekki sammælast aðilar samhliða undirritun þeirra um ýmis verkefni sem vinna þarf að á samningstímabilinu. Til að undirbúningur nýrra samninga geti verið skilvirkur þarf vinna við bókanir og samkomulag sem fylgir gildandi samningum að ganga eftir. Það sem af er yfirstandandi samningstímabili hefur þessi hluti samninga alls ekki gengið nógu vel, tímamörk ekki staðist og sum verkefni ekki komist á dagskrá.

Kjarasamningar aðildarfélaga BHM við ríkið eru í raun gerðir í tveimur áföngum, þegar undirritun miðlægs samnings er í höfn tekur við gerð stofnanasamninga á vinnustöðum félagsmanna. Talsvert hefur skort á skilvirkni við þennan hluta kjarasamninga undanfarin ár. Stofnanir eru vitanlega margar og ólíkar, sums staðar eru þessi mál í góðum farvegi en annars staðar ríkir pattstaða. Landspítali er eflaust sú stofnun þar sem misbrestur á gerð stofnanasamninga er hvað best þekktur, en staðan þar er þó ekki einsdæmi. Slíkt þrátefli er síst til þess fallið að liðka fyrir gerð næstu samninga.

> **➜ Æskilegt er að farið verði að fordæmi nágrannalandanna við undirbúning samninga …**

BHM er umhugað um að ferli við kjarasamningagerð sé sem skilvirkast. Ljóst er að þar þurfa allir aðilar að leggja sitt af mörkum. Æskilegt er að farið verði að fordæmi nágrannalandanna við undirbúning samninga, og að allir aðilar vinnumarkaðar sameinist við mat á umgjörð samninga og gerð launastefnu. Síðast en ekki síst er skilvirk eftirfylgni gildandi kjarasamninga og trúverðug vinna við að það sem undirritað var nái fram að ganga forsenda fyrir trausti milli aðila í næstu samningum.

FRÉTTABLAÐIÐ Skaftahlíð 24, 105 Reykjavík **Sími:** 512 5000, *ritstjorn@frettabladid.is* **FRÉTTASTJÓRAR:** Arndís Þorgeirsdóttir *arndis@frettabladid.is,* Kristján Hjálmarsson, *kristjan@frettabladid.is* og Trausti Hafliðason *trausti@frettabladid.is* **HELGAREFNI:** Sigríður Björg Tómasdóttir, ritstjórnarfulltrúi, *sigridur@frettabladid.is* **MENNING:** Bergsteinn Sigurðsson *bergsteinn@frettabladid.is* **DÆGURMÁL:** Kjartan Guðmundsson *kjartan@frettabladid.is* **ÍÞRÓTTIR:** Sigurður Elvar Þórólfsson *seth@frettabladid.is* **LJÓSMYNDIR:** Pjetur Sigurðsson *pjetur@frettabladid.is* **FRAMLEIÐSLUSTJÓRI:** Kolbrún Ingibergsdóttir *kolbrun@frettabladid.is*

# Öxlar Evrópu

Í DAG
Jón Ormur Halldórsson
dósent



Aldrei hafa jafnólíkar þjóðir bundist jafn nánum böndum og Þýskaland og Frakkland. Í vikunni halda menn upp á fimmtíu ára afmæli vináttusáttmála þjóðanna tveggja sem kenndur er við Elysée-höllina í París. Það segir sögu um nánd þessa sambands að ríkisstjórnir landanna halda sameiginlega ríkisstjórnarfundi tvisvar á ári og á milli embættismanna og ráðherra þeirra er formlegt, stöðugt og oft náið samráð. Menn kenna samstarfið ýmist við öxul eða mótor og hvort tveggja er lýsandi. Samvinnuferlið í Evrópu hefur mjög hvílt á þessu afar sérstaka sambandi. Vilji ríkjanna til nánara samstarfs hefur líka verið einn af sterkustu kröftunum í að knýja áfram evrópska samvinnu. Samstarfið hefur stundum verið erfiðara en sögur um Mitterand, Kohl, d'Esteing og Schmidt gefa til kynna. Árangurinn er hins vegar ótvíræður og heimssögulegur. Og nú standa menn á krossgötum.

**Styrkur og veikleikar**

Fyrir fimmtíu árum var Frakkland hnignandi heimsveldi með mikla efnahagslega veikleika. Evrópa sem hafði stjórnað heiminum í aldir var enn í pólitískum og efnalegum rústum. Þýskaland var vaxandi efnahagsveldi án nokkurra möguleika til pólitísks styrks í samræmi við efnahagslega þýðingu. Ekki var aðeins að nágrannar Þýskalands vildu halda því pólitískt í skefjum heldur var viljinn til þess jafnvel enn sterkari í Þýskalandi sjálfu. Bandalagið við Frakkland gaf Þýskalandi færi á að koma með áhrifaríkum hætti að borði stjórnmála í Evrópu án þess að nokkrum þætti sér ógnað af þýskum mætti. Það gaf Frakklandi möguleika á auknum pólitískum styrk samhliða efnahagslegum ávinningi af Evrópusamvinnu.

**Jafnvægi raskast**

Þrennt hefur orðið til þess að raska því jafnvægi sem Frakkar og Þjóðverjar fundu með samstarfi sínu. Eitt er að sameining Þýskalands jók bæði afl þess og möguleika. Annað er að því lengra sem líður frá skelfingum heimstyrjaldanna þurfa Þjóðverjar síður á þeim fjötrum að halda sem þeir hafa sjálfir bundið sér. Þriðja atriðið er að efnahagur Þýskalands hefur styrkst stórlega í kjölfar efnahagsumbóta sem stjórn jafnaðarmanna og græningja efndi til með miklum pólitískum tilkostnaði fyrir fáum árum. Á sama tíma hefur efnahagslíf Frakklands einkennst af stöðnun og jafnvel afturför.

**Aðrir öxlar**

Eitt til viðbótar skiptir síðan máli fyrir framhaldið. Það er efnahagslegur uppgangur, stóraukinn pólitískur þroski og vaxandi sjálfsöryggi Póllands. Af sögulegum ástæðum vilja Þjóðverjar sem allra nánast samstarf við Pólland. Árangur Pólverja í efnahagsmálum og vaxandi áhugi þar í landi fyrir fullri þátttöku í nánu samstarfi Evrópuríkja hefur stórlega aukið vægi Pólverja í evrópskum stjórnmálum. Það mun vaxa enn frekar á næstu árum, sérstaklega ef Pólland tekur upp evru. Tímabundnir erfiðleikar sem eru fram undan í pólskum efnahagsmálum breyta þessu ekki. Náið samstarf á milli Berlínar og Varsjár er einn helsti lykillinn að nýju pólitísku jafnvægi í ESB. Frakkar eiga tæpast betra svar við þessu en enn nánara samband við Berlín. Vonda svarið, alvöru bandalag Miðjarðarhafsþjóða gegn meintu ofríki hinna efnuðu og sparsömu norðanmanna, er ekki fýsilegur kostur fyrir neinn. Bandalag Frakka við Breta mun af augljósum ástæðum takmarkast við aukna hernaðarsamvinnu. Hún er raunar orðin mjög eftirtektarverð, en á þessu sviði eru Þjóðverjar síður til í tuskið vegna annarra viðhorfa til beitingar valds í þágu utanríkispólitískra markmiða.

**Ólík sýn**

Vegna náins bandalags Þjóðverja og Frakka gleyma menn stundum hve gerólíka sýn þessar tvær þjóðir hafa á æskilegt eðli Evrópusamvinnunnar og eins á hlutverk ríkja í atvinnumálum. Frakkar hafa alla tíð barist fyrir náinni milliríkjasamvinnu í Evrópu en Þjóðverjar fyrir almennum samruna sem dregur úr hlutverki einstakra ríkja. Það er eins í efnahagsmálum. Þar er ríkið sjálft fyrir miðju hjá Frökkum en meira til hliðar hjá Þjóðverjum sem vilja sem almennastar en um leið öruggar og þéttar reglur fyrir atvinnulífið.

**Evran**

Ekki er ágreiningur á milli Frakklands og Þýskalands um að svarið við yfirstandandi fjármálakreppu liggur í enn nánara og víðtækara samstarfi innan ESB og sérstaklega á milli þeirra landa sem nota evru. Þar standa ríkin frammi fyrir stórum verkefnum. Bjartsýni á árangur hefur verulega vaxið á síðustu mánuðum. Áherslur ríkjanna eru þó ólíkar. Frakkar vilja samábyrgð evruríkja hvert á skuldum annars en Þýskaland vill forðast slíkt nema í mjög takmörkuðum mæli. Forysta Þýskalands í peningamálum er óþægilega augljós fyrir Frakka en ríkin hafa þó staðið þétt saman.

> Aldrei hafa jafnólíkar þjóðir bundist jafn nánum böndum og Þýskaland og Frakkland.

**Frakkar**

Mikilvægasta verkefni Frakka er að koma þrótti í atvinnulíf landsins. Einungis með því geta þeir endurheimt styrk sinn í Evrópu. Aðgerðirnar sem jafnaðarmenn beittu sér fyrir í Þýskalandi og dugðu svo vel þykja of langt frá velferðarsjónarmiðum í Frakklandi sem býr við aðra orðræðu í stjórnmálum. En landið er komið í þrönga stöðu sem gæti endað illa. Hið öfluga stjórnkerfi og stjórnmálakerfi Frakklands virðist sem lamað um stund. Sagan segir að það muni taka við sér á ný.

# Samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga: Vandasamt viðfangsefni

LÍFEYRISSJÓÐIR
Vilhjálmur Egilsson
framkvæmdastjóri SA



Tekjutengingar, hvatar, lágmörk og fjárhæðir eru sífelld og vandasöm viðfangsefni tengd lífeyrismálum. Lífeyrissjóðirnir greiða þegar hærri fjárhæð til ellilífeyrisþega en Tryggingastofnun ríkisins og í framtíðinni verða þeir burðarásinn í framfærslu lífeyrisþega. Hlutverk almannatrygginga er fyrst og fremst að tryggja lífeyrisþegum ákveðnar lágmarkstekjur. Þessi mismunandi hlutverk lífeyrissjóða og almannatrygginga eru nauðsynleg og mikilvæg en samspil bóta almannatrygginga og greiðslna úr lífeyrissjóðum skapa jafnframt ákveðna togstreitu þar á milli.

Af hverju þarf að tekjutengja bætur almannatrygginga? Svarið er einfalt en óþægilegt. Kostnaðurinn við að greiða öllum lífeyrisþegum sömu upphæð til lágmarksframfærslu óháð öðrum tekjum er svo hár að ríkið ræður ekki við að greiða ásættanlega upphæð fyrir lífeyrisþegann. Kostnaður almannatrygginganna færi enn fremur hraðvaxandi vegna fyrirsjáanlegrar fjölgunar lífeyrisþega. Kostnaðarins vegna verður að tekjutengja bætur almannatrygginga.

Sífellt fleiri afla sér svo mikilla lífeyrisréttinda að fullar og óskertar bætur almannatrygginga til viðbótar væru vel umfram eðlilegar þarfir fyrir framfærslueyri. Einnig verður að teljast réttlátt að þegar ríkið tryggir öllum tiltekið lágmark til framfærslu sé nauðsynlegt að þeir sem hafa aflað tekna á starfsævinni greiði framlag upp í þetta lágmark og að þeir sem ná að byggja upp mikil lífeyrisréttindi á starfsævinni fái lítið sem ekkert greitt úr almannatryggingum vegna þess að þeir þurfa ekki á því að halda.

**Ýmsar hliðar á réttlætinu**

Á móti þessum rökum fyrir tekjutengingum greiðslna almannatrygginga koma svo þung rök sem snúast um hvata til sparnaðar í lífeyrissjóðum og réttlæti frá þeirri hlið. Of miklar tekjutengingar eyðileggja beinlínis hvata til sparnaðar þar sem fólk fær þá ekki neitt til viðbótar fyrir iðgjöld sín í lífeyrissjóði. Margir munu þá snúast gegn sparnaði í lífeyrissjóðum eða reyna að komast hjá iðgjöldum til þeirra. Það er einnig óréttlátt að fólk fái jafn mikinn lífeyri óháð því hvað það hefur lagt af mörkum.

Á réttlætinu eru því ýmsar hliðar á þessu sviði eins og öðrum. Þess vegna þarf að finna skynsamlegar leiðir í samspili lífeyrissjóða og almannatrygginga sem taka tillit til allra sjónarmiða, varðveita hvata í uppbyggingu lífeyriskerfisins en tryggja eftir föngum ásættanlegt lágmark fyrir alla. Stóri gallinn við fyrirkomulag þessara mála nú er að kerfið er illskiljanlegt og virkar eins og frumskógur fyrir lífeyrisþegana sem stafar fyrst og fremst af reddingum á mismunandi tímum. Margar nefndir á vegum stjórnvalda hafa glímt við málið í gegnum tíðina en lítið komist áfram.

Sú sem lengst hefur náð er nefnd undir formennsku Árna Gunnarssonar. M.a. hafa allir stjórnmálaflokkar og aðilar vinnumarkaðarins tekið þátt í störfum hennar. Nefndin vann tillögur til úrbóta og það verður áhugavert að sjá hvernig til tekst við framkvæmd þeirra. Meginhugmynd nefndarinnar er að sameina ellilífeyri, tekjutryggingu og heimilisuppbót í einn bótaflokk, ellilífeyri, með 45% tekjuskerðingu. Svonefnd framfærsluuppbót verður við lýði fyrst um sinn en tekjuskerðing hennar lækkar úr 100% í 80% og síðan í áföngum í 45% á fimm árum. Þá verður aðeins einn bótaflokkur eftir, ellilífeyrir, með 45% tekjuskerðingu. Kostnaður ríkissjóðs við þessar breytingar yrði um tíu milljarðar króna eða um 0,5% af landsframleiðslu.

> **➜ Mikilvægt er að ná niðurstöðu til framtíðar um samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga.**

Mikilvægt er að ná niðurstöðu til framtíðar um samspil lífeyrissjóða og almannatrygginga. Þróunin er hröð vegna fjölgunar lífeyrisþega og smám saman fjölgar þeim sem ljúka sinni starfsævi með góð lífeyrisréttindi. Það skiptir máli fyrir alla að lífeyrissjóðir og almannatryggingar vinni vel og markvisst saman. Einstaklingar, fyrirtæki og opinberir aðilar eiga allir mikið undir.



# Undir kögunarhóli

SJÁVARÚTVEGUR



Haukur Eggertsson
verkfræðingur

Þorsteinn Pálsson, fv. sjávarútvegsráðherra, ritar grein í Fréttablaðið 12. janúar sl. þar sem hann barmar sér yfir „ráðagerðum um að vinda ofan af þeim þjóðhagslega ávinningi sem markaðslausnir í sjávarútvegi hafa skilað“.

Í lögum um stjórn fiskveiða segir að „[n]ytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar“. Sjávarútvegsráðherrann fyrrverandi og forysta Sjálfstæðisflokksins hafa ætíð talið þetta ákvæði vera merkingarlaust hjal, sem þjónar þeim tilgangi einum að skreyta ræður á sjómannadögum, en í raun séu nytjastofnarnir ævarandi eign núverandi handhafa kvótans og því sé óeðlilegt að kvótaeigendur greiði nokkuð til þjóðarinnar fyrir afnot af nytjastofnunum.

Kvótaeigendur urðu til sem stétt við upphaflega gjafaúthlutun kvótans á 9. áratug síðustu aldar, þegar almenningur á Íslandi var sviptur þeim rétti, sem hann hafði notið til a.m.k. 1100 ára, að gera út til fiskveiða, en sá réttur færður til þess fámenna hóps sem á örstuttu þriggja ára augnabliki í Íslandssögunni gerði út skip – sem og afkomenda þeirra.

Ákvæðið um sameign þjóðarinnar kom inn í lög um stjórn fiskveiða árið 1990. Síðan þá hefur a.m.k. helmingur flokka sem sæti hafa átt á Alþingi talið að ákvæðið þýddi það sem það segir, það er eign þjóðarinnar á fisknum og þar með réttarins til auðlindarentunnar. Þá hefur meirihluti svarenda í öllum skoðanakönnunum sem undirritaður man og snerta fiskveiðimál verið á sama máli, sem endurspeglaðist í afgerandi fylgi kjósenda við auðlindaákvæðið í kosningunum um stjórnarskrárdrögin.

### Hálfkák og pottasull

Á árunum 1991 til 2009 fór Sjálfstæðisflokkurinn með völdin í sjávarútvegsráðuneytinu og notaði þau völd í mismunandi samsteypustjórnum til þess að standa vörð um hagsmuni kvótaeigenda. En með þeirri óbilgjörnu hagsmunagæslu og virðingarleysi við lagabókstafinn missti flokkurinn líka frumkvæðið til þess að leiða sjávarútvegsmálin til farsælla lykta á grundvelli markaðslögmála.

Nú er við völd minnihlutastjórn Samfylkingar og VG. Samfylkingin hefur a.m.k. opinberlega verið boðberi markaðslausna í sjávarútvegi með svokallaðri fyrningarleið og síðar uppboðsleið. Slíkar gagnsæjar markaðslausnir virðast hins vegar vera eitur í beinum VG sem illu heilli hafa farið með sjávarútvegsmálin í þeirri stjórn. Því virðist fórnarkostnaðurinn við að þokast í átt að sanngjarnari úthlutun auðlindarentunnar hafa orðið óskiljanlegt hálfkák og pottasull, sem hefur tekið sorglega litlum framförum frá upphaflegu skemmdarverki Jóns Bjarnasonar á málstað þeirra sem telja nytjastofna vera sameign þjóðarinnar.

**→ Síðan þá hefur a.m.k. helmingur flokka sem sæti hafa átt á Alþingi talið að ákvæðið þýddi það sem það segir, það er eign þjóðarinnar á fisknum**

Þorsteinn Pálsson og Sjálfstæðisflokkurinn geta því ekki fríað sig ábyrgð á því hversu illa sé komið í sjávarútvegsmálum; þeir gerðu lausn Jóns Bjarnasonar með síðari breytingum að einu færu leiðinni til réttlætis. Vel útfærð og gagnsæ innheimta á auðlindarentu, byggð á markaðslausnum og í samræmi við mannréttindasáttmála Sameinuðu þjóðanna, er langskynsamlegasta tekjuöflunarúrræði ríkissjóðs og gæti greitt götu lækkunar almennra skatta á fólk og fyrirtæki í landinu.






# Í hvers konar þjóðfélagi erum við?

FJÁRMÁL



Halldór Gunnarsson
bóndi og fyrrverandi sóknarprestur í Holti, sem óskar eftir stuðningi í 1.-3. sæti í prófkjöri Sjálfstæðisflokksins 26. janúar

Þetta sagði ég í Silfri Egils 28. október sl. og sló í borðið. Við vorum að ræða skuldbreytt lán íbúðaeigenda, sem hafa hækkað um 450 milljarða frá hruni vegna verðtryggingarinnar. Verðtrygging var sett á með lögum og hana er sannarlega eins hægt að afnema með lögum. Á síðasta ári hækkuðu lánin um nálægt 60 milljarða og enn hækka þau. Gengistryggð lán hafa verið dæmd ólögleg, en fjármálastofnanir komist upp með að framfylgja ekki lögunum, en gefa þó von um lækkun lána um 34%. Hvenær? Munurinn í dag milli þeirra sem höfðu efni á að taka gengistryggt íbúðarlán að upphæð um 20 milljónir og þeirra sem höfðu ekki efni á því og tóku verðtryggt lán, er um 10 milljóna króna hærri skuld hins síðarnefnda, miðað við lok greiðslu á lánunum. Er svona mismunun á meðferð stökkbreyttra skulda boðleg í siðuðu þjóðfélagi?

### Verðtryggðu húsnæðislánin

Þau eru að hrifsa heimilin af einstaklingum, þannig að talið er í dag, að um 60% heimila séu í raun eignir fjármálastofnana. Fram hefur komið að neikvæð staða þeirra sem eru á aldrinum 22-42 ára sé mínus 82 milljarðar króna. Þetta er sá hópur, sem á að knýja hagkerfið áfram með eftirspurn sinni á næstu árum og um leið að útvega ríkinu skatttekjur til að sjá hinum eldri farborða. Heil kynslóð er í þessum sporum. Þessi kynslóð var skilin eftir, meðan þeir sem höfðu aðstöðu og upplýsingar í ársbyrjun 2008 fóru að koma fé sínu undan. Og allt frá hruni höfum við fylgst með afskriftum hjá stórum fyrirtækjum og einstaklingum með mikil umsvif, líklega um 500 milljarða. Fimm þúsund heimili eru í vanskilum hjá Íbúðalánasjóði að upphæð frá hruni um sjö og hálfur milljarður og líklega er sá sjóður gjaldþrota. Lögvarin framkvæmd fjármálastofnana er ekki spurning um að greiða verðtryggt lán sem var tekið, heldur að mínu mati ólögmæt eignaupptaka á heimilum og eignum. Er þetta þjóðfélagið sem við viljum búa í?

**→ Þeir eiga eignir upp á yfir 2.000 milljarða og eru með rekstrarkostnað á ári upp á fimm milljarða.**

### Stofnanirnar

Þær hafa þegar verið settar fram með ærnum kostnaði til að láta einstaklinga skrifa bónarbréf og fara aftur og aftur í viðtöl og standa í biðröðum í leit að úrlausnum.

Afskriftir fjármálastofnana hjá þeim „stóru“ stanslaust í tæp fjögur ár halda áfram á kostnað heimilanna, sem á að ganga að, meðan nokkuð er þar að hafa. Ekkert virðist breytast í þessari aðför. Heimilin eiga að borga nýjar skuldir með auknum álögum og úrræðaleysi, – Sparisjóðs Keflavíkur, Sjóvár, VBS, eignasafns Dróma og fleiri fyrirtækja að upphæð um 100 milljarða.

Já, þetta er þjóðfélagið.

### Lífeyrissjóðirnir

Þeir eiga eignir upp á yfir 2.000 milljarða og eru með rekstrarkostnað á ári upp á fimm milljarða. Þeir verða að koma að samningsborði um breytta meðhöndlun á þessum fjármunum. Þeir geta ekki spilað með sitt fjármagn eins og áður í kaupum hlutafjár í fyrirtækjum, í von um skjótfenginn gróða á markaði. Við þekkjum það úr Rannsóknarskýrslunni að fé lífeyrissjóðanna bar uppi allar bólurnar, enda var tap þeirra að núvirði um 500 milljarðar.

Fjárfesting lífeyrissjóðanna yrði aðeins leyfð með kaupum á skuldabréfum með ríkisábyrgð á vöxtum Seðlabankans og með erlendri fjárfestingu að leyfðu ákveðnu hámarki, t.d. 30% heildareignar. Innstreymi í lífeyrissjóðina er nú á ársgrundvelli um 117 milljarðar, en útgreiðsla um 67 milljarðar. Að tryggja 50 milljarða króna innkomu á þessu ári – ávöxtun – er ábyrgðarhluti, sérstaklega þar sem 12% lífeyrissjóðsgreiðslna eru lögfest og þar af leiðandi ekkert annað en viðbótarskattur á þá þjóð, sem greiðir hæstu skatta í Evrópu.

Já, í hvers konar þjóðfélagi erum við?

# Orð og efndir

INNANRÍKISMÁL



Ögmundur Jónasson
innanríkisráðherra

Skilja má á Stíg Helgasyni, blaðamanni á Fréttablaðinu, í skrifum á miðvikudag að honum finnist skjóta skökku við að ég ætli mér að taka málsferð hælisumsókna til skoðunar því nákvæmlega það hafi ég áður sagst vilja gera þegar ég setti á laggirnar starfshóp um málefni útlendinga utan EES í júlí 2011. En aldrei sé góð vísa of oft kveðin!

Það er reyndar alveg rétt að endurskoðun á verkferlum í stofnunum hins opinbera á að vera stöðug og sífellt endurtekin eins og góðar vísur. Það er hins vegar misskilningur hjá blaðamanni Fréttablaðsins að yfirlýsingar mínar frá því í júlí 2011 hafi ekki skilað árangri og verið orðin tóm. Fjarri lagi.

Á vinnsluborði Alþingis liggur nefnilega frumvarp með heildstæðri endurskoðun á málefnum útlendinga utan EES-svæðisins, meðal annars um skilyrði og verklag við komu fólks til landsins undir mismunandi formerkjum. Ný útlendingalöggjöf er bráðnauðsynleg því núverandi lög eru um margt óskýr og óaðgengileg auk þess að margt þarf að færa í réttlætisátt. Það er reynt að gera í nýju frumvarpi til útlendingalaga sem sumir fréttamenn á Fréttablaðinu hafa sýnt verðskuldaðan áhuga. Hins vegar blasir sú staðreynd við að fjöldi hælisleitenda hefur margfaldast frá því sem var á sama tíma í fyrra og málsmeðferðartími lengist. Verklagið þarfnast því skoðunar, núna.

**→ Ný útlendingalöggjöf er bráðnauðsynleg því núverandi lög eru um margt óskýr …**


ÖLL LJÓS 20%
ÚTSALA
VERÐ FRÁ 16.450
Áður 32.900
VALIN HÚSGÖGN Á LÆKKUÐU VERÐI
VERÐ FRÁ 32.925
Áður 65.900
FRIDAY SÓFI
149.900
TEPPI 20%
VASAR 50%
LAGERSALA
EINGÖNGU Á LAGER Á KORPUTORGI
GENGIÐ INN AÐ AFTAN
Blikastaðavegur
Korputorg bílastæði
Vesturlandsvegur
25.-26. JANÚAR
OPIÐ 12-18
the PIER
SMÁRATORGI 522 7860 • KORPUTORGI 522 7870 • GLERÁRTORGI 522 7880

# Af nýrri heimsmynd og úreltri hægri vinstri pólitík

SAMFÉLAG



**Hallur Hallsson**
höfundur skáldsögunnar Váfugl

Þegar koma á höggi á andstæðing er gjarnan sagt að viðkomandi sé umdeildur. Vinir mínir á Fréttablaðinu segja að William Tiller, prófessor við Standfordháskóla, sé hvorki meira né minna en „stórkostlega umdeildur". Tiller er prófessor emiritus í orkusálfræði. Hann hefur sagt að læknisfræði framtíðar verði reist á orkuflæði líkamans. „Future medicine will be based on controlling energy in the body." Tiller hefur skrifað um 250 fræðigreinar og nokkrar bækur. Við hann er kennd stofnun sem rannsakar samhengi orku og efnis. Þeir fara í manninn fremur en boltann til þess eins að koma höggi á mig. Fréttablaðið fer sumsé til rjúpu með fallbyssu, en það er önnur saga.

**Orka er undirstaða lífsins**

Ýmsir heimsfrægir vísindamenn hafa talað í svipuðum dúr og Tiller. Albert Szent-Gyorgyi Nóbelshafi 1937, Murray Gell-Mann Nóbelshafi 1969, Harold Burr, prófessor við Yale, sovéski vísindamaðurinn Semyon Kirlian, læknirinn Ben Johnson, líffræðingurinn Bruce Lipton, fleiri og fleiri.

Með $E=mc^2$ sagði Einstein að efni væri orka. A fylgir B líkt og dagur fylgir nótt. Kenning Einsteins var spádómur, forspá um það sem kemur. Hann opnaði dyr. Áhrifin eru hægt og hljótt að koma í ljós. Uppgötvun Einsteins árið 1905 um efni og orku hefur leitt vísindin á slóð orkunnar.

Árið 1996 gaf ég út heimspekirit sem Gunnar heitinn Dal þýddi. Lögmálin sjö um velgengni eftir Deepak Chopra sem stendur traustum fótum í nýrri heimsmynd. Gunnar Dal ritaði formála: „Efnið er skapað. Efnið kemur og fer. Tíminn er skapaður og hann líður undir lok. Hann kemur og fer. Rúmið hefur ekki merkingu án tíma og efnis. Allt er þetta skapað." Dyrnar sem Einstein opnaði staðfestist í skammtafræðinni, quantum physics. Efni er skapað úr orku, ljóseindum óháðum tíma og rúmi. Þetta eru mikil tíðindi, risavaxin.

Ef orka er grundvöllur lífsins þá hljótum við að leita til upprunans, ekki satt?

**Af orkubrautum og minni frumunnar**

Árið 1985 uppgötvaði bandaríski sálfræðingurinn Roger Callahan að neikvæðar tilfinningar stífli orkubrautir.

Í september 2004 skýrðu vísindamenn við University of Texas frá því að frumur hafi minni; geymi neikvæða og jákvæða lífsreynslu. Jákvæðar minningar séu undirstaða góðrar heilsu, neikvæðar minningar hafi áhrif á hegðan og leiði til sjúkdóma. „Vísindamenn leita skilnings á því hvernig frumur festa minningar í sessi og jafnvel hvort meðhöndla megi sjúkdóma með því að stilla tíðnisvið," sagði staðarblað í Dallas.

**Ný heimsmynd, nýr skilningur**

Mannkyn stendur í dyragætt og horfir inn í nýjan heim. Heimsmynd okkar er að breytast. Lífsorkan er grundvöllur lífsins. Allt er háð orku. Þessi nýja heimsmynd er hægt og hljótt að ryðja sér braut. „Hinar gömlu forsendur efnishyggjunnar eru fallnar," sagði vinur minn Gunnar Dal.

Bandarísk heilbrigðisyfirvöld rekja 90% allra sjúkdóma til streitu, Bruce Lipton segir 95% að lágmarki. Við fæðumst en neikvæð lífsreynsla truflar tíðnisvið og afvegaleiðir. Er krabbamein nokkurs konar „svarthol" sem smám saman stækkar og stækkar. Ef svarthol eru „þarna úti" af hverju ekki í mannslíkamanum?

Með nýrri heimsmynd kemur nýr skilningur. Hægri vinstri pólitík gengur úr sér enda reist á úreltri heimsmynd efnishyggju. Misrétti ræðst af neikvæðni sem í bernsku er hlaðið inn á „harða diskinn". Ef mannkyn á að eiga framtíð verður að rjúfa vítahring. Til þess að komast út úr öngstræti 20. aldar hugsunar verður mannkyn að brjóta af sér hlekki úreltrar efnishyggju. Hægri vinstri pólitík með óskilgreinda miðju hefur ýtt mannkyni fram á brún hengiflugs.

> **→ Þetta kann að vera fólki í heimi efnishyggjunnar torskilið og kannski þess vegna sem Fréttablaðið á svo erfitt með að ímynda sér Taggart á Íslandi til þess að rýna á veröld bullu sem er leiksoppur eigin neikvæðra tilfinninga og tekur samfélag og fjölskyldu í gíslingu**

**Með lífsorku á fund atómsins**

Á síðustu árum hefur mönnum lærst að virkja lífsorkuna með áhrifaríkari hætti en áður. Við förum inn í skammtaveröldina á fund atómsins, leiðréttum tíðni sem kann að hafa raskast; tíðni sem er orsök neikvæðra tilfinninga og sjúkdóma.

Framtíðin er mætt til leiks. Við förum til upphafsins. Hinn stórkostlegi bónus í þessu öllu saman er að lífsorkan er kærleikur, líkt og Kristur boðaði fyrir tvö þúsund árum.

Þetta kann að vera fólki í heimi efnishyggjunnar torskilið og kannski þess vegna sem Fréttablaðið á svo erfitt með að ímynda sér Taggart á Íslandi til þess að rýna á veröld bullu sem er leiksoppur eigin neikvæðra tilfinninga og tekur samfélag og fjölskyldu í gíslingu. Þetta skoða þeir í Skotlandi. Er ekki vert að gera slíkt hið sama á Íslandi?

Meira síðar.

## AF NETINU

### Meðsekir stjórnarliðar

Örlög stjórnarskrárinnar réðust, þegar stjórnarliðið ákvað að leyfa Alþingi að vera í fríi allan fyrri hluta janúar. Ákvörðunin var tekin, því að ekki var áhugi á að keyra málið áfram. Stjórnarliðið varð stjórnarandstöðunni samsek um að lýsa frati á þjóðaratkvæðið. Andstaðan ber þyngri ábyrgð, því að Sjálfstæðisflokkurinn hefur markvisst verið þversum gegn stjórnarskrá í heil fjögur ár. En stjórnarliðið er meðsekt. Eins og gerðist í þjóðaratkvæði. Tveir sjávarútvegsráðherrar klúðruðu því máli með ýmsum hliðarsporum, sem stefndu málinu í tímahrak. Fjórflokkurinn stinkar allur.

http://www.jonas.is

*Jónas Kristjánsson*

### Meiri fátækt á Íslandi en í Skandinavíu?

Ég hef hins vegar sagt og skrifað að skoða þurfi fátækt með margvíslegum mælingum til að fá heildstæða mynd. Almennt myndi ég ekki gera mjög mikið úr því að fátæktarvandamál séu meiri á Íslandi en á hinum Norðurlöndunum. Við erum ekki mjög langt frá þeim og fátækt Skandínava er ein sú alminnsta sem þekkist í heiminum, þegar allt er skoðað. Fátækir í hinum hagsælu Bandaríkjum Norður Ameríku eru t.d. með talsvert minni kaupmátt ráðstöfunartekna en norrænu þjóðirnar.

http://blog.pressan.is/stefano

*Stefán Ólafsson*




# Þríhnúkagígur: Opið bréf til Jóhönnu Sigurðardóttur

**NÁTTÚRU-VERND**



**Björn Guðmundsson**
framhaldsskólakennari

Forsætisráðherra,
Jóhanna Sigurðardóttir.
Þú hefur ekki enn svarað erindum mínum frá 9. og 23. sept. 2012. Síðara bréfið hljóðaði svo:

*„Ágæta Jóhanna*

*9. september sendi ég þér tölvupóst varðandi áform um aðgengi að Þríhnúkagíg. E.t.v. hefur hann farið fram hjá þér í öllu annríkinu, allavega hefur mér ekki borist svar.*

*Sama dag sendi ég Svandísi Svavarsdóttur póst um sama málefni. Hún svaraði mér strax og benti mér á að hafa samband við þig vegna þess að Þríhnúkagígur er innan þjóðlendu og því í þinni umsjá. Þetta vissi ég reyndar og hafði þess vegna þá þegar sent þér póstinn. Hafði líka nefnt þetta í grein í Fréttablaðinu 21/8, sem fjallaði um náttúruspjöll af völdum Þríhnúka ehf. við Þríhnúkagíg.*

*Þríhnúkagígur er innan lögsögu Kópavogs en er jafnframt innan fólkvangs og þjóðlendu. Svo virðist sem bæjarstjórn Kópavogs sé reiðubúin að afhenda einkafyrirtækinu Þríhnúkum ehf. náttúruperluna Þríhnúkagíg til að hafa að féþúfu. Mér er það með öllu óskiljanlegt að menn geti hreinlega afhent einkaaðilum náttúruperlur landsins og látið vinna tjón á þeim. Getur hver sem er fengið í sína umsjá náttúruperlu úr þjóðlendu, unnið á henni spjöll og selt svo ferðamönnum aðgang til að verða sjálfur ríkur?*

*Í þessu máli virðist þú, sem umsjáraðili þjóðlendna, vera síðasti öryggisventillinn til að vernda hagsmuni þjóðarinnar gegn óskiljanlegum ákvörðunum misviturra bæjarstjórnarmanna. Forsætisráðherra þarf að veita leyfi sitt fyrir fyrirhuguðum framkvæmdum í og við Þríhnúkagíg sem ég tel ekki vera neitt annað en stórkostleg landspjöll.*

*Ég fæ ekki betur séð en að þér beri skylda til að kynna þér málið og taka afstöðu.*

**➜ Þú vinnur að því að koma Íslandi í ESB og ættir því að ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar lög sem ættuð eru þaðan.**

*Sjálfur hyggst ég skrifa meira um málið í Fréttablaðið.*

*Ég veit að þú hefur margt á þinni könnu og að velferð þjóðarinnar er þér ofarlega í huga. Verndun Þríhnúkagígs og nágrennis hans snýst einmitt um velferð komandi kynslóða sem þarna eiga að geta notið útivistar á ósnortnu víðerni aðeins steinsnar frá höfuðborgarsvæðinu. Sem ósnortið víðerni er svæðið ómetanleg auðlind og hennar verður að gæta. Þú ert þar í lykilstöðu.*

*Ég óska eftir svari frá þér.*
*Með vinsamlegri kveðju,*
*Björn Guðmundsson*“

Þannig hljóðaði ítrekun mín.

### Truflandi þögn

Nýlega sendi Skipulagsstofnun frá sér álit um mat á umhverfisáhrifum vegna fyrirhugaðra framkvæmda við Þríhnúkagíg. Einstaklingar, félagasamtök og stofnanir sendu inn athugasemdir til Skipulagsstofnunar áður en hún framkvæmdi matið. Í álitinu er vakin athygli á að ekki hafi borist athugasemd frá forsætisráðuneytinu.

Í fyrra bréfi mínu stendur m.a. um þjóðlendur: „Er um að ræða landsvæði sem þjóðin fer með í heild sinni og eru sameiginleg auðlind þjóðarinnar sem forsætisráðherra hefur umsjá með … Kveða lögin á um að enginn megi hafa afnot þjóðlendu fyrir sjálfan sig, þar með talið að reisa þar mannvirki, gera jarðrask, nýta hlunnindi, vatns- og jarðhitaréttindi án leyfis. Til að nýta land og landsréttindi innan þjóðlendu þarf leyfi hlutaðeigandi sveitarstjórnar sem og forsætisráðuneytisins sé nýting heimiluð til lengri tíma en eins árs, sbr. 3. mgr. 3. gr. laganna.“

Þögn þín truflar mig af þremur ástæðum.



**ÞRÍHNÚKAGÍGUR** „Verndun Þríhnúkagígs og nágrennis hans snýst einmitt um velferð komandi kynslóða sem þarna eiga að geta notið útivistar á ósnortnu víðerni.“

Í fyrsta lagi geta það ekki talist góðir siðir að svara ekki málefnalegu og kurteislega orðuðu erindi. Þú ert fyrsti ráðherrann sem ekki svarar erindi frá mér.

Í öðru lagi gæti þögn þín hugsanlega stafað af því að þú hyggist afhenda náttúruperluna Þríhnúkagíg þegjandi og hljóðalaust í hendur manna sem ætla að vinna á henni óafturkræf náttúruspjöll og hafa þegar valdið landspjöllum þar og í nágrenninu.

Í þriðja lagi hef ég undir höndum leiðbeiningarit frá forsætisráðuneytinu um upplýsingalög í þágu almennings. Þar stendur:

„Lög um upplýsingarétt um umhverfismál frá árinu 2006 byggja á tilskipun Evrópusambandsins sem er innleidd í EES-samninginn.

Lögin veita rýmri aðgang að upplýsingum um umhverfismál en fólk gat fengið áður en þau voru sett. Þeim er ætlað að stuðla að sterkari vitund um málefni á umhverfissviði, frjálsum skoðanaskiptum og aukinni þátttöku almennings þegar verið er að móta ákvarðanir um umhverfismál“.

Í lögunum kemur fram að erindum sem varða umhverfismál sé skylt að svara innan 60 daga.

Þú vinnur að því að koma Íslandi í ESB og ættir því að ganga á undan með góðu fordæmi hvað varðar lög sem ættuð eru þaðan.

Það að þú skulir ekki hafa svarað erindi mínu getur ekki talist í anda upplýsingalaga svo ekki sé fastar að orði kveðið.

**Atvinnurekendur sem grípa tækifærið strax og ráða í ný störf úr hópi þeirra sem lengst hafa leitað að vinnu, fá 186.418 kr. mánaðarlegt mótframlag fyrstu sex mánuðina.**

**Þessi fjárhæð nemur grunnfjárhæð atvinnuleysisbóta að viðbættu 8% framlagi í lífeyrissjóð - en fer lækkandi eftir því sem líður á árið.**



**Nýtum tækifærið!**

**Verðum að liði, vinnum gegn atvinnuleysi.**

**Skráning og nánari upplýsingar á www.lidsstyrkur.is**

✝



Innilegar þakkir fyrir auðsýnda samúð og hlýhug við andlát og útför

**NJÁLS HARALDSSONAR.**

Sérstakar þakkir til þeirra sem önnuðust hann í veikindum hans. Kær kveðja til ykkar allra.

**Ingigerður Karlsdóttir**
**Tinna Rut Njálsdóttir**
**Þorvarður Jónsson**
**Haraldur Njálsson**
**Valgerður Jóhannsdóttir**
**Þórunn Njálsdóttir**
**Örn Hrafnkelsson**

✝



Ástkær eiginkona mín, móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐRÚN HARALDSDÓTTIR**
**Sóltúni 10, Reykjavík,**

sem lést á Landakotsspítala þann 20. janúar, verður jarðsungin frá Dómkirkjunni í Reykjavík mánudaginn 28. janúar kl. 13.00. Blóm og kransar vinsamlega afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hennar er bent á líknarstofnanir.

**Gunnlaugur Pálmi Steindórsson**
**Steindór Gunnlaugsson** | **Halldóra Lydía Þórðardóttir**
**Haraldur Páll Gunnlaugsson** | **Bolette Møller Christensen**
**Bryndís Dögg Steindórsdóttir** | **Haukur Eggertsson**
**Gunnlaugur Egill Steindórsson**
**Emilía Björk Hauksdóttir**

✝



Faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,

**HÉÐINN ÁGÚSTSSON**
**Skúlagötu 20, Reykjavík,**

lést á Líknardeild Landspítalans mánudaginn 21. janúar.

**Gylfi Ómar Héðinsson** | **Svava Árnadóttir**
**Hörður Héðinsson** | **Berglind Bendtsen**
**Rut Marsibil Héðinsdóttir** | **Þorkell Einarsson**
**Páll Vignir Héðinsson** | **Gunnhildur Kjartansdóttir**
**Ágúst Héðinsson** | **Baldvina Snælaugsdóttir**
**barnabörn og langafabörn.**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**ÞÓRUNN STEFÁNSDÓTTIR**
**Hamraborg 30,**

lést þriðjudaginn 22. janúar á hjúkrunarheimilinu Sunnuhlíð. Útförin fer fram frá Kópavogskirkju mánudaginn 28. janúar klukkan 15.00.

**Elísabet Haraldsdóttir** | **Guðmundur Hansson**
**Ragnheiður Haraldsdóttir**
**Valgerður Haraldsdóttir**
**barnabörn og barnabarnabarn.**

✝



Elskulegur eiginmaður minn, faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**ÞÓRIR BJÖRN JÓHANNSSON**
**Dalseli 6, Reykjavík,**

lést sunnudaginn 13. janúar á Landspítalanum við Hringbraut. Útförin fór fram í kyrrþey að ósk hins látna.

**Áslaug Guðnadóttir**
**Ásta Gunnarsdóttir** | **Stefán Gunnarsson**
**Guðni Sigurður Þórisson**
**Jenný Guðbjörg Hannesdóttir**
**Elvar Örn Þórisson** | **Unnur Björg Stefánsdóttir**
**Sigrún Anna Þórisdóttir**
**Guðjón Ýmir Lárusson**
**og barnabörn.**



ÚTFARARÞJÓNUSTA
Davíðs Ósvaldssonar ehf.
ÞEKKING–REYNSLA–ALÚÐ
24 tíma vakt
**Sími 551 3485**
Davíð H. Ósvaldsson S: 896 8284 • Óli Pétur Friðþjófsson S: 892 8947

# Sýna myndverk sín í Suðaustur-Asíu

Tíu nemendur í Laugarnesskóla eiga myndir á sýningu í höfuðborg Brunei sem er smáríki á eyjunni Borneó í Suðaustur-Asíu. Þeir eru einu Evrópubúarnir sem eiga þar verk.

Á myndlistarsýningu sem opnuð var síðasta laugardag í Brunei Art Gallery á eyjunni Borneó í Suðaustur-Asíu eru verk tíu barna úr Laugarnesskóla á aldrinum sjö til ellefu ára. Þar hanga verkin þeirra innan um myndir þekktra myndlistarmanna úr röðum ástralskra frumbyggja og barna og unglinga frá Afganistan, Ástralíu, Barein, Bandaríkjunum, Brúnei, Filippseyjum, Indónesíu, Írak, Kína, Kúveit, Malasíu, Mongólíu, Nýja-Sjálandi, Óman, Sameinuðu arabísku furstadæmunum, Suður-Afríku, Sýrlandi, Trínidad og Tóbagó, Túnis og Vestur-Sahara.

Þema sýningarinnar er „Í mínum heimi“ (In my world) og eru öll verkin unnin á handgerðan pappír frá frumbyggjasamfélagi í Ástralíu. Menningarmálaráðherra Brúnei opnaði sýninguna og sérlegur gestur var prófessor Marie Bashir, ríkisstjóri Nýja Suður-Wales í Ástralíu.

Áströlsku samtökin BOLO (Big Ones Little Ones) standa að sýningunni í samstarfi við fjölda aðila. Nafn samtakanna vísar til þess að hinir eldri aðstoða hina yngri í myndlist og sköpun. Markmiðið er að gefa börnum rödd, virkja þau og efla sjálfsmynd þeirra og einnig að tengja skóla, samfélög og ólíka menningarheima í gegnum myndlist og tjáningu. Lögð er áhersla á að ná til allra barna, ekki síst þeirra sem þurfa á stuðningi að halda.

BOLO er grasrótarverkefni sem hóf göngu sína í frumbyggjasamfélögum Ástralíu árið 2004. Stofnandi þess er Trish Amichi.

Fulltrúi BOLO hér á landi er Petrína Ásgeirsdóttir og það var hún sem kom á tengslunum við Laugarnesskóla. „Ég var í heimsókn í Ástralíu fyrir ári og kynntist Trish Amichi fyrir tilviljun. Hún spurði hvort ég vildi koma á samstarfi milli Íslands og BOLO og hefja það með því að fá íslensk börn til að senda myndir á sýninguna í Brúnei. Ég hafði strax samband við Laugarnesskóla, því það er minn gamli skóli, og þar var strax tekið vel í hugmyndina.“

Sólborg Gunnarsdóttir myndmenntakennari skólans segir þemað „Í mínum heimi“ hafa strax kveikt áhuga sinn. Valdir hefðu verið krakkar sem hefðu haft þörf fyrir að styrkja sig og hún ásamt Dagnýju Baldvinsdóttur og Vigni Ljósálfi Jónssyni kennurum í skólanum hefðu fús varið frítíma sínum í að gefa þeim tækifæri til að tjá sig á myndrænan hátt á alþjóðlegum vettvangi.

Að loknum morgunsöng í Laugarnesskóla í vikunni afhenti Petrína börnunum tíu viðurkenningarskjöl frá BOLO fyrir þátttöku sína. gun@frettabladid.is



**VIÐ AFHENDINGU VIÐURKENNINGA** Eydís Barke Ágústsdóttir, Halldór Egill Arnarsson, Boyd Cive Aynscomb Stephen, Dagný Baldvinsdóttir kennari, Mirra Bjarnadóttir, Petrína Ásgeirsdóttir, tengiliður BOLO á Íslandi, Ólafur Franklín Jónasson, Vignir Ljósálfur Jónsson kennari, Sunna Mist Helgadóttir, Jóhanna Lísa Björnsdóttir, Sólborg Gunnarsdóttir kennari, Daníel Rúnar Arnbjargarson, Orri Harðarson og Áróra Ísól Valsdóttir. FRÉTTABLAÐIÐ/GVA

✝



Okkar ástkæra,

**SIGRÍÐUR ÓLAFSDÓTTIR**
**Bræðraborgarstíg 7, Reykjavík,**

lést þann 22. janúar. Útförin fer fram frá Bústaðakirkju föstudaginn 1. febrúar kl. 11.00. Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Krabbameinsfélag Reykjavíkur.

**Guðmundur Guðmundsson**
**Kristján Gylfi Guðmundsson**
**Eyrún Guðmundsdóttir** | **Unnar Bragi Bragason**
**Brynhildur Guðmundsdóttir** | **Jón Valgeirsson**
**Borghildur Guðmundsdóttir** | **Kolbeinn Sveinbjörnsson**
**Kristrún, Lúkas, Tryggvi, Felix, Emil Bragi, Eva Karen, Guðmundur, Hildur, Sólveig.**

✝



Eiginmaður minn, faðir, tengdafaðir og afi,

**BIRGIR ÁGÚSTSSON**
**vélvirki, Hraunbæ 84,**

lést þriðjudaginn 22. janúar á Krabbameinsdeild Landspítalans við Hringbraut. Starfsfólk heimahjúkrunar Karitas og deildar 11E Landspítala er færðar bestu þakkir fyrir alúð og góða umönnun. Jarðarförin verður auglýst síðar.

**Edda Kjartansdóttir**
**Kjartan Birgisson** | **Guðrún Sæmundsdóttir**
**Ágúst Birgisson** | **Sigurður Rúnar Sigurðsson**
**Jóhanna Birgisdóttir** | **Björn Hörður Jóhannesson**
**Auður Edda Birgisdóttir**

✝



Okkar ástkæra,

**SNÆFRÍÐUR BALDVINSDÓTTIR**

lést laugardaginn 19. janúar sl., 44 ára að aldri. Við kveðjum hana við útför í Dómkirkjunni í Reykjavík, þriðjudaginn 29. janúar kl. 15.00.

**Marta Snæfríðardóttir Brancaccia**
**Gunnar Gylfason** | **Sigríður Diljá Gunnarsdóttir**
**Rakel Gróa Gunnarsdóttir**
**Oddný Þóra Gunnarsdóttir**
**Glúmur Baldvinsson** | **Melkorka Glúmsdóttir**
**Kolfinna Baldvinsdóttir** | **Starkaður Sigurðarson**
**Magdalena Björnsdóttir**
**Fitore Berisha**
**Jón Baldvin Hannibalsson** | **Bryndís Schram**

✝



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,

**GUÐNÝ SIGURBJÖRG THORDERSEN (NÍNA)**
**Hæðargötu 1, Njarðvík,**

sem lést á Heilbrigðisstofnun Suðurnesja þriðjudaginn 15. janúar verður jarðsungin frá Ytri-Njarðvíkurkirkju föstudaginn 25. janúar klukkan 14.00.

**Vigdís Thordersen** | **Magnús B. Hallbjörnsson**
**Stefán Thordersen** | **Sigurbjörg Björnsdóttir**
**Ólafur Thordersen** | **Brynja Vigdís Þorsteinsdóttir**
**og fjölskyldur.**

✝



Faðir okkar, tengdafaðir og afi,

**HENRIK VILHELM AUNIO ÁRNASON**
**Austurbrún 6,104 Reykjavík,**

lést á lungnadeild Landspítala Fossvogi þann 14. janúar sl. Útför hefur farið fram í kyrrþey.

**Anna Henriksdóttir** | **Vilhjálmur Ívar Sigurjónsson**
**Ardís Henriksdóttir** | **Ásgeir Ásgeirsson**
**Asta Henriksdóttir** | **Finnur Magnússon**
**og barnabörn.**

✝



Elskulegur bróðir okkar, frændi og vinur,

**HALLGRÍMUR SIGURÐSSON**

lést á Landspítala Fossvogi fimmtudaginn 18. janúar 2013. Jarðsett verður frá Grensáskirkju, föstudaginn 25. janúar klukkan 13.00. Blóm og kransar afþakkaðir en þeim sem vilja minnast hans er bent á Ás Styrktarfélag.

**Fyrir hönd aðstandenda,**
**Rannveig og María Sigurðardætur**

# FÓLK
KYNNINGARBLAÐ




## SVART OG HVÍTT

**Erlend tískublöð segja að svart og hvítt verði í hátísku með vorinu. Alls kyns rendur, hvort sem þær eru langsum eða þversum. Þessi svarthvíta tíska er áberandi hjá flestum tískuhönnuðum, hvort sem er í bolum, kjólum eða skyrtum. Þessi er frá Marc Jacobs.**


AÐHALDS- kjóll/ undirkjóll
Margir glæsilegir litir í stærðum S,M,L,XL
á kr. 6.550,-
Seamless Dress
Misty - fyrir allar konur
Laugavegi 178 - Sími: 551 3366
Þú mætir - við mælum og aðstoðum
www.misty.is
Opið frá 10-14 virka daga.
Vertu vinur




**EYESLAND** Helga Kristinsdóttir sjóntækjafræðingur ásamt Eddu Friðfinnsdóttur og Rannveigu Gísladóttur. Þær segja stöðugan straum fólks í verslunina þó hún sé á fimmtu hæð í Glæsibæ. MYND/ANTON


Eirberg
Rodalon sótthreinsun
• Gegn myglusveppi
• Eyðir lykt úr fatnaði
Opið kl. 9 -18 • laugardaga kl. 11 -16 • Stórhöfða 25 • 569 3100 • eirberg.is


# ALLIR EIGA GÓÐ GLERAUGU SKILIÐ

**EYESLAND KYNNIR** *Gleraugnaverslunin Eyesland í Glæsibæ býður yfir þúsund hágæða gleraugu fyrir allt að 70% lægra verð en annars staðar.*

Það eiga allir skilið að sjá vel," segir Helga Kristinsdóttir, sjóntækjafræðingur og einn eigenda gleraugnaverslunarinnar Eyesland, en hún opnaði verslunina fyrir tveimur og hálfu ári þegar henni ofbauð verðlag á gleraugum. „Gleraugu mega ekki vera munaðarvara fyrir fáa útvalda. Hjá Eyesland höfum við farið óhefðbundnar leiðir í vöruvali til að geta boðið gott verð en við leitum mikið til Bandaríkjanna og Asíu en erum einnig með vörur frá Evrópu.

Hjá okkur getur fólk jafnvel keypt sér þrenn gleraugu á verði einna og margir kaupa sér mörg gleraugu í einu fyrir ólík tækifæri, svo sem íþróttagleraugu, skíðagleraugu, sólgleraugu með styrk, hlaupa- eða gönguglerauгu. Þá eru margskipt gleraugu og skipt tölvugleraugu að sækja í sig veðrið en margir hafa fram að þessu ekki haft ráð á að fá sér margskipt gleraugu. Þau er hægt að fá á skikkanlegu verði hjá okkur. Fólk hefur þá skýra sjón á tölvuna en getur einnig lesið smátt. Við sérhæfum okkur einnig í linsum fyrir þá sem eru með mikla sjónskekkju eða erfiða sjón," útskýrir Helga og segir verslunina hafa fengið góðar móttökur. „Þó að við séum á fimmtu hæð í Glæsibæ er stöðugur straumur af fólki hjá okkur." Í Eyesland fást einnig sjónhjálpartæki fyrir sjónskerta og úrval fylgihluta fyrir gleraugu.

Verslunin er opin frá klukkan 8.30 til 17 alla virka daga. Sjá einnig vefverslun á www.eyesland.is og visir.is.



**NÝJUNG Í EYESLAND** Barna títan-gleraugu, íslensk hönnun frá Reykjavík eyes.


Meiri verðlækkun
Nú allar haustvörur og skór á
HÁLFVIRÐI
Einnig LAGERSALA í fullum gangi.
60% afsláttur af fatnaði og skóm!
Vertu vinur okkar á Facebook
hjá Hrafnhildi
• Engjateigur 5
• Sími 581 2141
• www.hjahrafnhildi.is
Opið virka daga frá kl. 10-18
laugardaga frá kl. 10-16

GÓÐUR SVEFN ER HEILSUBÓT
Útsala
20-70% afsláttur
Komdu og gerðu ævintýralega góð kaup!
12 mán. vaxtalausar greiðslur*
25% afsláttur af Wallhugger stillanlegum rúmum Ath. takmarkað magn
40% afsláttur af teppasettum frá Portúgal
Allt að 50% afsláttur af mjúkvöru, lökum, hlífðardýnum, sængurverasettum, sloppum, handklæðum og lömpum
70% afsláttur af öllum púfum
ÓTRÚLEGT VERÐ
Valhöll heilsudýna 80x200 cm með botni og fótum Verð nú aðeins kr. 54.900
Svefn & heilsa
Baldursnesi 6 - Akureyri
Listhúsið - Reykjavík
*3.5% lántökugjald
BOAS leðurhægindastólar nú frá kr. 79.900.-
www.svefn.is
Listhúsinu Laugardal - Sími 581 2233
Baldursnesi 6, Akureyri - Sími 461 1150
Opið virka daga kl. 10:00 - 18:00
Laugardaga 12:00 - 16:00

# LANGAMMA MEÐ TATTÚ

**GAMALL DRAUMUR** *Kolbrúnu Lilý Hálfdánardóttur hafði langað í húðflúr frá því hún var krakki. Hún lét það eftir sér þegar hún komst á eftirlaun.*

Ég var búin að heita sjálfri mér því að þegar ég væri orðin fullorðin og mætti vera að því að gera eitthvað fyrir sjálfa mig þá fengi ég mér tattú. Mig hafði langað til þess frá því ég sá sjómennina sem barn koma úr spennandi ferðalögum með tattú á handleggnum. Mér fannst það heillandi,“ segir Kolbrún Lilý Hálfdánardóttir, amma og langamma með meiru, en hún lét húðflúra rós aftan á öxlina á sér fyrir stuttu. Áður hafði hún látið flúra á sig fjórar svölur og orðin La vie est belle.

„Ég er ofboðslega ánægð með rósina, það er mikið flúr í henni og hún er í lit en hitt er einfaldara. En þetta sést nú ekki nema ég sé í ermalausu,“ segir Kolbrún og gantast með að kannski fái hún sér fleiri.

„Ég sagði nú við hann Sigga Palla húðflúrara, svona í gríni, að ég kæmi aftur þegar ég yrði 75 ára og þegar ég yrði áttræð. Kannski stend ég við það. Hann á svo flottan stól sem ég hef aldrei fengið að prófa svo ég þarf eiginlega að fá mér flúr á þannig stað að ég geti setið í stólnum.“

En af hverju dreif hún sig ekki fyrr? „Mér fannst ég aldrei mega vera að því. En nú þegar maður hefur meiri tíma er upplagt að gera svona hluti,“ segir Kolbrún spsok en milli þess sem hún lætur sig dreyma um fleiri húðflúr sinnir hún handavinnu, bútasaum og prjónaskap og er þegar farin að prjóna fyrir næstu jól.

En hvað finnst barnabörnunum um nýja húðflúrið? „Það trúði nú enginn að ég léti verða af þessu þegar ég orðaði þetta í haust,“ segir Kolbrún hlæjandi. „En þau verða bara að taka mér eins og ég er, það má ekki taka sig of alvarlega. Enda er þetta bara fyrir mig sjálfa.“



**TEKUR SIG EKKI OF ALVARLEGA** Barnabörnin trúðu því ekki að amma léti verða af því en Kolbrún Lilý Hálfdánardóttir dreif sig á húðflúrstofu og lét gamlan draum rætast.
MYND/PJETUR



## LAGERFELD KOM Á ÓVART

**JÁKVÆTT**
**Hinn 79 ára gamli Karl Lagerfeld endaði Chanel-hátískusýningu sína í París á þriðjudag með því að lýsa yfir stuðningi við hjónabönd samkynhneigðra. Tvær brúðir gengu í salinn hönd í hönd og telja sérfræðingar að með því hafi Lagerfeld komið skemmtilega á óvart. Með fyrirsætunum gekk fjögurra ára fyrirsæta, Hudson Kroenig, sem brúðarsveinn. Reyndar hefur Lagerfeld lýst því yfir að hann sé á móti brúðkaupum yfirleitt en á hátískusýningunni kvað við annan tón hjá meistaranum.**

**FÓLK** ER KYNNINGARBLAÐ sem býður auglýsendum að kynna vörur og þjónustu í formi viðtala og umfjallana ásamt hefðbundnum auglýsingum. Blaðið fylgir Fréttablaðinu daglega.
Útgefandi: **365 miðlar**
Ábyrgðarmaður: **Jón Laufdal**
Hönnun: **Silja Ástþórsdóttir**
Sölumenn:
**Jónína María Hafsteinsdóttir**
**jmh@365.is** s 512 5473
**Sverrir Birgir Sverrisson**
**sverrirbs@365.is,** s 512 5432
**Elsa Jensdóttir**
**elsaj@365.is** s. 512-5427

STÆKKUNAR-GLERSLAMPAR
Ármúla 18, 108 Reykjavík
Sími 511-3388
Opið mán-fös 9-18, lau 11-15
Amma mús handavinnuhús

ÚTSALA
MEIRI VERÐLÆKKUN
50-60% AFSLÁTTUR
TUZZI
KRINGLUNNI
SÍMI 5688777
Vertu vinur okkar á Facebook

Nýjar vörur
í hverri viku
Vor 2013
Belladonna á Facebook
belladonna
Skeifunni 8 • 108 Reykjavík • Sími: 517 6460 • www.belladonna.is

Allar útsöluvörur á 50% afslætti
MOMO
Laugavegi 42
Sími: 5521818
Vertu vinur
MOMO Konur

ÚTSALA HAFIN!
MARINA RINALDI
MaxMara
BASLER
Parísar TÍZKAN
Skipholti 29b • S. 551 0770

Hvít lök
100% Pima bómull
30% afsláttur
Bómullarlökin eru ofin úr okkar allra bestu bómullarblöndu sem mýkist með tímanum og er einstaklega slitsterk. Lökin eru núna með 30% afslætti fram að helgi.
Stærðir - 40x90, 60x120, 70x140, 90x200, 120x200 140x200, 160x200, 185x200, 200x200, 200x220
sendum frítt úr vefverslun
Lín DESIGN
Lín Design Laugavegi 176 Sími 533 2220 www.lindesign.is

X 97·7
ÚTVARPSÞÁTTURINN
SNORRI MEÐ ORRA
FRÁ HÁDEGI ALLA VIRKA DAGA

# KALDIR DAGAR

**NÝ PRJÓNABÓK** *Ólöf Engilbertsdóttir hefur sett saman 40 uppskriftir að munstruðum vettlingum og gefur nú út sína fyrstu prjónabók.*

Ég lærði að prjóna þegar ég var fimm ára og hef ekki lagt prjónana frá mér síðan," segir Ólöf Engilbertsdóttir prjónaáhugamanneskja. Á næstu dögum kemur út eftir hana munsturbókin Kaldir dagar. Í bókinni er að finna 40 uppskriftir að munstruðum vettlingum sem Ólöf setti saman.

„Ég hef oft búið til uppskriftir en þetta er í fyrsta sinn sem ég gef eitthvað út. Ég er ekki að finna upp hjólið en þetta eru þó mínar útfærslur og ég reiknaði út stærðir og annað sjálf. Þarna eru vettlingar fyrir alla fjölskylduna, allt frá eins árs og upp í stóra karlmannsvettlinga. Ég er að vona að ég fái hana úr prentun núna fyrir helgina," segir Ólöf.

„Mér finnst bara svo rosalega gaman að prjóna vettlinga," segir hún svo hlæjandi þegar hún er spurð af hverju bókin innihaldi eingöngu uppskriftir að vettlingum. „Ég á alveg efni í aðra bók. Ég lagði upp með að uppskriftirnar væru einfaldar og hentuðu öllum. Væru þá fljótleg verkefni fyrir þá sem vanir eru að prjóna og viðráðanleg fyrir þá sem eru að byrja. Ég fékk nokkra óvana til að prufukeyra uppskriftirnar fyrir mig og fékk ábendingar frá þeim. Allt í bókinni er úr kambgarni sem er mjúkt og þægilegt og stingur ekki eins og lopinn."

En hefur hún hugmynd um hversu mörg vettlingapör liggja eftir hana á ári og hvað gerir hún við alla þessa vettlinga?

„Ég prjónaði 58 pör af vettlingum í fyrra. Það var ívið meira en venjulega en ég held bókhald yfir allt sem ég prjóna. Jólapakkarnir frá mér eru oft mjúkir," segir Ólöf.

Nánar má forvitnast um Kalda daga á Facebook.



**SÍPRJÓNANDI** Ólöf Engilbertsdóttir er forfallin prjónaáhugamanneskja og hefur nú sett saman uppskriftir í bók.
MYND/ANTON



**EINFALDAR UPPSKRIFTIR** Ólöf setti saman munstur sem allir ættu að geta prjónað.
MYND/ÓLÖF ENGILBERTSDÓTTIR






BÓNDADAGUR



20% AFSLÁTTUR
af völdum herrahönskum

Tösku og hanskabúðin

Tösku og hanskabúðin · Skólavörðustíg 7 · 101 Reykjavík · Sími 551 5814 · www.th.is


# PIPPA GAGNRÝND

**VEKUR ATHYGLI** *Pippa Middleton, systir Katrínar, hertogaynjunnar af Cambridge, er harðlega gagnrýnd á netsíðu Daily Mail fyrir að þiggja ókeypis og auglýsa handtöskur frá fyrirtækinu Modalu.*

Pippa hefur birst á fjölmörgum myndum með handtösku frá fyrirtækinu í hinum ýmsu litum. Taskan hefur verið nefnd eftir henni og selst eins og heitar lummur í Bretlandi þrátt fyrir að kosta sem svarar 40 þúsund krónum. Fyrirtækið gaf Pippu upphaflega fjórar töskur í mismunandi litum og hefur sú markaðssetning sömuleiðis verið gagnrýnd.

Fyrirtækið er jafnframt gagnrýnt fyrir hátt verð á töskunum, enda eru starfsmenn á Indlandi með afar lág laun við framleiðsluna eða 17 pens á klukkustund. Aðbúnaður og umhverfi verksmiðjunnar er heldur ekki upp á marga fiska, eins og blaðið bendir á með myndum sem teknar voru á Indlandi en þar starfa nú um þrjú hundruð starfsmenn. Framleiðandinn þurfti að bæta við sig um hundrað nýjum starfsmönnum til að anna eftirspurninni eftir töskunum sem jókst við það að Pippa fór að ganga með þær. Pippa hefur aukið sölutekjur Modalu úr 10 þúsund pundum á mánuði í 500 þúsund.

Mike Hiscock, framkvæmdastjóri Modalu, sagði í viðtali fyrr í þessum mánuði að hann hefði aldrei séð aðra eins eftirspurn eftir einni tegund handtösku, eins og þeirri sem Pippa Middleton gengur með, í þau fimmtán ár sem hann hefur starfað hjá fyrirtækinu. „Þetta líkist einna helst sprengingu.“ Mike sagði jafnframt að það hefði ekki tekið nema einn dag frá því að Pippa birtist fyrst með handtöskuna þar til fyrirtækið varð vart aukinnar eftirspurnar bæði í tölvupósti og símtölum. Um leið hækkaði verðmæti fyrirtækisins til muna.

Pippa hefur mikil áhrif á tísku kvenna í Bretlandi. Hönnuður töskunnar, hin norska Marion Muhonen Nilsen, er að vonum ánægður með áhugann.



**UMDEILD PIPPA** Taskan kostar um 40 þúsund krónur en fullyrt er að það sé langt yfir eðlilegu verði þar sem taskan er framleidd á Indlandi þar sem laun eru afar lág.







**NOKKRAR ÚTFÆRSLUR** Pippa hefur áhrif á tískuheiminn og það hefur töskuframleiðandinn Modalu nýtt sér.


VÉLSTJÓRN




Hefur þú starfað við vélstjórn í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS

DAGSVERK.IS / IDAN0113







Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is


# VINSÆL TÍSKA Á FACEBOOK

Flest vinsælustu tískumerki heims eru löngu komin á Facebook þar sem þau kynna meðal annars vörur sínar og halda sambandi við fylgjendur sína með ýmsum hætti. Stylophane.com birti í janúar lista yfir vinsælustu Facebook-síðurnar úr tískuheiminum, sem byggður er á hversu mörg „like“ síðurnar fá. Annað árið í röð gnæfir bandaríski íþróttavöruframleiðandinn Converse yfir önnur fyrirtæki með rúmlega 34,5 milljónir fylgjenda. Efstu þrjú sætin eru óbreytt milli áranna 2012 og 2011. Victoria's Secret er í öðru sæti og Adidas í þriðja með um 21 og 18 milljónir fylgjenda. Litlar breytingar verða á tíu efstu sætunum utan þess að franska tískuhúsið Louis Vuitton stekkur úr 21. sæti í það níunda. Hástökkvarinn milli áranna er bandaríska fyrirtækið Vans með Facebook-síðuna Vans Europe. Hún stekkur úr 71. sæti í það sextánda en fylgjendum hennar hefur fjölgað um 1.249% milli ára. Vans er sjálft einu sæti neðar á listanum. Af öðrum vörumerkjum sem fara hratt upp listann má nefna gamalgrónu bandarísku merkin Macy's og Calvin Klein. Macy's er með rúmlega tíu milljónir fylgjenda í tólfta sæti og hoppar upp um 11 sæti milli ára. Calvin Klein er í 26. sæti og hoppar upp um 13 sæti milli ára með rúmlega sex milljónir fylgjenda.



GÓLFEFNI &HITAKERFI

Kynningarblað Gólfhiti, parket, dúkur, flísar, flotuð gólf, steinteppi, gæði, fagmennska, útsölur



Meðal verkefna sem Epoxy Flex hefur unnið að eru verkstæðisgólfin í húsnæði Marels í Garðabæ.



Epoxy Flex er með sérstaka grunna sem þola mikinn raka og henta vel fyrir fiskverkanir og matvælavinnslur. Hér má sjá húsnæði KG fiskverkunar á Rifi þar sem Epoxy Flex lagði gólfefnin.



Hér eru starfsmenn Epoxy Flex að vinna við gólf Fiskverkunar Sófaníasar Cesilssonar.



Stigi í Fiskverkun Sófaníasar Cesilssonar.

# Epoxy Flex – betri gæði fást ekki

**Epoxy Flex var stofnað af Sveini Árnasyni árið 2005. Þá ætlaði hann að minnka við sig og taka því aðeins rólegar. Fljótlega urðu símtölin þó ansi mörg þar sem óskað var eftir starfskröftum hans. Fyrr en varði var orðið jafn mikið að gera og áður og hann kominn á fullt við að leggja epoxýgólf um allt land.**

Sveinn Árnason, eigandi og stofnandi Epoxy Flex, svarar í símann. Í umhverfinu heyrist ómur radda starfsmanna sem vinna við að endurnýja epoxýgólf Rækjuvinnslunnar Dögunar á Sauðárkróki. „Við erum að endurnýja gólf hérna sem ég lagði fyrir tuttugu árum. Það er ágætis ending,“ segir Sveinn.

## Ætlaði að minnka við sig

Árið 2005 ætlaði Sveinn að minnka við sig, seldi þáverandi rekstur og stofnaði fyrirtækið Epoxy Flex. „Það gekk illa að minnka við sig. Síminn hætti ekki að hringja og ég var beðinn um að koma að leggja gólf út um allt land. Áður en ég vissi var ég því kominn á fullt aftur,“ segir Sveinn um tilurð Epoxy Flex sem staðsett er í Brekkutröð 3 í Hafnarfirði.

## Áratuga reynsla

Sveinn hefur unnið við lagningu epoxýgólfa í 35 ár og veit því sitthvað um þau málefni. „Ég hef verið lengi í þessu og er með fjóra fasta starfsmenn sem allir eru með um og yfir tíu ára reynslu.“ Í fyrirtækinu er því hátt í hundrað ára samanlögð reynsla starfsmanna við að leggja epoxýgólf. „Ef um stærri verkefni er að ræða þá er ég með fleiri reynslumikla starfsmenn sem geta stokkið til.“

## Sérhæfing í matvælavinnslum

Víða um land má finna húsnæði með gólfi sem Sveinn hefur komið nálægt. „Á þessum árum hef ég nánast komið við í hverju einasta plássi landsins og líklega margir sem vita hver ég er.“ Meðal viðskiptavina mætti helst nefna Marel, Vinnslustöðina í Vestmannaeyjum, Ísfélagið, KG Fiskverkun, Hraðfrystihús Hellissands, Valafell, Bylgjuna, Fiskmarkað Íslands ásamt fleirum. „Mín sérstaða hefur ávallt verið í kringum matvælaiðnað; fiskverkanir, kjötvinnslur og þess háttar. Ég er með sérstaka grunna sem þola mikinn raka og henta slíkum aðstæðum einstaklega vel.“

## Gæðaefni frá Hollandi

Efnin sem Epoxy Flex notar eru gæðaefni frá Hollandi. „Ég flyt allt inn sjálfur frá fyrirtæki í Hollandi sem var stofnað 1932 og hefur sérhæft sig í epoxýefnum. Ég er búinn að prófa mörg mismunandi efni í gegnum árin og þetta er það albesta. Hef aldrei lent í neinu veseni; litur aldrei gulnað, engar loftbólur eða neitt þess háttar. Þau eru aðeins dýrari en það margborgar sig því betri gæði fást ekki. Út í epoxýefnin er vanalega blandað kvarsi sem eykur slitþol yfirborðsins gríðarlega og þar með endinguna.“

## Umhverfisvæn efni

„Efnin sem ég nota eru lyktarlaus og án leysiefna. Ef ég hendi eldspýtu ofan í epoxyefni þá slokknar bara á henni.“ Þannig þarf ekki að stöðva vinnslu í matvinnslufyrirtækjum út af hættu á að matvæli mengist eða starfsfólk veikist.

## Steinteppi sem endast út ævina

Undanfarin ár hafa svokölluð steinteppi notið mikilla vinsælda og lætur Sveinn vel af þeim. „Við höfum lagt mörg slík gólf. Þau hafa verið vinsæl í skrifstofurýmum, verslunarhúsnæði, stigagöngum og líka bara í heimahúsum. Þegar steinteppi eru lögð er epoxýefnum hrært saman við steinsalla úr kvarsi í stórri hrærivél. Sallanum er svo dreift á gólf þar sem hann svo harðnar. Ég lakka oftast yfir hann daginn eftir en það eykur gljáann og auðveldar þrif.“ Steinteppi eru úr kvarsi og því nánast ómögulegt að slíta þeim út, þar að auki eru þau hljóðdempandi. „Yfirborð steinteppa er gljúpt og dregur því úr endurkasti hljóðs sem kemur sér vel á mörgum stöðum.“ Þau fást í átta mismunandi grófleikum og mörgum litum.

## Fagmennska er lykilatriði

Epoxy Flex er mjög vel tækjum búið og allar vélar eru nýlegar. „Við byrjum á að demantsslípa gólf og veggi. Gólfin hreinsum við alltaf alveg niður í stein til að tryggja bestu gæði. Öll tækin eru búin ryksugu svo ekkert ryk fer út í andrúmsloftið. Þetta er því afar snyrtilegt hjá okkur og við leggjum mikið upp úr því að undirbúningur jafnt sem öll vinna sé framúrskarandi.“

Allar nánari upplýsingar, myndir af verkefnum og fleira er að finna á heimasíðunni www.epoxyflex.is.

# Rífandi gólfefnaútsala í Álfaborg

Í Álfaborg fást öll gólfefni á einum stað. Þar er nú hægt að gera verulega góð kaup með afslætti allt að 70 prósentum.

Gólfefnaútsalan í Álfaborg hófst í vikunni og þar er nú hægt að gera rífandi góð kaup. „Álfaborg er alhliða gólfefnaverslun en kjörorð okkar í dag er allt á gólfið á einum stað. Við sérhæfðum okkur upphaflega í flísum en bjóðum nú upp á flísar, parket, teppi og dúka í úrvali og erum eina gólfefnaverslunin sem býður upp á öll þessi gólfefni á einum stað,“ segir Kolbeinn Smári Össurarson, einn eigenda verslunarinnar.

Á útsölunni eru þúsundir fermetra af flísum á niðursettu verði og afslætti allt að 70 prósentum. „Við eigum stóran lager af flísum svo hér er eitthvað fyrir alla. Þá erum við með fasta afslætti af teppum og dúkum og í parketinu erum við að selja afganga fyrir lítið auk þess sem við erum með tilboð á nær öllum gerðum.“

En hvaða gólfefni eru vinsælust í dag og eru einhverjir tískustraumar ríkjandi? „Varðandi flísarnar þá hefur viðarútlitið verið að sækja á. Spraututækni, líkt og í prent- og tölvuiðnaðinum er nú notuð við flísaframleiðslu og eykur margbreytileika og gerir þær ferskari í útliti. Framboð á málteknum flísum hefur aukist og verðmunur minnkað, þar af leiðandi hærra hlutfall af sölu. Hnífjafnar í stærð, fúgur grannar og þráðbeinar. Þá er plastparketið alltaf að líkjast meir náttúruefnum og um leið vinsælla. Það er sömuleiðis slitsterkur, ódýr kostur og markaðurinn kallar eftir því.“

Þrátt fyrir að Álfaborg bjóði mikið af vörum á góðu verði leggur Kolbeinn áherslu á að um sérverslun sé að ræða og eru gæðin í fyrirrúmi. „Fólk getur treyst því að það sé að fá góða vöru hjá okkur og við höfum langa reynslu af því að fullnægja kröfuhörðum íslenskum neytendum.“

Í versluninni starfar fólk með áratuga reynslu sem veitir ráð við val og niðurlögn á gólfefnum. „Við seljum ekki vinnu við niðurlögn en bendum á fagmenn sem við höfum góða reynslu af. Þegar kemur að stærri verkefnum eins og teppa- og dúkalögn í fjölbýlishúsum eða hjá fyrirtækjum erum við þó að veita heildarlausnir þar sem niðurlögn fylgir,“ upplýsir Kolbeinn.

Hann hvetur fólk til að líta við í versluninni að Skútuvogi 6 á meðan útsalan stendur yfir en hún verður út næstu viku. Auk gólfefna er þar að finna allt fyrir baðherbergið; bæði flísar og hreinlætistæki sem og þakrennur og verkfæri. Sjá nánar á www.alfaborg.is.



Á útsölunni eru þúsundir fermetra af flísum á niðursettu verði og afslætti allt að 70 prósentum. MYND/ANTON

> Við eigum stóran lager af flísum svo hér er eitthvað fyrir alla. Þá erum við með fasta afslætti af teppum og dúkum og í parketinu erum við að selja afganga fyrir lítið.


Gæðin eru í fyrirrúmi hjá Álfaborg.


„Fólk getur treyst því að það sé að fá góða vöru hjá okkur og við höfum langa reynslu af því að fullnægja kröfuhörðum íslenskum neytendum,“ segir Kolbeinn Smári Össurarson, einn eigenda Álfaborgar.

Útgefandi: 365 miðlar ehf., Skaftahlíð 24, s. 512 5000 | Umsjónarmenn auglýsinga: Benedikt Freyr Jónsson benediktj@365.is s. 512 5411 | Ábyrgðarmaður: Jón Laufdal.



# Ný verslun sem byggir á áratuga reynslu

**Gallerý Gólf býður upp á gott úrval af flísum og parketi. Verslunin leggur metnað í að veita persónulega og faglega þjónustu en starfsmenn verslunarinnar eru með áratuga reynslu á þessu sviði. Þessa dagana stendur yfir útsala í versluninni og því hægt að gera góð kaup, enda margar vörur á mjög góðu verði.**

Verslunin Gallerý Gólf býður upp á gott úrval af gæðaflísum og parketi í bland við persónulega og faglega þjónustu. Verslunin flutti starfsemi sína síðasta haust í bjart og rúmgott verslunarrými í Mörkinni 1 í Reykjavík. Sigurður Vilhelmsson, eigandi verslunarinnar, segir Gallerý Gólf selja gott úrval af parketi frá hollenska fyrirtækinu Timber Top og ítalskar gæðaflísar frá Serenissima. „Þegar kemur að parketi seljum við mest af plankaparketi og antík plankaparketi. Það kemur í ólíkum stærðum og breiddum, olíuborið eða mattlakkað. Við bjóðum einnig upp á þriggja stafa hefðbundið parket. Ýmsir litir eru í boði enda óskir viðskiptavina okkar afar mismunandi. Allt parket frá Timber Top er með 25 ára ábyrgð.“

Sigurður segir vinsældir parkettegunda sveiflast milli ára eins og margt annað. „Núna er hvíttað efni mjög vinsælt og antík plankarnir líka enda virkilega fallegt efni. Svo má auðvitað nefna það nýjasta hjá okkur en það eru flísar með útlit plankaparkets. Flísarnar eru svo líkar parketi að erfitt er að sjá hvort þetta eru flísar eða parket. Þessar skemmtilegu flísar koma frá Serenissima, eins og aðrar flísar frá okkur, allt gegnheilar flísar sem má bæði nota á gólf og veggi og raunar úti líka enda eru þær frostþolnar. Þessar flísar eru sérstaklega vinsælar í t.d. verslunarrýmum þar sem álagið er mikið en reynt er að skapa hlýlegt umhverfi.“


Reynslumiklir starfsmenn verslunarinnar aðstoða viðskiptavini við val á flísum og parketi. MYNDIR/GVA

## Einungis gæðavörur í boði

Sigurður segir bæði parket og flísar hafa leyst teppið að mestu leyti af hólmi undanfarna tvo áratugi þótt enn finnist þeir sem kjósa teppin. „Það eru sérstaklega flísarnar sem hafa náð mikilli útbreiðslu undanfarin ár. Fyrir nokkrum árum síðan var parketið miklu algengara, en í dag seljum við jafnmikið af flísum og parketi. Margir hafa auðvitað bæði flísar og parket enda fer það vel saman. Svartar og ljósar flísar hafa verið á undanhaldi síðustu árin og jarðlitirnir hafa komið sterkari inn í staðinn.“

Það skiptir miklu máli að sögn Sigurðar að velja gólfefni frá góðum framleiðanda enda sé gólfefnum yfirleitt ætlað að endast í langan tíma. „Smekkur fólks er mismunandi sem betur fer. Sumir eru hrifnari af parketi en flísar henta öðrum. Við hjá Gallerý Gólf seljum einungis gæðavörur, hvort sem um er að ræða flísar eða parket.“

## Reynslumikið starfsfólk

Verslunin Gallerý Gólf verður þriggja ára í sumar en það eru þó engir nýgræðingar sem standa að henni. Sigurður hefur sjálfur selt gólfefni í 40 ár og eru aðrir starfsmenn verslunarinnar einnig reynslumiklir á því sviði. „Við einsetjum okkur að veita faglega ráðgjöf og persónulega þjónustu þar sem komið er til móts við þarfir hvers viðskiptavinar.“

> **Við hjá Gallerý gólf seljum einungis gæðavörur, hvort sem um er að ræða flísar eða parket.**

Nú er útsala í versluninni og mun hún standa yfir fram í febrúar. „Það er búið að vera mikið að gera undanfarnar vikur enda góður afsláttur í boði. Við erum með fjölbreytt úrval af fallegu gólfefni svo allir ættu að finna eitthvað við sitt hæfi.“ Nánari upplýsingar má finna á www.gallerygolf.is.


Gallerý Gólf býður upp á gott úrval af gæðaflísum og parketi í bland við persónulega og faglega þjónustu að sögn Sigurðar Vilhelmssonar, eiganda verslunarinnar.















# Kopar og belti á gólfum

Þó flest gólfefni séu hefðbundin eru ýmsir sem hugsa út fyrir kassann og gæða gólfin hjá sér lífi með sérstæðri hönnun. Útkoman er oft æði skrautleg og í öllu falli afar skemmtileg. Bloggsíðan www.oddee.com tók saman dæmi um nokkur óvenjuleg gólfefni og má sjá nokkur þeirra hér á síðunni.

**1** Dimension kallar hönnuðurinn Alistair Bramley þessa gólfhönnun sína. Mynstrin mótaði Bramley út frá því hvernig fólk hreyfir sig innan rýmisins en húsgögn eru felld inn í hönnunina.

**2** Þetta teppi í tölvuleikjaverslun í París er skreytt sjónhverfingu. Það er sem gólfið sé nokkurs konar hringiða. Líklega hafa sumir viðskiptavinir átt erfitt með að fóta sig á gólfinu.

**3** Club Watt í Rotterdam hefur verið kallaður fyrsti sjálfbæri dansklúbburinn. Þar er stefnt að því að minnka rusl um fimmtíu prósent og nota þrjátíu prósentum minni orku en aðrir álíka klúbbar. Ein af leiðum til sjálfbærni er dansgólf staðarins. Þegar fólk dansar á gólfinu framleiðir það orku. Auk þess breytist lýsing gólfsins eftir því hvernig fólk dansar. Þil dansgólfsins eru búin til úr endurunnu efni.

**4** Gömul leðurbelti ganga í endurnýjun lífdaga hjá fyrirtækinu TING sem lætur búa til gólfefni úr þeim. Hægt er að kaupa beltin í fermetrum en þess ber að geta að verðið er nokkuð hátt.

**5** Á alþjóðaflugvellinum í Sacramento í Bandaríkjunum er að finna þetta sérstæða teppi. Það er hannað af listamanninum Seyed Alavi og sýnir loftmynd af Sacramento-ánni þar sem hún rennur 80 kílómetra leið milli bæjanna Colusa og Chico. Myndin er 5,5 sinnum 46 metrar að stærð og er ofin og lituð í teppið sem tengir bílastæðið við Flugstöð A.

**6** Á veitingastaðnum Standard Grill á Standard-hótelinu í New York er að finna gólf sem er alsett smápeningum, nánar tiltekið koparpenníum. Hönnuðirnir Robin Standefer og Stephen Alesch eiga heiðurinn að hönnuninni.









# Mikið úrval gólfhitalausna hjá Tengi

Tengi hefur í rúman áratug selt hágæða gólfhitalausnir, til dæmis frá þýska framleiðandanum Uponor. Gólfhitalausnirnar eru sérstaklega hentugar fyrir íslenskar aðstæður. Tengi rekur tvær verslanir, að Smiðjuvegi 76, Kópavogi og að Baldursnesi 6, Akureyri.

Gólfhitalausnirnar frá okkur hafa verið mjög vinsælar undanfarin ár og bjóðum við upp á þrjár tegundir lausna," segir Halldór F. Halldórsson, sölustjóri lagnadeildar Tengis. „Í fyrsta lagi erum við með kerfi sem hefur 30 mm einangrun sem sett er sem undirlag. Rörin eru síðan heftuð þar ofan á. Í öðru lagi bjóðum við upp á varmaleiðnidúk sem er einungis 4 mm og hefur minna einangrunargildi en 30 mm lausn okkar. Rörin fara einnig ofan á hann og þau eru boruð niður með spennum. Í þriðja lagi bjóðum við upp á lausn frá Uponor sem er þunnlagnakerfi sem hefur 15 mm heildarþykkt, en þau kerfi eru gríðarlega vinsæl hjá okkur," upplýsir Halldór. Hann segir síðasttöldu lausnina vera sérstaklega vinsæla þegar kemur að endurnýjun eldri húsa. „Í slíkum húsum er oft vandi með gólfhæðina og ekki hægt að koma fyrir neinni einangrun. Því er notaður takkadúkur sem er límdur við grunnað gólf. Ofan í hann koma svo rörin sem eru 9,9 mm í þvermál og að lokum er flotað yfir. Þessi lausn hefur gefist sérstaklega vel."

## Ólíkar stýringar

Gólfhitalausnir Tengis innihalda ýmist þráðlausar eða víraðar stýringar. Þráðlausa stýringin er dýrari lausn að sögn Halldórs en býður á móti upp á mun fleiri möguleika en sú víraða. „Stjórnbúnaðurinn er með þráðlausa hitanema og einnig með upplýsingaskjá sem er tengdur við móðurstöð. Af skjánum má fá upplýsingar um hvern og einn hitastilli sem gefur notandanum tækifæri til að stilla hámarks- og lágmarkshita. Þetta er til dæmis sérstaklega hentugt í herbergjum þar sem hætta er á að fiktað sé í stillinum. Þá er hægt að læsa honum á ákveðnu hitastigi," segir Halldór. Hann bendir á hægt sé að breyta stillingum til dæmis ef íbúðareigandi fer í frí. Þannig sé hægt að stilla inn hvenær farið er út úr húsi og hver hitinn eigi að vera á meðan enginn er heima. „Þannig stýrir kerfið hitastiginu á meðan íbúar eru fjarverandi og keyrir sig upp áður en þeir koma heim til sín aftur."

## Undirlagið skiptir miklu máli

Það sem helst þarf að hafa í huga þegar gólfhitalausnir eru keyptar að sögn Halldórs er að gólfhitinn sé í yfirborði gólfflatarins og með tilheyrandi undirlagi, sem sé einangrun og varmaleiðandi dúk. „Það er dýrara að gera þetta svona og þess vegna velja menn stundum að binda rörin beint í járnagrindina áður en steypt er. Sú lausn er þó slæmur kostur, að okkar mati, því svörunin verður mjög hæg, auk þess sem það stangast á við ákvæði 189.4 í byggingarreglugerð nr. 441/1998," segir hann. „Það slæma við þennan kost er að ef húseigandi hækkar hitastigið á hitanema um nokkrar gráður getur hann þurft að bíða í margar klukkustundir eftir svörun. Auk þess sem varmatap verður talsvert mikið og þar af leiðandi dýrara að kynda. Því er mikilvægt að velja lausn sem hentar best hverju sinni og þar skiptir undirlagið mjög miklu máli," segir hann og bendir á að fólk þurfi að hafa í huga að viðbótarkostnaðurinn sé í raun ekki mikill á móti þeim þægindum sem það fái í staðinn.

## Þjónusta í fyrirrúmi

Starfsmenn Tengis hafa áralanga reynslu við ráðgjöf og sölu gólfhitalausna. Þeir leggja sig fram um að veita viðskiptavinum frábæra þjónustu enda er aðalsmerki Tengis gæði, þjónusta og ábyrgð. „Við bjóðum einnig upp á sérþjónustu fyrir fagmenn sem felst meðal annars í því að faglærðir starfsmenn taka á móti þeim í sýningarsal lagnadeildar Tengis.

Þá erum við einnig með sérstakan þjónustumann sem fer á staðinn til að leysa úr málum ef á þarf að halda og leggjum mikla áherslu á varahluta- og viðgerðarþjónustu," segir Halldór.

Allar nánari upplýsingar um gólfhitalausnir Tengis veita starfsmenn lagnadeildar.



Gólfhitalausnir Tengis hafa verið afar vinsælar síðustu ár að sögn Halldórs Fannars Halldórssonar, sölustjóra lagnadeildar Tengis. MYND/GVA



Starfsmenn Tengis hafa áralanga reynslu við ráðgjöf og sölu gólfhitalausna.



Hefðbundin uppbygging á gólfhitakerfi.




Minitec gólfhitakerfi, hentar vel þegar verið er að breyta húsum.



Þráðlausar gólfhitastýringar frá UPONOR.

TENGI

# Hvað veist þú um gólfhitakerfi?

Upp úr aldamótunum urðu gólfhitakerfi hvað vinsælust í íbúðarhúsum. Í dag er svo komið að yfirgnæfandi meirihluti nýs íbúðarhúsnæðis er búinn gólfhitakerfi. Jón Guðmundsson hjá Mannvirkjastofnun veit sitthvað um slík kerfi.

Jón Guðmundsson, fagstjóri byggingarsviðs Mannvirkjastofnunar, veit ýmislegt um gólfhitakerfi sem smátt og smátt virðast vera að ryðja gömlu ofnakerfunum úr vegi. „Það er ekki til nein tölfræði að mér vitandi um algengi gólfhitakerfa. Í kringum 2003, þegar ég starfaði á hönnunarmarkaðnum, varð gríðarleg sprenging í gólfhitakerfum og fljótlega urðu ofnakerfi nánast undantekning í nýbyggingum. Það var þá helst í blokkum en einbýlishús voru flest með gólfhita," segir Jón.


Jón Guðmundsson, fagstjóri byggingarsviðs hjá Mannvirkjastofnun, segir gólfhitakerfi henta öllum rýmum en þau séu þó bundin vissum takmörkunum. MYND/GVA

## Saga gólfhitakerfa á Íslandi

Sögu gólfhitakerfa má rekja mörg þúsund ár aftur í tímann í mismunandi útgáfum víðs vegar um heim. Hér á landi bjó fólk í torfbæjum og á neðri hæðinni var oft fjós og dýr notuð til að hita upp gólfið á efri hæðinni. Nokkurs konar lífrænn gólfhiti. „Nútímagólfhitakerfi á Íslandi voru fyrst vinsæl fyrir um 40 til 50 árum. Þá voru notuð málmrör sem steypt voru í miðja plötu, annaðhvort í gólf eða loft." Þessi tækni náði ákveðnu hámarki en svo var hætt að nota hana einhverra hluta vegna. „Það var svo ekki fyrr en plastbyltingin varð í röralögnum upp úr aldamótum að gólfhitakerfin urðu vinsæl á ný."

## Takmörk gólfhitakerfis

Gólfhitakerfi henta öllum rýmum en eru þó bundin vissum takmörkunum. „Takmörkin eru fyrst og fremst þau að hitastig gólfsins má ekki fara upp fyrir 29 gráður en það getur skapað vandamál við vissar aðstæður. Til dæmis ef það eru stórir gluggar í rýmum sem kæla mikið. Þá þarf jafnvel að vera með ofna undir gluggunum til að mynda skjöld fyrir kuldanum sem kemur frá glugganum."

## Lengri viðbragðstími

„Almennt séð eru gólfhitakerfi með lengri viðbragðstíma en til dæmis ofnakerfi. Þetta er þó misjafnt milli kerfa og margt sem hefur áhrif eins og undirlag og massinn sem er yfir lögnunum. Til að stytta viðbragðstímann er til dæmis hægt að setja upp veðurstöð utandyra. Hún virkar þannig að þegar kólnar úti bregst kerfið við og skýtur heitu vatni inn á lagnirnar áður en það kólnar innandyra."

## Gólfefni skipta máli

Gólfefni skipta máli upp á leiðni og einangrun. „Þegar teppi eða parket eru sett á gólf með hitakerfi í er í raun verið að einangra gólfið og þar með ofninn í húsinu." Slíkt hefur að sjálfsögðu áhrif á almenna virkni kerfisins, viðbragðstíma og fleira. „Steinflísar eru því mun ákjósanlegri fyrir slík gólf enda finnur fólk vanalega fyrir hitanum þegar það labbar á flísalögðu gólfi en ekki á parketi." Fólki fer vanalega að líða illa ef gólf verða of heit og því eru takmörk á því hversu mikinn hita má hafa á gólfum.

## Parket er lifandi efni

Ef loftið er þurrt og hitinn mikill geta hæglega myndast sprungur í parketi þegar notuð eru gólfhitakerfi. „Parket er lifandi efni og í flestum tilfellum gefið upp fyrir 27-28 gráður en getur samt vel farið að springa. Þetta ræðst fyrst og fremst af rakastigi í rýminu. Þess vegna er parket oft látið standa í nokkurn tíma í rýminu sem á að leggja það á, áður en það er lagt niður."

## Ending, leki og viðhald

Það getur verið mikið mál og rask að gera við gólflagnir eins og gefur að skilja. „Lagnirnar eru oftast með heilum plaströrum og því engin samskeyti eða tengi á þeim undir gólffletinum en það eru helst þau sem fara að leka. Því eru ekki mikil líkindi á bilun eða leka. Flest röra á Íslandsmarkaði koma frá Svíþjóð og Þýskalandi og eru gefin út fyrir að hafa 50-60 ára endingartíma miðað við ákveðið hitastig. Það á þó eftir að koma í ljós hvort það standist, enda ekki komin nema um 20-30 ára reynsla á þau."

## Fagmennska besta heilræðið

Hér á landi segir Jón að alla jafna sé fagmennska í fyrirrúmi og ekki mikið um vandamál. „Ég ráðlegg fólki bara að gæta að því að nota aðeins viðurkennd efni og leita til reyndra hönnuða og pípulagningamanna." Þannig aukast líkurnar á að vel sé að verkinu staðið.







# Steinteppi og epoxý-kvartsgólf á allt frá bílskúrum til matvælaiðnaðar

Gólflagnafyrirtækið S.S. Gólf ehf. býður fjölliðunargólfefni sem eru iðnaðargólfefni af ýmsum toga. Fyrirtækið flutti nýlega í Miðhraun í Garðabæ.

Efnin henta vel við aðstæður þar sem mikið mæðir á, efnaþol þarf að vera hátt og hreinlæti mikið en gólfefnin eru samskeyta- og fúgulaus og henta því sérstaklega vel hjá fyrirtækjum í matvælaframleiðslu, á bílskúra, þvottahús, mötuneyti, vöruhús og iðnaðarhúsnæði.

Oftast er lagður húlkíll, um það bil 10 cm kverkalisti, og eins er hægt að leggja upp á veggi sem auðveldar þrif.

Helstu vörumerki fyrirtækisins eru 4.000 gólfefni, kvartsgólf sem henta vel við flestar aðstæður og steinteppi sem eru heppileg á sýningarsali, verslanir, skrifstofur og aðra staði sem þurfa slitsterk og falleg gólfefni.

Steinteppi veita mikla möguleika í hönnun, þeim má litaskipta og til dæmis koma fyrir vörumerkjum í miðju gólfi. Mikið úrval er af steinteppum en vinsælustu steinteppin eru unnin úr grjóti úr fjörunni í Vík í Mýrdal.

Fleiri efni eru á boðstólum auk flotunar, slípunar og lökkunar á gólfum.

Starfsmenn fyrirtækisins hafa yfir 25 ára reynslu í lögn epoxýgólfefna hérlendis en einnig hefur fyrirtækið sinnt verkefnum erlendis.



Guðmundur og Sigurður hjá S.S. Gólf í nýja húsnæðinu. MYND/GVA

Starfsemin var nýlega flutt að Miðhrauni 22b í Garðabæ. Þar er hægt að skoða prufur af efnunum en einnig koma starfsmenn og skoða verkefni, gefa ráðleggingar og gera kostnaðaráætlanir og tilboð.

S.S. Gólf ehf., sími 6178830. Netfang: ssgolf@ssgolf.is

SS Gólf ehf.
EPOXY GÓLFEFNI
Miðhrauni 22b · 210 Garðabæ
Sími 6178830 · www.ssgolf.is

# Skúrað og skrúbbað

Ekki er sama hvernig farið er að við þrif á gólfum. Huga þarf að því að þau efni og aðferðir sem eru notuð henti þeim gólfum sem á að þrífa. Á vef leiðbeiningarstöðvar Heimilanna www.leidbeiningastod.is er að finna greinargóðar leiðbeiningar.

**Vínyll**
Hreinsa ryk með því að sópa reglulega. Þvo með volgu sápuvatni og þvegli eða gólfklút. Ekki verra að fara yfir með hreinu vatni á eftir. Ef vínyldúkur er bónaður á að nota vatnsuppleysanlegt bón, ekki vaxbón. Ef blettir koma í dúkinn er ágætt að setja vatnsuppleysanlegt bón í klút og nudda blettinn.

**Línoleum**
Þvoið með mildri sápu (ekki uppþvottalegi eða brúnsápu). Varist að bleyta gólfdúkinn um of. Nota má vaxbón á línóleumgólfdúk, en gott að nota vatnsuppleysanlegt bón þar sem mæðir á með vatni, s.s. í eldhúsi og baði. Bletti og rákir má nudda með fínni stálull eða grófum svampi vættum í terpentínu. Ekki má nota bónuppleysi á línoleumdúk eða flísar.

**Parket – lakkað**
Sópið eða rykmoppið eftir þörfum. Þvoið með mildu sápuvatni og þurrvindið moppuna eða klútinn. Varast ber að láta vætu liggja á lökkuðu parketgólfi. Nota má hvort heldur er vatnsuppleysanlegt eða vaxbón, en varast skal að bóna slík gólf oft. Ef lakkið er orðið slitið þarf að pússa gólfin upp og lakka að nýju.

**Parket – olíu- eða vaxborið**
Rykmoppa reglulega. Best er að nota grænsápu eða þar til gerða parketsápu eða sápu sem er feit, því fitan mettar gólfborðin. Nauðsynlegt er að olíu- eða vaxbera gólf nokkuð reglulega annars vilja þau þorna og verða mislit.

**Parket – plast**
Varast skal að bleyta mikið, þurfi þess á að nota volgt vatn og þurrka jafnóðum. Best er að strjúka yfir með þurri moppu eða ryksuga.



**Korkur**
Sópa eða ryksuga. Þvoið með vel heitu sápuvatni. Gott að bóna með vaxbóni öðru hverju. Ef korkurinn er lakkaður skal nota volgt sápuvatn og þurrka yfir í lokin.

**Leirflísar** – Uppþvottalögur er góður til að þvo leirflísar með. Mikil óhreinindi þarf að skrúbba burt. Fúgur þarf að þrífa sérstaklega með sterku sápuvatni og mjúkum bursta. Leirflísar má alls ekki bóna.

**Steinflísar** – Best að strjúka reglulega yfir með þvegli og vatni með góðum hreinsilegi. Einnig má skrúbba flísarnar með sterku sápuvatni og skola vel og þurrka á eftir. Nota má vaxbón, það gefur stamt yfirborð. Stálull og terpentína er gott að nota á bletti. Þegar flísarnar eru nýjar er gott að bera á þær línolíu og þvo ekki fyrstu tvær vikurnar.

**Teppi og mottur**
Þarna dugar ryksugan oftast best. Teppi þarf líka að hreinsa af og til og best er að leigja sér tæki til þess þar sem teppalagt er horna á milli. Góð teppahreinsiefni eru fáanleg. Þau má líka nota á húsgögn. Varast skal að bleyta ullarteppi of mikið. Lausar mottur og dregla er gott að viðra og banka með teppabankara.
Mottur úr sísalhampi, kókostrefjum eða öðrum náttúrutrefjum er best að ryksuga. Ef þær eru mjög óhreinar er ráð að þvo þær upp úr saltvatni, skola vel á eftir og þurrka við stofuhita.

**Gott ráð til að fríska upp á teppi**
Stráið matarsóda jafnt yfir teppið og látið liggja í 15-20 mínútur. Ryksugið vel að lokum.

# Öryggi gegn raka og myglusvepp

Kjaran-Gólfbúnaður er sérverslun með mikið úrval af gólfefnum, jafnt fyrir heimili og vinnustaði. Kjaran býður upp á stærsta úrval landsins af gólfdúkum og þar á meðal fjölbreytt úrval vegg- og gólfdúka til votrýmislagna. Lögð er áhersla á vandaða ráðgjöf varðandi efnisval, lögn og umhirðu.

Kjaran-Gólfbúnaður selur mikið úrval af vegg- og gólfdúkum sem henta til votrýmislagna, en þá er átt við staði eins og baðherbergi, sturtuklefa og þvottahús þar sem myndast raki og bleyta vegna mikillar vatnsnotkunar.

Í nágrannalöndunum er það langalgengasti frágangur votrýma að dúkaleggja veggi og gólf með algjörlega vatns- og loftþéttum samskeytum. Kristján Ársælsson dúklagningamaður, sem hefur sérhæft sig í votrýmislögnum, segir einnig mjög mikla aukningu í slíkum frágangi hér á landi en hann hentar einkar vel þar sem til dæmis er byggt með gifs- og spónaplötum.

Ægir Örn Björnsson, sölumaður hjá Kjaran, segir fjölbreytt úrval vegg- og gólfdúka fáanlegt til votrýmislagna hjá Kjaran. Má þar nefna hefðbundin flísamunstur, viðarmunstur og grafísk tilbrigði og margt fleira.

Ekkert vandamál er að fá votrýmislögn framkvæmda því allir löggiltir dúklagningamenn geta annast slík verk.

Verslunin er til húsa að Síðumúla 12-14. Nánari upplýsingar er að finna á heimasíðunni; www.kjaran.is.



Ægir Örn Björnsson sölumaður og Kristján Ársælsson dúklagningamaður segja ekkert vandamál að fá votrýmislögn framkvæmda, allir löggiltir dúklagningamenn geti annast slík verk. MYND/ANTON



**Kristján Ársælsson dúklagningamaður segir það langalgengasta frágang votrýma að dúkleggja veggi og gólf með algjörlega vatns- og loftþéttum samskeytum. Slíkur frágangur henti einkar vel þar sem til dæmis er byggt með gifs- og spónaplötum.**



Hér eru veggir og gólf dúklagðir með vatns- og loftþéttum samskeytum. Allir löggiltir dúklagningamenn geta annast slík verk. Fjölbreytt úrval vegg- og gólfdúka til votrýmislagna fæst hjá Kjaran.



## DÝRASTA PARKETIÐ

**Dýrasta parket** heims er búið til úr Makassar-svartviði sem vex til dæmis á Indlandi og Srí Lanka en þó helst á eyjunni Sulawesi sem tilheyrir Indónesíu. Nafn viðarins er dregið af aðalhöfn eyjunnar sem heitir Makassar. Viðurinn er dökkbrúnn og svartur á lit með appelsínu- og gullituðum röndum sem oftast liggja nokkuð beint eftir viðnum. Viðurinn er sérstaklega þéttur og losnar síður í sundur en annar viður. Það er ekki ókeypis að leggja parket úr slíkum við. Fermetrinn kostar um 200.000 krónur og þar sem hann fæst ekki í verslunum hérlendis bætist flutningskostnaður við verðið hafi einhver áhuga. Viðurinn er einnig notaður í ýmislegt annað, til dæmis í skápa og innréttingar. Japanir notuðu einnig viðinn lengi sem stólpa og stoðir í húsum sínum enda voru þeir lengi vel helstu innflytjendur hans. Það þykir frekar erfitt að vinna með viðinn enda er hann nokkuð brothættur. Þannig þarf að bora í viðinn áður en hann er negldur fastur. Það tekur líka mjög langan tíma að þurrka viðinn eða allt að tvö og hálft ár. Trén sjálf ná um 20 metra hæð við bestu skilyrði en það gerist sjaldan nú á dögum sökum mikillar eftirspurnar.




Þrívítt listaverk eftir Kurt Wenner.

## STIGIÐ INN Í ÞRÍVÍÐAN HEIM

**Götur og** gólf eru strigi bandaríska listamannsins Kurts Wenner. Wenner þessi fann upp nýja tækni til að búa til þrívíðar götumyndir og hefur vakið heimsathygli fyrir verk sín.

Hann byrjaði feril sinn sextán ára sem grafískur listamaður. Hann sótti hönnunar- og listaskóla áður en hann hóf störf hjá NASA. Þar starfaði hann sem vísindalegur myndskreytingarmaður og teiknaði myndir að hugmyndum um geimverkefni framtíðar.

Hann hætti hjá Nasa árið 1982, seldi allar eigur sínar og flutti til Ítalíu til að læra meira um málaralistina. Wenner varð með tímanum þekktur á Ítalíu fyrir götulistaverk sín enda vakti ný aðferð hans við gerð þrívíðra málverka mikla ánægju. Wenner breytir þannig gólfum og götum í lifandi listaverk.

# *Flotuð gólf geta verið smart*

**Flotuð gólf** hafa verið vinsæl undanfarin ár og þykja nútímaleg og smart. Veitingahús sem vilja vera samkvæmt nýjustu tísku hafa flotuð gólf, jafnvel í ýmsum litum. Sömuleiðis eru margir farnir að velja flotuð gólf á skrifstofur en ekki síður á heimili. Gott er að þrífa flotuð gólf og þau henta vel þar sem asma- eða ofnæmissjúklingar búa.

Flotið er hægt að mála eða lakka, allt eftir smekk hvers og eins, en margir vilja þó hafa gólfið í steinsteypulitnum. Hægt er að fá flot með ýmsum áferðum og litum, sem fagmenn geta gert. Það er því engin ástæða til að hafa flotið grátt frekar en fólk vill. Flotið er ágætis kostur fyrir þá sem hafa ekki efni á dýru parketi eða flísum strax og það er sannarlega endingargott. Fallegar mottur setja síðan oft punktinn yfir i-ið.

Einnig er hægt að hafa heimilið flotað að hluta en parket og flísar með. Íbúðin getur verið ákaflega smekkleg þótt gólfefnin „vanti". Ef gólfefnið er ekki nýjum eiganda að skapi við sölu er auðvelt að breyta og setja annað gólfefni yfir.



Hér hefur flot verið sett á stóran flöt en dökkt parket er á hluta.





**GÓLFSÍÐ SKIKKJA** Hann minnir á ofurhetju eða prins úr ævintýri þessi ungi maður sem sýndi flík úr smiðju Les Hommes á tískuvikunni í Mílanó þann 12. janúar.

**VEGLEG FLÍK** Herðaslá úr smiðju Salvatore Ferragamo. Sláin er hluti af hvunndagslínu Ferragamo fyrir næsta vetur og var sýnd á tískuvikunni í Mílanó 13. janúar.

**HERRALEGUR** Herðaslár voru nokkuð áberandi í haust- og vetrarlínu Valentinos sem sýnd var á tískuvikunni í París þann 16. janúar.

# SLÁR SLÁ Í GEGN

*Haust- og vetrarlínur tískuhúsanna eru um þessar mundir frumsýndar á tískupöllum víða um heim. Herðaslár skipa þar veglegan sess.*

Ermalausar yfirhafnir verða mál málanna í haust og vetur eftir því sem vefsíðan style.com greinir frá. Þetta má klárlega sjá á tískusýningum hinna ýmsu hönnuða á tískuvikum nú í byrjun árs. Hönnuðir á borð við Stellu McCartney, Chloé, Riccardo Tisci frá Givenchy og Julie Libran hjá Louis Vuitton hafa allir spunnið herðaslár inn í sínar kventískulínur fyrir haustið. Slárnar eru þó einnig áberandi í karlatískunni eins og sjá má á þeim myndum sem hér fylgja. **sg**



**HEFÐARMANNALEG** Í hvunndagsfatalínu Johns Varvatos sem sýnd var á tískuvikunni í Mílanó í byrjun árs var að finna þessa hefðarmannslegu herðaslá.



**KÖFLÓTT OG STÆLLEGT** Fyrirsæta í herðaslá eftir Valentino á tískuvikunni í París í síðustu viku.





BÍLGREINAR




Hefur þú starfað við bifvélavirkjun, bifreiðasmíði eða bílamálun í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

**Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



DAGSVERK.IS / IDAN0113

Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

Bóndadagurinn er á morgun!



Blóm gera kraftaverk

íslensk blóm






# ÆFA RÚSTABJÖRGUN Í DANMÖRKU

*__LÆRDÓMSRÍKT__ Fjörutíu og fimm björgunarsveitarmenn frá Íslandi halda utan í dag til að taka þátt í MODEX 2013. Það er rústabjörgunaræfing á vegum Evrópusambandsins í Tinglev í Danmörku. Hilmar Már Aðalsteinsson er hluti af hópnum og hlakkar til að takast á við afar krefjandi verkefni.*

Íslendingar búa við mikla náttúruvá, sérstaklega vegna jarðskjálfta og snjóflóða. Þegar illa fer mæðir mikið á björgunarsveitarmönnum sem oft þurfa að leita í rústum húsa að eftirlifendum. Rústabjörgun er þannig mikilvægur hluti af starfi björgunarsveita og þarfnast þjálfunar og mikilla æfinga enda mikilvægt að menn geti gengið fumlaust að verki þegar vá ber að garði. Í dag halda 45 björgunarsveitarmenn á vegum Íslensku alþjóðabjörgunarsveitarinnar utan til Danmerkur til að taka þátt í viðamikilli rústabjörgunaræfingu. Einn þeirra er Hilmar Már Aðalsteinsson.

„Æfingin heitir MODEX 2013 og er haldin við bæinn Tinglev syðst á Jótlandi. Nafnið vísar til Modules Exercise þar sem misjafnar einingar innan Evrópusambandsins æfa sig saman,“ upplýsir Hilmar en æfingin er kostuð af sjóð innan Evrópusambandsins. „Sá sjóður er starfræktur til þess að efla almannavarnir í Evrópu, til þess að löndin vinni betur saman yfir landamæri, geti veitt hvert öðru betri aðstoð og sameiginlega betri aðstoð utan Evrópusvæðisins,“ segir Hilmar. Æfingin er viðamikil, þangað koma sveitir víða að og nokkrir stjórnendur frá Evrópusambandinu og Sameinuðu þjóðunum.

En hvernig fer æfingin fram? „Þegar við mætum byrjum við á því að fá gáminn okkar við landamærastöð og þá hefst leikritið. Við erum komin að landamærum á einhverju tilteknu landi og tollararnir reyna að hanka okkur á einhverju sem við gerðum rangt. Við fáum úthlutað svæði, verðum að vega og meta aðstæður og leita í húsum. Líklega þarf sveitin einnig að sjá um húsaskjól fyrir fleiri,“ lýsir Hilmar. Íslenski hópurinn gistir í tjöldum og þarf að öllum líkindum að takast á við snjókomu og frost sem gerir alla vinnu erfiðari enda þarf oft að vinna með sagir sem nota vatn.

Hilmar viðurkennir að svona æfingar feli í sér mikið erfiði. „En við erum vanir því að heiman. Oft erum við á leiðinni í háttinn þegar útkall kemur og erum þá úti alla nóttina að leita. Þetta er vissulega engin skemmtiferð heldur vinna út í gegn. En þetta er líka mjög spennandi og hópurinn mjög skemmtilegur og nær vel saman, enda gæti hann ekki unnið undir þessu álagi öðruvísi,“ segir Hilmar og bætir við að fólk sé einnig duglegt að klappa hvert öðru á öxlina. „Æfingin krefst mikillar vöku en við erum með félagakerfi til að passa hvert upp á annað. Við höldum bókhald til að menn fái svefn, nærist og fylgjumst jafnvel með að fólk sé með eðlilegar hægðir. Þá erum við með lækni með okkur sem hugsar vel um okkur þó hann taki einnig á móti sjúklingum frá okkur áður en þeir komast endanlega undir læknishendur.“ Hilmar segir marga ekki skilja af hverju fólk nenni að standa í svona í frítíma sínum. „Við erum kannski dálítið skrítin sem förum í þetta,“ segir hann og hlær.

Hópurinn heldur utan í dag en snýr heim á mánudagskvöld.

**BJARGAÐ** Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin fékk vottun frá Sameinuðu þjóðunum árið 2009. Fátítt er að sjálfboðaliðar fái slíka vottun en algengara að slíkar sveitir séu skipaðar atvinnuslökkviliðsmönnum.
MYND/SIGURÐUR Ó SIGURÐSSON



**HILMAR MÁR AÐALSTEINSSON**

## SVEIT MEÐ ALÞJÓÐLEGA VOTTUN

Íslenska alþjóðabjörgunarsveitin var stofnuð árið 1999 með samkomulagi milli Slysavarnafélagsins Landsbjargar, utanríkisráðuneytisins og dómsmálaráðuneytisins. Sveitin er skipuð björgunarsveitarmönnum úr sex björgunarsveitum auk sérfræðinga frá slökkviliði höfuðborgarsvæðisins og Landspítalanum.

Sveitin fór í sitt fyrsta útkall árið 1999 þegar hún fór til Tyrklands í kjölfar jarðskjálftanna sem urðu þar en þá létust meira en 18.000 manns. Árið 2003 fór sveitin til Alsír í kjölfar jarðskjálfta þar og í byrjun árs 2004 var farið til Marokkó. Auk þess fóru fjórir félagar úr ÍA í sjúkraflug til Taílands í byrjun árs 2005 eftir flóðin í Indónesíu. Í janúar 2010 fór sveitin svo til Haítí eftir öflugir jarðskjálftar skóku landið.

Sveitin er aðallega byggð upp sem rústabjörgunarsveit en Slysavarnafélagið Landsbjörg er aðili að INSARAG sem eru regnhlífarsamtök alþjóða rústabjörgunarsveita sem starfa innan Sameinuðu þjóðanna. Í september 2009 hlaut sveitin vottun INSARAG sem „medium“ rústabjörgunarsveit.

BYGGINGAGREINAR




**Hefur þú starfað við pípulagnir eða húsasmíði í 5 ár eða lengur og vilt ljúka námi í faginu?**

**Þá gæti raunfærnimat verið fyrir þig!**

Raunfærnimat miðar að því að meta færni og þekkingu sem viðkomandi býr yfir inn í skólakerfið. Að loknu raunfærnimati fara þátttakendur í skóla og ljúka því námi sem eftir stendur til að útskrifast. Inntökuskilyrði í raunfærnimat eru 5 ára starfsaldur í greininni og 25 ára lífaldur.

**Kynningarfundur verður haldinn fimmtudaginn 31. janúar kl. 17.00 í Skúlatúni 2, 6. hæð, 105 Reykjavík.**

NÁNARI UPPLÝSINGAR Á IDAN.IS



DAGSVERK.IS / IÐAN0113

**Áhugasömum er bent á að hafa samband við IÐUNA fræðslusetur í síma 590 6400 eða með því að senda fyrirspurn á radgjof@idan.is**

FRÆÐSLUMIÐSTÖÐ ATVINNULÍFSINS
MENNTUN Á VINNUMARKAÐI

IÐAN fræðslusetur
Skúlatún 2 - 105 Reykjavík
idan@idan.is - www.idan.is

LS LEIGUMIÐLUN SUÐURNESJA

Hafnargötu 90 (fyrir ofan Tölvulistann)
s. 420 6070
Reynir Ólafsson lögg, fasteignasali.
Sigurður V Ragnarsson
Júlíus Steinþórsson lögg, leigumiðlari, sölumaður
Sigrún Inga Ævarsdóttir sölumaður




# ERUM MEÐ Í EINKASÖLU 16 STÓRGLÆSILEGAR NÝJAR 3ja OG 4ra HERBERGJA ÍBÚÐIR VIÐ BJARKARDAL 33

Með fjölbýlishúsinu eru til sölu aðeins 8 bílskúrar og á þar við fyrstur kemur fyrstur fær!
Möguleiki er að fá íbúðirnar á ýmsum byggingarstigum.

## Möguleiki er á 100% fjármögnun!

*Verðdæmi á 3ja herbergja tilbúinni íbúð með 20.280.000 kr. láni, 100% lán:*
80% lán á 4,2% vöxtum frá ILS miðað við 40 ár – greiðslubyrði ca. 70.000 kr.
20% lán á 4,2% vöxtum frá seljanda miðað við 30 ár – greiðslubyrði ca. 20.000 kr.

Samtals greiðslubyrði lána: ca. 90.000 kr. á mánuði.

**Nánari upplýsingar á skrifstofu okkar.**

# smáauglýsingar

FRÉTTABLAÐIÐ
smaar@frettabladid.is / visir.is
512 5000
Afgreiðsla smáauglýsinga og sími er opinn alla virka daga frá 8-17
Allar smáauglýsingar vikunnar á visir.is

## BÍLAR & FARARTÆKI

Bílamarkaðurinn
Stofnað 1974



HONDA Cr-v executive. Árgerð 2010, ekinn 19 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 4.880.000. Glæsilegur bíll Rnr.104525.



LAND ROVER Range rover evoque. Árgerð 2012, ekinn 31 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Hlaðin aukabúnaði. Verð 10.990.000. Rnr.222375.

**Bílamarkaðurinn**
**Smiðjuvegi 46E, Kópavogi**
**Sími: 567 1800**

Bílalíf



FORD EXPLORER LIMITED 4X4. Árgerð 2006,ekinn 139.þ km bensín,sjálfskiptur,lítur sérlega vel út.Verð 2.580.000. Rnr.125809. Sími:562-1717.



**TILBOÐ 1.390.000.-**
TOYOTA YARIS TERRA.Árgerð 2007,ekinn aðeins 69.þ km, bensín,er á staðnum,5 gírar.Verð áður1.570.000. Tilboð 1.390.000.- Rnr.102866. Sími:562-1717.



**TILBOÐ 1.090.000.-**
SSANGYONG REXTON RX-290 DÍSEL. Árgerð 2002,ekinn aðeins 166.þ km,sjálfskiptur,er á staðnum.Verð áður 1.580.000.Tilboð 1.090.000.- Allt að 100 % lán mögulegt.Rnr.320516. Sími:5621717.



**TILBOÐ 690.000 - 100 % LÁN**
BMW 3 TOURING.Árgerð 2000,ekinn 215.þ km,bensín, sjálfskiptur,er á staðnum.Verð áður 980.000.Tilboð 690.000.- 100 % lán mögulegt. Rnr.350196.Sími:562-1717.

**Bílalíf**
**Klettháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 562 1717**
**Opið virka daga 10-18**
**www.bilalif.is**

TOYOTA
Notaðir bílar Kletthálsi
Sími: 570 5220
www.toyotakletthalsi.is



TOYOTA Land cruiser 200 vx navi/7 manna 35" driflæsingar aftan og framan. Árgerð 2009, ekinn 72 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 13.100.000. Rnr.181048. Uppl. í síma 570-5220 Toyota Kletthálsi.

**Notaðir bílar Kletthálsi**
**Klétthals 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 570 5220**
**Opið virka daga 9-18, lau 12-16.**
**www.toyotaklетthalsi.is**

bifreidar.is
577 4777



CHEVROLET Avalanche 4x4. Árgerð 2003, ekinn 132 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. TILBOÐSVERÐ 1990 ÞÚS. Rnr.105636.

**bifreidar.is**
**Réttarháls 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 577 4777**
**Óskum eftir vinnuvélum og bifreiðum á skrá.**
**http://www.bifreidar.is**

Ellingsen
FULLT HÚS ÆVINTÝRA



Polaris Sportsman 850. Árgerð 2011. Box framan og aftan. Hliðar og stýristöskur. Bighorn dekk á álfelgum. Verð 2.890.000- Tilboðsverð 2.690.000.- Upplýsingar í síma 8201418 www.ellingsen.is

**Ellingsen**
**Fiskislóð 1, 101 Reykjavík**
**Beinn sími sölumanna: 820 1418 og 840 1757**
**http://www.ellingsen.is**

iBíll.is
Netbílasala



Vw Fox Basicline. Nýskr. 2/2007, ekinn 94 þ.km, bensín, 5 gírar. Verð 980.000.Áhvílandi 500.000. Skipti ath Rnr.111973.

**iBill.is, Netbílasala**
**Smiðjuvegur 4a grænagata, 200 Kópavogur**
**Sími: 578 8181**
**www.ibill.is**

STÓRA BÍLASALAN



MM L200 Dísel Árgerð 2006, ekinn 101þ.km, ssk, pallhús, nýleg tímareim o.m.fl.. Gott eintak sem er á staðnum! Verð 2.390þ.kr. Raðnr. 133062. Sjá á www.stora.is

**Stóra bílasalan**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 5861414**
**Myndeftirlit á plani**
**http://www.stora.is**

ASKJA
NOTAÐIR BÍLAR



KIA Ceed lx 1.6 disel sjálfsk.. Árgerð 2012, ekinn 23 Þ.KM, dísel, sjálfskiptur. Verð 3.550.000. Rnr.160486.



TOYOTA Auris terra. Árgerð 2007, ekinn 97 Þ.KM, bensín, 5 gírar. Verð 1.690.000. Rnr.110811. VERÐ NÚ kr: 1.490.000,-



SUBARU Forester. Árgerð 2010, ekinn 97 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.160332. VERÐ NÚ kr: 3.390.000,-



PORSCHE Cayenne. Árgerð 2005, ekinn 75 Þ.KM, bensín, sjálfskiptur. Verð 3.690.000. Rnr.140241.

**ASKJA notaðir bílar**
**Kletthálsi 2, 110 Reykjavík**
**Sími: 590 2160**
**www.notadir.is**

TOYOTA SELFOSSI



TOYOTA Avensis wagon sol turbo diesel exe. Árg 2008, ek 193 Þ.KM, dísel, 6 gírar. Ásett Verð 2.190.000. Rnr.131852.Einn eigandi - leður - hefur verið í langkeyrslu og einkanotkun.

**Toyota Selfossi**
**Fossnes 14, 800 Selfoss**
**Sími: 480 8000 / 664 8000**
**http://www.toyotaselfossi.is**

100bílar.is
bílasala



CHEVROLET Tahoe 4x4. Árg 1999, ek 71 Þ.MÍLUR, bensín, sjálfsk, leður, góð dekk ofl, Bíll í góðu standi, Ásett verð 790.000. Rnr.142134. Er á staðnum,

**100 bílar ehf**
**Þverholt 6, 270 Mosfellsbær**
**Sími: 517 9999**
**Opið virka daga 10-18.00 og laugardögum 12-16.**
**www.100bilar.is**

## Bílar til sölu



**LINCOLN MARK LT**
Árg. 2006. Ek 100 þús. Sjálfsk Benzin. Góður fyrir metan breytingu. Teppalagður pallur, Topplok. Verð 2.3 mill. S: 650 5040.



MERCEDES-BENZ E 200 NGT AVANTGARDE 5-2011 E.27P Flottur metan bíll með leður,lúgu,xenon,auka felgur og mart fl. í ábyrgð til 1.12.2014. gullfallegur bíll 7,5 stg. S:6996099



**VERÐUR AÐ SELJAST**
MMC Pajero V6 Bensín 35" Árg. 4/2000 Ekinn 178.000 Sjálfskiptur, Leður, Toppl, Nýtt í bremsum, 3 Gangar dekkjum á felgum fylgja með. Ásett verð 890.000 Tilboð óskast? Enginn skipti 100% Visa-Euro lán til allt að 59 mán möguleiki. uppl. 820-3883.

Golf 1998, 3ja dyra, beinskiptur, keyrður 148.000, skoðaður til 2013. Gott eintak. Verð 520 þús. Sif s: 8998436.

Til sölu Polo ek. 180 þús, sko 13. Bíll í góðu lagi. Verð 200 þús. S. 6666 555.

## Bílar óskast

**!!! VANTAR ÓDÝRAN BÍL**
Fyrir allt að 200þ. staðgreitt, árgerð ,98-'03. Má alveg þarfnast smá lagfæringa uppl. s. 777 3077.

## Bátar

Trillukarlar - bátasmiðir
99 kw/135 hö. SCAM-KUBOTA bátavélar á leið til landsins.
Nú er rétti tíminn að panta fyrir vorið.



ÁSAFL EHF
Hjallahraun 2 - 220 Hafnarfj.
s. 852 8556 - 863 5512
www.asafl.is - asafl@asafl.is

## Bílaþjónusta



**ER BÍLSÆTIÐ RIFIÐ**
Við höfum langa reynslu í bílsætaviðgerðum.

Fljót og góð þjónusta.

Sjá video www.hsbolstrun.is
**Formbólstrun Hamraborg 5, Kópavogi. (Hamrabrekkumegin) s: 5445750.**

## Sendibílar

568 5000
NS
NÝJA - SENDIBÍLASTÖÐIN

Allar stærðir sendibíla. Nýja Sendibílastöðin sími 568-5000.

## Hjólbarðar

VAKA



**FRÁBÆR DEKKJATILBOÐ**
Ný og notuð dekk í miklu úrvali. Tökum notuð dekk uppí ný. VAKA S: 567 6700.

## Varahlutir

Varahlutir í VW Golf, Polo,Yaris, Skoda Oktavia árg. ,03, Honda Civic og Kangoo. Viðgerðir. Gírkassar. Bremsuviðgerðir, renni diska og skálar. Kaupi bíla. Uppl. í s. 892 7852.

**SMÁPARTAR.IS**
Eigum mikið úrval af varahlutum í Subaru árg. ,97 til ,02, Skoda Octavía árg. ,00 til ,07. Honda CR-V árg. ,05.W Polo ,07 Passat ,01. Suzuki Baleno árg. ,00. Smápartar.is Sími 5675040-7785040.

**VW - SKODA - VARAHLUTIR**

Eigum varahluti í VW, Skoda og Audi og Pajero frá ,02 Kaupum bíla til niðurrifs og uppgerðar. Bílabúið, Kaplahrauni 11 220 hfj. S. 534 1045.

**JAPANSKAR VÉLAR BÍLAPARTASALA**
Eigum úrval varahluta í Japanska og Kóranska bíla og fleiri teg. Kaupum bíla. Opið 8-18 virka daga. S. 565 3400 & 893 2284. www.japanskarvelar.is / www.carparts.is japvel@carparts.is

**VARAHLUTAVAKTIN SÍMI 555 6666**
Erum með varahluti fyrir Benz, VW, Skoda, MMC, Hyundai, Peugeot, Renult, Fiat, Suzuki, Dodge, Ford, Land Rover og fl. Kaupum bíla niðurrifs og uppgerðar. Ísetningar á varahlutum. Eldshöfða 6, 110 RVK. Opið 09-18 og lau. 12-16.

**NULL**
Ódýrir varahlutir og dekk í ýmsa bíla s: 896 8568.

## Viðgerðir

**AB BIFREIÐAVERKSTÆÐI**
Get bætt á mig öllum teg. bíla til viðgerða. Uppl. s. 555 6020.

**AB - PÚST**
Almennar pústviðgerðir og sérsmíði. Fljót og góð þjónusta. Skemmuvegur 26, Bleik gata. S 555 6020.

## ÞJÓNUSTA

## Pípulagnir

**FAGLÆRÐIR PÍPARAR**
Tökum að okkur viðhald og nýlagnir, vönduð vinnubrögð mikil reynsla. Pípulagnaþjónusta Reykjavíkur S: 770 4499.

## Hreingerningar

Flutningsþrif, Gólfbónun, Teppahreinsun og Gluggaþvottur. Gerum verðtilboð. www. hreingerningar.is S. 772 1450

## Garðyrkja

GARÐLIST
Vöktun á plönum
Hálkueyðing - Snjómokstur
Fáðu tilboð ... 554 1989

## Bókhald

Bókhald, VSK, laun, skattskýrslur og stofnun fyrirtækja. Fagleg vinnubrögð á sanngjörnu verði. Bókhald og þjónusta ehf. Sími 511 2930.

## Málarar

**MÁLARAMEISTARI**
Öll málningarverk. Ráðgjöf við litaval. Fáðu meira fyrir eignina. Einar : 8996400.

**MÁLARAMEISTARI**
Tek að mér alla almenna málningarvinnu f. húsfélög, einstaklinga og fyrirtæki. Fagmennska og sanngjarnt verð. Egill s. 868 5171.

## Búslóðaflutningar

Ert þú að flytja? Búslóðafl., fyrirtækjafl., píanófl. o.fl. Extra stór bíll. Flutningaþj. Mikaels. S. 894 4560 www.flytja.is flytja@flytja.is

## Húsaviðhald




K.R.S. ELDON MÚRVERKTAKAR. Múrviðgerðir og flísalagnir. Vönduð vinna Tilb./tímav. S. 899-4254.

## Tölvur

ÓDÝRAR
TÖLVUVIÐGERÐIR
start
TÖLVUVERSLUN
Sími 544-2350 - Bæjarlind 1, Kópavogi
www.start.is

## Rafvirkjun




**RAFLAGNIR, DYRASÍMAR. S. 663 0746.**
Bjóðum hagstætt verð í töfluskipti. Straumblik ehf. Löggiltur Rafverktaki. straumblik@gmail.com

**RAFVIRKJUN S. 896 6025**
Tilboð raflagnir, töfluskipti og dyrasímakerfi. Rafneisti ehf. Lögg. rafverktaki.

## Önnur þjónusta

**Blekhylki.is**
Blekhylki og Tónerar í flestar gerðir prentara, 50-70% ódýrari, öll hylki framleidd af ORINK. Blekhylki.is Fjarðargötu 11, Hafnarfirði sími 517-0150.

# KEYPT & SELT

## Til sölu




**LOKADAGAR ÚTSÖLUNNAR**
Allir saltkristalslampar nú á 20% afslætti. Ditto, Smiðjuvegi 4 (græn gata), 200 Kópavogi. Opið mán-fös: kl 12-18, lau: kl 12-15. Sími 517-8060. www.ditto.is



**POTTLOK**
Saumum yfir heita potta úr sterkum pvc dúk, sem þolir mikin þunga. Mjög létt að opna og rúlla segli upp.
**Formbólstrun Hamraborg 5, Kópavogi. (Hamrabrekkumegin) www.hsbolstrun.is**
**s: 5445750.**

**ÓDÝR HEIMILISTÆKI**
Þvottavélar, ísskápar, frystiskápar, þurrkara 10 KG, barkalausir þurrkarar, uppþvottavélar, S. 896 8568.

## Óskast keypt

**KAUPI GULL !**
Ég, Magnús Steinþórsson gullsmíðameistari, kaupi gull, gull peninga og gull skartgripi. Kaupi allt gull, nýlegt, gamalt og illa farið. Leitið til fagmanns og fáið góð ráð.
**Uppl. á demantar.is í s. 699 8000 eða í Pósthússtræti 13 ( við Austurvöll ), Verið velkomin**

**STAÐGREIÐUM GULL, DEMANTA OG ÚR.**
Hringar, hálsmen, armbönd, Rolex, Cartier, Patek Philippe o.fl. Hringdu núna og fáðu tilboð þér að kostnaðarlausu! www. kaupumgull.is
**Upplýsingar í síma 661 7000.**

**KAUPUM GULL - JÓN & ÓSKAR**
Kaupum gull til að smíða úr. Spörum gjaldeyri. Heiðarleg viðskipti. Aðeins í verslun okkar Laugavegi 61.
**Jón og Óskar - jonogoskar.is**
**s. 552-4910.**

## Sjónvarp

Sjónvarps/videoviðgerðir. Afsl. til elli/öryrkja. Sækjum. Litsýn - Síðumúli 35. - S. 552 7095.

## Vélar og verkfæri




## Verslun



**WWW.HUSH.IS**
We-Vibe er unaðstæki ársins 2012. Ný sending komin. Sendum um allt land. Pantaðu strax fyrir Bóndadaginn.

# HEILSA

## Heilsuvörur

Taktu þér tak! Með HERBALIFE nærðu árangri. Erla Bjartmarz S. 899 4183 www.eco.is Ný netverslun: www. betriheilsa.is/erla

**TAKTU ÁKVÖRÐUN NÚNA.**
Betri árangur með Herbalife Kaupauki. Rannveig s.8625920,rkb.heilsuskyrsla.is

Árangur næst með Herbalife. Frítt lífstílsmat. Hringdu núna S. 896 4662 Edda Borg

## Fæðubótarefni

Viltu léttast? Eða þyngjast? Prófaðu Herbalife! Ólöf 861 5356, osa@ismennt.is

## Nudd

**NUDD OG HEILSA**
DETOX - ÚTHREINSUN á öllum líkamanum. NUDD upp f. hné á eftir. Opið frá 12-18 alla virka daga nema sun. S. 823 8280. www.nuddogheilsa.is

Nudd Nudd Nudd tilboð í dag, tímapantanir. Uppl. í s. 616 6469. Nuddstofan Svæði 105 Holtin.

**TANTRA NUDD**
Ekta vígsla í leyndardóma Tantra með Tantra nuddi. Einstæð upplifun fyrir pör, konur og karla. 112 Reykjav. S. 698 8301 www.tantra-temple.com

# SKÓLAR & NÁMSKEIÐ

## Ökukennsla

Ökukennsla, aðstoð við endurtökupróf og akstursmat. Kenni á BMW 520D. S. 893 1560 og 587 0102, Páll Andrésson.

# HÚSNÆÐI

## Húsnæði í boði

**GISTIHEIMILI - GUESTHOUSE WWW. LEIGUHERBERGI.IS**
1-2 manna herb. á Funahöfða 17a og 19 og Dalshraun 13 Hfj. Rooms for 1-2 persons in Funahöfða 17a -19 Rvk and Dalshraun 13 Hfj.
**Uppl/info í S. 824 4535. frá kl. 10-20. www.leiguherbergi.is**

Leiguíbúð í Mosfellsbæ. Til leigu 75fm 3ja herb. íbúð í Leirvogstunguhverfi, sér inngangur. Leiga 120.000 á mán. með rafmagni og hita. S. 897 0630.

**LEIGJENDUR, TAKIÐ EFTIR!**
Þið eruð skrefi á undan í leit að réttu íbúðinni með hjálp Leigulistans. Kíktu inn á www.leigulistinn.is eða hafðu samb. við okkur í s. 511 1600.

Er með 15 fm. herbergi til leigu í Rvk. Sameiginlegt eldhús. Sími 865 8769.

**VELLIR - HAFNARFJÖRÐUR, 2JA HERB. TIL LEIGU !**
Til leigu 2ja herb. íbúð 75fm á fyrstu hæð í fjölb. Leigist í eitt ár. Verð 140þús per mán. m/hússj. Uppl. s. 893 3347.

## Atvinnuhúsnæði

**HAFNARFJÖRÐUR - SKRIFSTOFUR - VINNUSTOFUR**
Eigum laus nokkur 20 - 40 m2 rými í snyrtilegu húsnæði í Hafnarfirði. Hentar vel fyrir einyrkja og lítil fyrirtæki. Nánar á www.leiga.webs. com Sími 898 7820.

## Geymsluhúsnæði

**GEYMSLUR.COM**
Frá kr. 3990 hjá Ikea í Garðabæ og Fiskislóð í Reykjavík. S. 555 3464

**GEYMSLULAUSNIR.IS**
Búslóðageymsla og flutningar. Gott verð, sækjum og sendum. S. 615-5005.

**WWW.GEYMSLAEITT.IS**
Sér geymslur frá 3.900. 1-17m2. Aðgangur kl. 8-22 alla daga. Ný sérhönnuð geymsluhús, upphitað og vaktað. S: 564-6500.

**WWW.BUSLODAGEYMSLA.IS**
Búslóðageymsla Olivers 150 kr. á dag hvert bretti. Starfað í yfir 25 ár. S. 567 4046 & 892 0808.

## Gisting



**ENDURNÆRING Í STYKKISHÓLMI**
Helgargisting með heitum pottum. Sund, gönguferðir og siglingar. Veitingastaðir á heimsmælikvarða. Upplýsingar í síma 861 3123 eða á www.orlofsíbúðir.is



## BÍLL DAGSINS

Tilboðsverð kr. **2.290.000**

**NISSAN QASHQAI LE**
Nýskráður 7/2007, ekinn 150 þ.km, dísel, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.990.000**



PEUGEOT
**107 TRENDY 1,0i**
Nýskráður 9/2012, ekinn 1 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 2.090.000**



NISSAN
**ALMERA ACENTA**
Nýskráður 2/2005, ekinn 57 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 1.190.000**



VOLKSWAGEN
**PASSAT II 2,0 COMFORTLINE**
Nýskráður 11/2007, ekinn 80 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 2.290.000**



PEUGEOT
**206 XR**
Nýskráður 7/2004, ekinn 97 þ.km, bensín, 5 gírar.
**Verð kr. 750.000**



MAZDA
**6 S/D ADVANCE**
Nýskráður 10/2002, ekinn 159 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 890.000**



HONDA
**ACCORD ELEGANCE**
Nýskráður 3/2010, ekinn 45 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.690.000**
**Tilboð kr. 3.290.000**



HONDA
**CR-V EXECUTIVE**
Nýskráður 3/2008, ekinn 120 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 3.690.000**
**Tilboð kr. 2.990.000**



JEEP
**GRAND CHEROKEE LIMITED**
Nýskráður 2/1996, ekinn 230 þ.km, bensín, sjálfskiptur.
**Verð kr. 490.000**
**Tilboð kr. 290.000**

**Opnunartími**
Mánudaga - föstudaga
milli kl. 10:00 og 18:00
Laugardaga milli
kl. 12:00 og 16:00

**BERNHARD NOTAÐIR BÍLAR**
Bílakjarnanum • Eirhöfða 11 • Sími 551 7171 • notadir.bernhard.is


BÓNUS BÓNUS BÓNUS BÓNUS
Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus Gott verð í Bónus
Neutral
HANDSÁPUR 3 STK.
259 KR 3x85g
HANDSÁPA.
359 KR 300ml
HANDÁBURÐUR
259 KR 75ml
HÁRNÆRING
298 KR. 250ml
SJAMPÓ
298 KR. 250ml
SVITALYKTAREYÐIR
359 KR. 50ml
ØKONOMIKØB - 62 VASKE
Neutral
STORVASK
0% optisk hvidt
0% farvestoffer
0% parfume
2498 KR. 62 ÞVOTTAR
Neutral þvottaefni: 62 þvottar / 40 kr. pr. þvottur
Svitalyktareyðir 50 ml 359 kr.
Handáburður 75 ml 259 kr.
Handsápa m/pumpu 300ml 359 kr.
Sjampó 250ml 298 kr
Hárnæring 260ml 298 kr
Handsápur 3x85g 259 kr
Þvottaefni 62 þvottar 2498 kr.
Allar 20 vörutegundir Neutral eiga það sameiginlegt að vera án allra ilm- eða litarefna og annarra ónauðsynlegra aukaefna. Vörulýsingar fyrir allar vörur Neutral eru unnar í samvinnu við dönsku Astma- og ofnæmissamtökin, og flestar vörurnar bera norræna Svansmerkið.
GERÐU ÞÍNA EFTIRLÆTIS PIZZU HEIMA
259 KR. 400 G
298 KR. 400 G
VENJULEGT & SPELTDEIG 400 GRÖMM
BÓNUS FERSKT PIZZADEIG
198 KR. 430ML
BÓNUS 430 ml
PIZZASÓSA
198 KR. 200 G
BÓNUS PIZZU
SKINKUSTRIMLAR
BÓNUS PEPPERONI 153 g
359 KR. 153 G
BÓNUS 153gr
PEPPERONI
BÓNUS PIZZABLANDA
198 KR. 200 G
BÓNUS RIFIN
PIZZABLANDA
ALLTAF NÝBAKAÐ
BÓNUS BAGUETTE
129 KR. STK
ALI FERSKUR GRÍSABÓGUR
Ali
659 KR. KG
BÓNUS ÞORSKALÝSI
LÝSI
598 KR. 300stk
LÝSISPERLUR 300 stk.
498 KR.
ÞORSKALÝSI 500ml
Egils Kristall
Kristall
198 KR. 2 ltr
pepsi
695 KR. 4 x 2 ltr
ÍSLANDS NAUT
2998 KR. KG
ÍSLANDSNAUT FERSKT UNGNAUTAFILLET
1479 KR. KG
100% KJÖT
ÍSLANDSNAUT
FERSKT ÍSLENSKT UNGNAUTAHAKK
SKÓLAOSTUR
284 KR. VERÐLÆKKUN
VERÐ ÁÐUR: 1379 KR.KG
TILBOÐ
1095 KR. KG
BÓNUS EKKERT BRUÐL
Hér færðu vildarpunkta
VILDARPUNKTA
VISA Vildarklúbbur

## KROSSGÁTA



**LÁRÉTT**
**2.** eyja, **6.** í röð, **8.** húðsepi milli táa, **9.** farfa, **11.** tveir eins, **12.** fáni, **14.** einkennis, **16.** rás, **17.** klæði, **18.** rell, **20.** fyrir hönd, **21.** nabbi.

**LÓÐRÉTT**
**1.** helminguð, **3.** frá, **4.** hrörnun, **5.** sigað, **7.** geðtruflaður, **10.** saur, **13.** gifti, **15.** dreifa, **16.** espa, **19.** tveir eins.

**LAUSN**

**LÁRÉTT: 2.** java, **6.** áb, **8.** fit, **9.** lit, **11.** tt, **12.** flagg, **14.** aðals, **16.** æð, **17.** föt, **18.** suð, **20.** pr, **21.** arða.

**LÓÐRÉTT: 1.** hálf, **3.** af, **4.** vitglöp, **5.** att, **7.** bilaður, **10.** tað, **13.** gaf, **15.** strá, **16.** æsa, **19.** ðð.


## Aðalfundarboð

Aðalfundur Ísfélags Þorlákshafnar hf fyrir starfsárið 2012 verður haldinn í kaffistofu félagsins að Hafnarskeiði 12 í Þorlákshöfn fimmtudaginn 7. febrúar kl. 12.00.

Dagskrá samkvæmt samþykktum félagsins. Ársreikningurinn mun liggja frammi á skrifstofu félagsins viku fyrir aðalfund.

*Stjórnin*



NÁMSFLOKKAR HAFNARFJARÐAR
miðstöð símenntunar

## Námskeið á vorönn 2013

Mistöð símenntunar í Hafnarfirði býður upp á fjölbreytt, lærdómsrík og skemmtileg námskeið nú á vorönn 2013. Meðal námskeiða sem er boðið upp á:

- TUNGUMÁL: Enska. Danska. Norska. Hollenska. Ítalska. Franska o.fl.
- ÍSLENSKA FYRIR ÚTLENDINGA Islandzki dla audzoziemców Icelandic as a second language
- HANDVERK OG LISTIR: Teikning. Olíumálun. Myndlist/börn. Hnífagerð. Tálgun o.fl.
- HANNYRÐIR: Fatasaumur. Hekl. Heklaðir skartgripir, rósavettlingar og sokkar o.fl.
- HEILSA – ÚTLIT - HREYSTI: Förðun. Hár og fegurð – léttar greiðslur. Nudd.
- TÖLVUR OG REKSTUR: Almennt tölvunám. Excel. Facebook o.fl.
- TÓNLIST : Trommur. Gítar. Bassagítar. Hljómborð. Blokkflauta o.fl.
- GARÐYRKJUNÁMSKEIÐ: Trjá- og runnaklippingar. Sáning og ræktun krydd og matjurta. Vorverkin í garðinum o.fl.
- ÝMIS NÁMSKEIÐ: Lærum að yrkja rétt. Limrur. Líf eftir dauðann. Góður svefn. Tískuteikning. Ebay námskeið o.fl.
- FJARNÁM VIÐ HÁSKÓLANN Á AKUREYRI
- STARFSRÉTTINDANÁMSKEIÐ FYRIR DAGFORELDRA

Nánari upplýsingar og innritun í síma 585-5860 og á www.nhms.is

Ný námskrá vorannar 2013 er aðgengileg heimasíðu skólans á netinu: **www.nhms.is**


# Volvo eða Citroën?

**BAKPANKAR**
Friðriku Benónýs



Volvo er í hugum flestra tákn um sænska velferð og öryggi. Traustan bíl sem hægt er að stóla á að komi fjölskyldunni frá einum stað til annars án teljandi vesens. Hin týpíska sænska kjarnafjölskylda samanstendur gjarna af pabba, mömmu, tveimur börnum, húsi, sumarbústað, hundi og Volvo. Reglufesta er höfuðdyggð í Svíþjóð og sá sem bregður út af norminu er litinn hornauga. Ordning og reda, eða röð og regla, eru einkunnarorð Svía og inn í þá mynd passaði Volvoinn til skamms tíma eins og Jesús á jólakorti.

**SAMFYLKINGIN** er sænskasta stjórnmálaafl á Íslandi og eflaust hefur það verið þessi ordning og reda sem Dagur B. hafði í huga þegar hann kaus að hæla Guðbjarti Hannessyni með samlíkingu við Volvo. Hann hefði þó betur stúderað sögu fyrirtækisins áður en hann greip til þessarar samlíkingar því Volvo er langt frá því að vera allur þar sem hann er séður. Hann er ekki einu sinni sænskur lengur, hann er kínverskur. Og þar á undan var hann amerískur. Má kannski lesa úr þessari samlíkingu dulin skilaboð um breyttar áherslur í íslenskri utanríkispólitík?

**VOLVO** þýðir ég snýst á latínu og það segir kannski allt sem segja þarf um sögu þessa fyrirtækis. Eftir að hafa verið í samstarfi við Hollendinga um hríð var fyrirtækið og vörumerkið selt hinum ameríska bílaframleiðanda Ford sem fékk dollaramerki í augun við tilhugsunina um sölutölur á fólksbílum merkisins í Evrópu. Það var árið 1999 og var Volvo þá skipt upp í tvær deildir, Svíar héldu áfram að framleiða vörubíla og trukka undir því nafni en sú framleiðsla var algjörlega aðskilin þeirri sem Ameríkanar stjórnuðu. Eftir hrun dvínaði hins vegar salan á fólksbílum og það var þá sem Kínverjarnir komu inn í myndina. Þeir keyptu Volvo árið 2010 og nú er framleiðslunni stýrt frá höfuðstöðvum fyrirtækisins Geely í Hangzhou.

**GÁRUNGAR** gætu því hent þessa samlíkingu varaformanns Samfylkingarinnar á lofti og sett hana í samhengi við Grímsstaði og Nubo og aukna ásókn Kínverja í undirtök á norðurslóðum. Það dettur mér hins vegar auðvitað ekki í hug, en því verður ekki á móti mælt að þessi samlíking við Volvo er ekki beint til þess fallin að auka traust á formannsframbjóðandanum. Hefði ekki verið nær að kalla hann Citroën? Franski bíllinn er sá evrópskasti sem um getur og hægt að hækka hann og lækka til að laga sig að akstursaðstæðum hverju sinni. Er það ekki Samfylkingin í hnotskurn?

## MYNDASÖGUR

**PONDUS** Eftir Frode Øverli




**GELGJAN** Eftir Jerry Scott & Jim Borgman




**HANDAN VIÐ HORNIÐ** Eftir Tony Lopes




**BARNALÁN** Eftir Jerry Scott & Rick Kirkman



# ÚRVALIÐ ER HJÁ OKKUR

## SKOÐAÐU NÝJASTA BÆKLINGINN Á WWW.TOLVUTEK.IS

**SMELLTU Á KÖRFUNA** NETBÆKLINGUR Á WWW.TOLVUTEK.IS MEÐ GAGNVIRKUM KÖRFUHNAPP




**ALL ACCESS** VÖRN FYRIR ÖLL TÆKI HEIMILISINS. TÖLVUR, SÍMA OG SPJALDTÖLVUR **9.990**

**3LEYFI** MÁ SETJA UPP Á ALLT AÐ 3 TÖLVUR

McAfee An Intel Company

### VÍRUSVÖRN

McAfee Internet Security 2013 er alhliða heildarlausn á öllu öryggi í tölvunni þinni

**4.990**

ANDROID ÚTGÁFA 2.490

**SÁ MINNSTI AF SINNI TEGUND**

LACIE

### 500GB FLAKKARI

LaCie Rikiki er glæsilegur 500GB USB 3.0 flakkari í burstuðu Gun Metal Black álhúsi

**12.900**

1TB RIKIKI 17.900

### SMART TV

Fyrir þitt sjónvarp, vafraðu á netinu, kíktu á Facebook, spilaðu kvikmyndir og tónlist, þráðlaust lyklaborð með músarfleti fylgir

**29.900**

SJÓNVARPIÐ LIFNAR VIÐ ;-)

Birt með fyrirvara um breytingar, innsláttarvillur og myndabrengl

**OPNUNARTÍMAR**

Virka daga
10:00 - 18:30
Laugardaga
11:00 - 16:00

# TÖLVUTEK

Reykjavík • Borgartúni 31 • 563 6900 | Akureyri • Undirhlíð 2 • 430 6900

acer · ASUS · hp · lenovo · packard bell · SAMSUNG · TOSHIBA

## HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

**FIMMTUDAGUR 24. JANÚAR 2013**

### Tónlist

**21.00** Tónelskir læknar verða með tónleika á Café Rosenberg.

**22.00** Magnús Einarsson, Eðvarð Lárusson, Karl Pétur Smith og Tómas Tómasson leika tónlist eftir The Rolling Stones á Ob-La-Dí-Ob-La-Da, Frakkastíg 8. Aðgangseyrir er kr. 1.000.

### Leiðsögn

**17.00** Aleksandra Babik býður til leiðsagnar um sýningu sína, Lífið er list, í Eiðisskeri, sal Bókasafns Seltjarnarness.

### Listamannaspjall

**20.00** Ingólfur Arnarsson ræðir við gesti um sýningu sína, Teikningar, í Hafnarborg.

### Fyrirlestrar

**20.00** Dóra Ísleifsdóttir, grafískur hönnuður og prófessor við Listaháskóla Íslands, og Guðrún Lilja Gunnlaugsdóttir, hönnuður hjá Studiobility, fjalla um hönnun, hönnunarferli og hvernig hönnun og aðferðir hennar nýtast samfélaginu í fyrirlestri í Hafnarhúsinu.

*Upplýsingar um viðburði sendist á hvar@frettabladid.is*








FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

# Endurreisnarmaðurinn

MYNDLIST ★★★★☆

**Tónn í öldu**
Helgi Þorgils Friðjónsson
**GERÐARSAFN - LISTASAFN KÓPAVOGS**

Eins og margir aðrir góðir myndlistarmenn er Helgi Þorgils Friðjónsson mjög upptekinn af sjálfum sér. Á sýningu hans í Gerðarsafni málar listamaðurinn „sjálfan sig“ nakinn í nærri hverju einasta verki á sýningunni, í félagsskap íslenskra dýra, blóma og matvæla m.a., í íslensku landslagi eða skýjum ofar. Myndirnar eru nær allar eins konar draumkennd súrrealísk heild þar sem myndefnið hringsnýst eða vaggar til á fletinum. Stundum er allt á hvolfi eða út á hlið, eða í hnapp, vafningi eða fléttu.

Helgi leikur sér einnig að speglunum og samhverfum á þessari sýningu eins og maður hefur séð hjá honum áður.

Manneskjurnar, oftast mynd af Helga sjálfum, eru stóreygar, stundum eins og sálarlausar og ópersónulegar, og horfa gjarnan ákveðið út úr myndfletinum sem gefur þeim á vissan hátt ódramatískt, en á sama tíma ljóðrænt yfirbragð. Á stundum er litasamsetningin og málunin teiknimyndasöguleg, ég nefni sem dæmi verkið Vinnustofan, módel, blóm og bakhlutar málverka, 2011.

Það má segja að verkin á sýningunni séu hreinn skáldskapur ættaður úr íslensku umhverfi, en þó með viðkomu í alþjóðlegri listasögu og málverkahefð. Á sýningunni á Helgi þannig í samtali við endurreisnina, við módernismann og við samtímalistina, ásamt því að eiga í samtali eins og fyrr sagði við íslensk gæði, hvort sem það er landslagið, dýrin eða matvæli ýmiss konar.

Sýningin er í öllum sölum safnsins. Í sölunum tveimur á efri hæðinni sýnir Helgi nýjar og nýlegar höggmyndir og málverk í bland, en niðri eru hið stórskemmtilega Tilhugalíf Indígó I–X, ágætar málverkaseríur og innsetningin Heim. Heim er heildstætt verk þar sem listamaðurinn málar báðum megin á afgangs krossviðarbúta og stillir fjöldamörgum slíkum myndum upp eins og höggmynd á miðjan stöpul. Þetta er dagbókarlegt verk og fjallar um bústaði sem hafa veitt listamanninum skjól um ævina og umhverfi þeirra. Manni verður ósjálfrátt hugsað til verka Kristins G. Harðarsonar sem sýndi í safninu á undan Helga.

Líklega kemur höggmyndagerð Helga flestum á óvart á þessari sýningu. Þessar styttur eru ekki eins fágaðar og málverkin, þær eru gróteskar margar, jafnvel dónalegar (mörgum hefur reyndar fundist málverkin hans dónaleg líka í gegnum tíðina) eins og verkið Alchemy, eða gullgerðarlist í lauslegri þýðingu, þar sem menn eru með rassinn upp í loft að kúka gullkúkum af margvíslegri lögun.

Þetta er kaldhæðið verk og upp í hugann koma verk eftir Manzoni, kúkur í dós, kúkaverk Johns Miller og kúkaframleiðsluvél William Delvoye. Þetta verk Helga er hægt að skilja sem hyllingu til sköpunarmáttarins.

Höggmyndirnar eru annars margar skemmtilegar í grófleika sínum og litadýrð. Ég nefni sem dæmi bleika óskapnaðinn Perlumóður og Uppstillingu í fjöru. Einnig er samsetta höggmyndin Heilagur Antoníus fyrir heimilislausa spennandi, en þar blandar hann saman tilbúningi (ready made) og eigin sköpun.

Þó að það séu augljós tengsl á milli málverka og höggmynda, bæði í umfjöllunarefni, auk þess sem höggmyndirnar eru sumar þrívíðar útgáfur af málverki á sýningunni eða öfugt, þá hefði verið gaman að sjá stytturnar saman í sal, þar sem þær væru ótruflaðar af málverkunum, með fullri virðingu fyrir þeim.

Af málverkunum uppi þá eru verkin Auga, heimurinn, íslenskur hestur, síld og auðnutittlingur frá árinu 2012 og Endurreisnarmaðurinn einnig frá 2012, bæði mjög sterk. Byggingarlega ganga þau fullkomlega upp, og hafa bæði óvænta eiginleika. Fyrrnefnda verkið er þannig mannlaust, en listamaðurinn hleður dýrunum upp á afar heillandi hátt, en í Endurreisnarmanninum vekur það hjá manni ónotatilfinningu að horfa á gúrku ganga inn í sköflunginn á manninum á myndinni.

**Þóroddur Bjarnason**

**NIÐURSTAÐA:** Áhorfendur og aðdáendur Helga fá mikið fyrir peninginn á þessari sýningu. Höggmyndirnar sýna nýja hlið á listamanninum, og áhugavert hefði verið að sjá þær njóta sín án málverkanna.

# Brot í brot í Gerðubergi

Hjónin Dave og Assia Brill eru þekktir origami-listamenn sem sýnt hafa víða um heim. Sýning á verkum þeirra verður opnuð í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag og stendur til 24. mars.

Origami – Brot í brot nefnist sýning sem opnuð verður í Menningarmiðstöðinni Gerðubergi í dag klukkan 17. Á sýningunni eru pappírslistaverk eftir hjónin Dave og Assiu Brill sem hafa hannað fjölda bréfbrota, gefið út bækur, fengist við kennslu og sýnt verk sín víða um heim. Verk þeirra voru flutt sérstaklega til landsins fyrir sýninguna í Gerðubergi en listamennirnir, þau Dave og Assia Brill, verða viðstaddir opnunina. Hestar, flóðhestar, ljón, gíraffar, kettir og mýs auk blóma, vasa, engla, stjarna, kassa og kubba eru meðal þess sem sjá má á sýningunni. Þar eru einnig þekktustu verk þeirra svo sem Saint George and the Dragon eftir Dave og St. Basil á Rauða torginu í Moskvu eftir Assiu.

Sýningin er samstarfsverkefni Gerðubergs og Origami Ísland en þeir Björn Finnsson og Jón Víðis eiga einnig verk á sýningunni. Þeir félagar hafa brotið þúsund trönur, en það er japönsk þjóðtrú að hver sá sem það geri fái ósk sína uppfyllta, auk þess að klæða myndarlega súlu með goggum eins og svo margir kunna að brjóta.



**ORIGAMI** Dave og Assia Brill komu til landsins í tilefni sýningarinnar og verða með origami-námskeið um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/PJETUR

Í tengslum við sýninguna verður haldið námskeið í origami helgina 26. til 27. janúar þar sem Dave og Assia sjá um kennsluna. Námskeiðið er ætlað hönnuðum, lista- og handverksfólki og kennslan fer fram í Gerðubergi báða dagana frá klukkan 9 til 16. Takmarkaður fjöldi þátttakenda kemst að á námskeiðinu.


4 LÍTRAR
GLJÁSTIG 10
ALLIR LITIR
Vnr. 86620040-3737
KÓPAL INNIMÁLNING
5.990 kr.
Einhell
18V
Vnr. 74804118
RAFHLÖÐUBORVÉL
7.990 kr.
ÞOLIR 150 KG
Vnr. 50170183
TRAPPA
3.795 kr.
700W
Vnr. 65103207
BRAUÐRIST
1.990 kr.
KHG
Vnr. 50170183
KAFFIVÉL
3.990 kr.
VERÐVERND BYKO
LÆGRA VERÐ
LÁGT VERÐ
– ALLA DAGA
BYKO
BÚÐU BETUR. BORGAÐU MINNA.
Vnr. 65105825
Þilofn með gegnum-streymi, 1000W.
7.995 kr.
2,5 KLST.
Vnr. 42308344
Brennikubbur, 2,5 klst.
590 kr.
Vnr. 42310865
Skíðahanskar fyrir börn.
1.990 kr.
Vnr. 42372539
Skíðahjálmur, stillanlegur, svartur.
5.990 kr.
4 LÍTRAR
Vnr. 42301980
Rúðuvökvi, 4 l.
589 kr.
Vnr. 50006000
Eldvarnarpakki BYKO.
6 kg duftslökkvitæki, reykskynjari og eldvarnarteppi.
8.990 kr.
Vnr. 42333232
Maísbollur fyrir smáfuglana, 6 stk. í pakka.
299 kr.
4 KG
Vnr. 42303619
Hálkusalt, 4 kg.
590 kr.
Vnr. 42373261
Uppkveikjukubbar, 100 stk. í pakka.
990 kr.
ÓDÝR GEYMSLUBOX OG BALAR
Vnr. 423735803
Geymslubox á hjólum, 50 l.
1.990 kr.
Vnr. 42307354
Bali, 12 l.
590 kr.
Vnr. 42307355
Bali, 14 l.
590 kr.
Vnr. 42370495
Bali, 30 l.
1.390 kr.
Öll verð eru birt með fyrirvara um prentvillur og/ eða myndabrengl. Allar vörur fást í BYKO Breidd en minna framboð getur verið í öðrum verslunum.
www.expo.is / EXPO auglýsingastofa
Verðvernd BYKO tryggir þér lægra verð. Sjá nánari upplýsingar og skilmála á www.byko.is.

# Dæmi tekin úr daglega lífinu

**Samningur um aðgerðir til að efla fjármálalæsi í grunn- og framhaldsskólum var nýlega undirritaður af menntamálaráðherra og formanni samtaka fjármálafyrirtækja. Tveir framhaldsskólar og fjórir grunnskólar voru valdir til tilraunakennslu í byrjun. Hagaskóli var einn þeirra en hann hefur haft fjármálafræði sem valgrein síðustu þrjú ár. Það er Edda Kristín Hauksdóttir sem kennir hana.**

Í Hagaskóla hafa samtals fjörutíu nemendur í 10. bekk valið það í vetur að fræðast um fjármál í tveimur kennslustundum á viku. Þegar kíkt er inn í tíma er Edda Hauksdóttir kennari að fræða hluta þess hóps á líflegan hátt um skattkort, persónuafslátt og tekjuskattþrepin þrjú. Í lokin fá nemarnir það verkefni að reikna út hvað einstaklingur með 850 þúsund krónur á mánuði greiðir af þeim í skatt. Að lokinni kennslustund gefur hún sér tíma í smá spjall.

„Við erum búin að bjóða upp á fjármálafræðslu að minnsta kosti í þrjá vetur. Ég spila kennsluna svolítið af fingrum fram og er alltaf að finna upp hjólið. Reyndar er ýmislegt kennsluefni til og sumt af því hef ég notað en mest tek ég dæmi vítt og breitt úr daglega lífinu.“ Hún notar netið og skjávarpa við kennsluna og kveðst óhrædd sýna nemendum heimabankann sinn, lánin sín og launaseðilinn til að útskýra ýmsa liði. „Það er gott að vera svolítið óspéhrædd,“ segir hún brosandi. „Það góða við hrunið er að nú þorir fólk að viðurkenna að það eigi ekki fyrir hlutum. Á tímabili var það bara tabú.“

Edda kveðst hafa unnið í banka og einnig séð um bókhald fyrir lítið fyrirtæki. „Ég hef orðið vitni að því að krakkar koma til vinnuveitanda og eru beðnir um bankaupplýsingar en hafa ekki hugmynd um hvað átt er við, gefa jafnvel upp númerið á debetkortinu sínu. Þetta byrja ég á að útskýra fyrir nemendum,“ segir hún. Hún kveðst líka hafa lesið með þeim skilmálana í sambandi við smálánin og þeir hafi komið auga á fullt af punktum sem hún hafði ekki hugmynd um. „Til dæmis var mér bent á að það er litið á það sem brot á samningi ef lántakandi fellur frá,“ nefnir hún.



**VIÐ KENNSLU** Edda útskýrir persónuafslátt og skattaþrep fyrir nemendum sínum í fjármálafræði í Hagaskóla. FRÉTTABLAÐIÐ/ANTON

Fjármálahugtök eru krufin í tímum og hlutverkaleikir eru á dagskrá að sögn Eddu. „Við þykjumst vera að leigja okkur íbúð og gerum kostnaðaráætlun um leigu og eigin framfærslu, einnig veljum við okkur bíl á netinu. Krakkarnir sjá fyrir sér afborgunina og bensínið en hafa ekki pælt í hvað tryggingar kosta, skoðun, bifreiðagjöld, dekk, rúðuþurrkur og smurning og fleira sem tilheyrir rekstri bíls,“ lýsir hún og segir frá öðru dæmi sem kom unga fólkinu á óvart.

„Við ímynduðum okkur að krakkarnir væru á leið í skólann og það helltist eitthvað ógeð yfir þá þannig að allt eyðilegðist sem þeir væru í og með, en þeir slyppu sjálfir óskaddaðir. Þeir áttu að gera bréf til tryggingafélags um tjónið og voru í sjokki yfir því hversu hár sá reikningur var. Þeir eru með iPhone, vasareikni, úr, skólatöskur, skólabækur, eyrnalokka og í úlpum sem kosta tugi þúsunda – jafnvel með iPad í töskunni. Meðalverð á útbúnaði nemanda var 200 þúsund eins og hann labbaði út í skóla.“

Fleira tengir Edda daglega lífinu í kennslustundum til að efla kostnaðarvitund nemenda. Til dæmis hvað þeir eyða yfir árið í æfingargjöld, innkaup fyrir skólann, keppnisferðir, píanótíma, vasapeninga, klippingar, fatnað, símagjöld, strætókort og fleira. „Ég man eftir einum nemanda sem sagði þegar hann labbaði út: „Vá, að hún mamma skuli ekki vera búin að henda mér að heiman.“ Þeir voru svo hissa á hvað þetta voru háar fjárhæðir.“

gun@frettabladid.is

## Nemendur hafa orðið



**GLÓEY ÞÓRA EYJÓLFSDÓTTIR**

Ég valdi fjármálafræði af því mig langaði að hafa einhverja vitneskju um bílakaup, laun, skatta og annað. Vinna í fjármálageiranum er ekki markmið en vel hugsanleg.



**ANNA RAGNHEIÐUR TRYGGVADÓTTIR**

Það er gott að kunna eitthvað um fjármál í framtíðinni og mér finnst ég hafa lært heilmikið. Ég er mjög ánægð með þetta fag og finnst það skemmtilegt.



**BJARNI ÓLAFSSON**

Ég prufaði fjármálafræðslu í 9. bekk og hafði áhuga á að byggja ofan á það. Mér finnst mikilvægt og hagnýtt að kunna á svona hluti fyrir framtíðina.



**VALTÝR ÖRN KJARTANSSON**

Það er alltaf verið að fjalla um fjármál í fjölmiðlum og mig langaði að skilja þau betur. Ég byrjaði að vinna á síðasta ári og finnst betra að vita eitthvað um skattamál.








BÓNDADAGURINN ER Á MORGUN!
20% AFSLÁTTUR
af öllum herrafatnaði, herraskóm og herrailmvötnum
fimmtudag og föstudag
mikið úrval - herrabolir, jakkaföt, jakkar, buxur, peysur,
skyrtur, bindi, belti, sokkar, nærföt, náttföt, treflar, húfur,
hanskar og yfirhafnir...
spariskór,
gönguskór,
hversdagsskór,
inniskór,
sportskór...
Ilmurinn
fyrir hann...
OPIÐ
allan sólarhringinn
Garðabær, Skeifan
& Eiðistorg
Gildir 24-25. janúar.
HAGKAUP
Ein ferð betra verð



## TÓNNINN GEFINN
Trausti Júlíusson

# Áfram sviptingar í plötusölu

Það hafa orðið miklar breytingar á plötusölu í heiminum síðustu ár. Bæði hefur niðurhal aukist á kostnað tónlistar á föstu formi og eins taka netrisar eins og Amazon til sín stöðugt stærri hluta af því sem selst af geisladiskum og vínyl.

Í síðustu viku bárust þær fréttir að HMV-verslunarkeðjan í Bretlandi væri komin í greiðslustöðvun. HMV, sem rekur 223 verslanir og er með um 4.000 manns í vinnu, er síðasta plötubúðakeðjan sem eftir er á Bretlandseyjum. Tower Records, Virgin Megastore, Our Price, Zavvi og allar hinar eru löngu horfnar af sjónarsviðinu. HMV-búðirnar hafa verið með 38% markaðshlutdeild í sölu á tónlist á föstu formi í Bretlandi og um 27% af sölu á DVD-diskum, en samt hefur reksturinn ekki gengið sem skyldi og salan fyrir síðustu jól var langt undir væntingum. Flaggskip HMV er verslunin á Oxford Street númer 150 í London sem er stærsta plötubúð heims.



**SLAPP FYRIR HORN** HMV-verslunarkeðjan í Bretlandi verður opin áfram.

Fréttirnar af vandræðum HMV fengu mikil viðbrögð. Fyrsta HMV-plötubúðin var opnuð árið 1921, þannig að tónlistarunnendur í Bretlandi eru aldir upp með þeim. Flestir hörmuðu fréttirnar, ekki síst plötuútgefendur, en sumir sáu samt í þessu aukna möguleika fyrir sjálfstæðu plötubúðirnar. Þær bjóða upp á persónulegri þjónustu og eiga auðveldara með að aðlaga sig að breyttum aðstæðum. Hlutdeild HMV í sölu á vínylplötum er t.d. mun lægri en í sölu á geisladiskum, sem segir sitt.

Á þriðjudag bárust hins vegar þær fréttir að Hilco-fyrirtækið, sem sérhæfir sig í endurskipulagningu fyrirtækja sem komin eru í þrot, væri að landa samningi um kaup á HMV. Hilco keypti HMV-keðjuna í Kanada og rekur með ágætum árangri. Talið er að Hilco fái HMV á góðu verði þar sem útgefendur á tónlist og kvikmyndaefni eru tilbúnir að ganga mjög langt til þess að halda keðjunni á lífi.

## Í spilaranum





**Jussanam** – Rio/Reykjavík
**Sin Fang** – Flowers
**Anna von Hausswolff** - Ceremony


# AF FINGRUM FRAM

*Spjalltónleikar án hliðstæðu*

Jón Ólafsson tekur á móti okkar fremsta tónlistarfólki

SALURINN
*-hljómar vel*



24. janúar kl. 20.30
**PÁLL ÓSKAR – Uppselt**

31. janúar kl. 20.30
**HELGI BJÖRNSSON – Ósóttar pantanir farnar í sölu**

6. febrúar kl. 20.30
**EIVÖR PÁLSDÓTTIR – Uppselt**

21. febrúar kl. 20.30
**BJÖRGVIN HALLDÓRSSON – Uppselt**

7. mars kl. 20.30
**ANDREA GYLFADÓTTIR**

21. mars kl. 20.30
**DIDDÚ**

*Miðaverð 3.300 kr.*

**www.Salurinn.is**

**Miðasala opin alla virka daga kl. 12 – 17 í síma 5700 400.**


# Mögnuð endurkoma hjá Sixto Rodriguez

Hinn sjötugi Rodriguez er á allra vörum eftir myndina Searching For Sugarman.

Bandaríski tónlistarmaðurinn Sixto Rodriguez hefur slegið í gegn eftir að heimildarmyndin Searching For Sugarman var frumsýnd á síðasta ári.

Hinn sjötugi Rodriguez hefur verið kallaður „mesta tónlistarátrúnaðargoð áttunda áratugarins sem aldrei varð frægt“. Núna eftir sýningu þessarar verðlaunuðu myndar, sem var nýlega tilnefnd til Óskarsverðlaunanna, virðist sem hans tími í sviðsljósinu hafi loksins runnið upp.

Hann er bókaður á tónleikum á „heimavelli“ sínum í Suður-Afríku, Ástralíu og Bandaríkjunum á næstu mánuðum og í sumar spilar hann á hátíðunum Glastonbury, Coachella og Primavera. Einnig spilar hann í hinni virtu tónleikahöll Royal Albert Hall í London. Í nóvember spilaði hann þrettán sinnum fyrir fullu húsi, þrjú þúsund manns, í Bretlandi og nýtur því greinilega mikilla vinsælda þar.

Þegar upptökustjórar sáu Rodriguez spila á bar í Detroit seint á sjöunda áratugnum héldu þeir að þeir hefðu uppgötvað hinn nýja Bob Dylan. Tónlistin var af þjóðlagaætt með sækadelískum undirtón og innihaldsríkum, andfélagslegum textum um veruleikann í Detroit.

Einhverra hluta vegna var bandarískur almenningur ekki sammála. Fyrsta plata þessa Bandaríkjamanns sem er af mexíkóskum uppruna, Cold Fact, fékk mjög góða dóma og einnig sú næsta, Coming To Reality, en sárafáir keyptu þær. Rodriguez hvarf sjónum og orðrómur var lengi uppi um að hann hefði framið sjálfsvíg uppi á sviði.

Eftir að sjóræningjaútgáfa af Cold Fact komst til Suður-Afríku varð hún ekki bara svakalega vinsæl, heldur varð hún óopinber biblía ungra mótmælenda gegn aðskilnaðarstefnunni.

En það var ekki fyrr en tveir aðdáendur Rodriguez, Stephen „Sugar“ Segerman og Craig Bartholomew, komust að því að hann væri enn á lífi og ætti heima í Detroit án þess að hafa hugmynd um að litið væri á hann sem goðsögn í Suður-Afríku, að boltinn fór að rúlla.

Það eru ekki bara vel samin lög og textar Rodriguez í bland við Öskubuskusögu hans sem hafa heillað fólk eftir að myndin kom út. Hógværð hans og það hversu laus hann er við alla tilgerð hefur fallið í kramið því þessir mannkostir eru óvenjulegir í tónlistarbransanum.

freyr@frettabladid.is




**SIXTO RODRIGUEZ** Bandaríski tónlistarmaðurinn hefur heldur betur slegið í gegn upp á síðkastið. NORDIPCHOTOS/GETTY

## Margverðlaunuð heimildarmynd

Heimildarmyndin Searching For Sugarman í leikstjórn Svíans Malik Bendjelloul var bæði tilnefnd til og vann fjölda verðlauna á síðasta ári. Hún hlaut tvenn verðlaun á Sundance-hátíðinni, lenti í öðru sæti hjá áhorfendum á Tribeca-hátíðinni, var valin besta heimildarmyndin hjá National Board of Review í Bandaríkjunum og hlaut áhorfendaverðlaunin á kvikmyndahátíðinni í Los Angeles. Á þessu ári hefur hún verið tilnefnd bæði til bresku BAFTA- og Óskarsverðlaunanna sem besta heimildarmyndin.




## 17.1.2013 → 23.1.2013



HLJÓMSVEITIN VALDIMAR



ÁSGEIR TRAUSTI

### LAGALISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Lag |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Valdimar | Yfir borgina |
| ▲ | 2 | Moses Hightower | Háa C |
| ▶ | 3 | Ásgeir Trausti | Nýfallið regn |
| ▼ | 4 | Labrinth / Emeli Sandé | Beneath You're Beautiful |
| ▲ | 5 | Retro Stefson | Julia |
| ▲ | 6 | Jónas Sigurðsson | Hafið er svart |
| ▼ | 7 | Blaz Roca / Ásgeir Trausti | Hvítir skór |
| ▲ | 8 | Ed Sheeran | Give Me Love |
| ▼ | 9 | Bruno Mars | Locked Out of Heaven |
| ▶ | 10 | Pink | Try |

### TÓNLISTINN

| | Sæti | Flytjandi | Plata |
|---|---|---|---|
| ▶ | 1 | Ásgeir Trausti | Dýrð í dauðaþögn |
| ▶ | 2 | Retro Stefson | Retro Stefson |
| ▲ | 3 | Valdimar | Um stund |
| ▲ | 4 | Hjaltalín | Enter 4 |
| ▲ | 5 | Dimma | Myrkraverk |
| ▲ | 6 | Of Monsters And Men | My Head Is an Animal |
| ▼ | 7 | Moses Hightower | Önnur Mósebók |
| ▼ | 8 | Jónas Sigurðsson | Þar sem himin ber við haf |
| ▲ | 9 | Raggi Bjarna | Dúettar |
| ▲ | 10 | Ýmsir | Minning.tónl. um Ellý Vilhjálms |

**Skýringar** ▶ Stendur í stað síðan í síðustu viku ▼ Fellur um sæti síðan í síðustu viku ▲ Hækkar á lista síðan í síðustu viku * Nýtt á lista

Listarnir eru teknir saman fyrir Félag hljómplötuframleiðenda. Listarnir eru birtir í heild sinni á Vísir.is. vísir

**Þátttakendur í Lagalistanum** Bylgjan, FM957, Xið 977, Rás 2, K100,5, tonlist.is. **Verslanir í Tónlistanum** Skífan, Hagkaup, Penninn/Eymundsson, 12 tónar, Harpa, Smekkleysa plötubúð, Elko, tonlist.is.

# ENN MEIRI ÚTSALA

## KRINGLUNNI, SMÁRALIND OG GLÆSIBÆ

NÚ STYTTIST Í ANNAN ENDANN Á ÚTSÖLUNNI OKKAR
OG ÞVÍ HÖFUM ÞVÍ BÆTT VIÐ VÖRUM OG HÆKKAÐ AFSLÆTTI.
ÞÚ VILT EKKI MISSA AF ÞESSU.

# 30-70%
## AFSLÁTTUR

ÚTILÍF

HOLTAGÖRÐUM GLÆSIBÆ KRINGLUNNI SMÁRALIND utilif.is

# Ray Liotta til liðs við Prúðuleikarana

Ray Liotta mun fara með hlutverk í framhaldsmynd um Prúðuleikarana, Muppets II, sem frumsýnd verður í Bandaríkjunum í mars. Gamanleikarinn Jason Segel átti veg og vanda að fyrri myndinni í endurreisn Prúðuleikaranna, The Muppets frá 2011, en hann tekur ekki þátt í gerð framhaldsmyndarinnar.

Liotta ætti að þekkja vel til Prúðuleikaranna því hann lék öryggisvörð í myndinni Muppets from Space frá árinu 1999. Ekki hefur verið tilkynnt hvers konar hlutverk Liotta mun fara með en nú þegar hefur verið opinberað að loðnu heimilisvinirnir munu ferðast til Evrópu í nýjustu ævintýrum sínum. Auk Liotta munu meðal annarra þau Tina Fey, Ricky Gervais og Ty Burrell, úr sjónvarpsþáttunum Modern Family, leika í myndinni.





**TUSKUDÝR** Ray Liotta tekur þátt í nýju Prúðuleikaramyndinni ásamt meðal annarra Tinu Fey og Ricky Gervais.



**GANGSTER SQUAD** Josh Brolin og Sean Penn í hlutverkum sínum sem lögreglumaðurinn John O'Mara og glæpaforinginn Mickey Cohen.

# Blóðugt stríð í borg englanna á fimmta áratugnum

**Leikhópurinn í glæpamyndinni Gangster Squad, sem leikstýrt er af Ruben Fleischer, er glæsilegur og skartar meðal annarra þeim Josh Brolin, Ryan Gosling, Nick Nolte, Emmu Stone og sjálfum Sean Penn.**

Glæpamyndin Gangster Squad verður frumsýnd í kvikmyndahúsum annað kvöld. Leikstjóri myndarinnar er hinn 38 ára gamli Ruben Fleischer. Sá hefur áður leikstýrt tveimur myndum í fullri lengd, Zombieland frá árinu 2009 og 30 Minutes or Less frá 2011. Fleischer hefur einnig getið sér gott orð sem leikstjóri tónlistarmyndbanda og hefur slík með meðal annarra söngkonunni M.I.A., Gold Chains og Electric Six á ferilskránni.

Leikhópurinn í Gangster Squad er að sönnu glæsilegur og inniheldur Josh Brolin, Ryan Gosling, Nick Nolte, Emmu Stone, Sean Penn, Michael Peña og Giovanni Ribisi.

Sögusvið Gangster Squad er fimmti áratugur síðustu aldar og er handritið lauslega byggt á sögu nokkurra lögreglumanna og einkaspæjara í Los Angeles. Þeir taka höndum saman og stofna hóp sem þeir nefna „Gangster squad unit" til að freista þess að verja borgina fyrir ágangi glæpamannsins Mickey Cohen, sem leikinn er af Sean Penn.

Lögreglustjórinn Bill Parker (Nick Nolte) velur lögreglumanninn John O'Mara (Josh Brolin) persónulega til að hefja stríð á hendur Cohen, en sá síðastnefndi er meðal voldugustu glæpamanna landsins og hefur sterk tengsl við mafíuna. O'Mara velur harðsnúið lið til að heyja stríðið með sér og er tilgangurinn sá að hrekja Cohen og lið hans út úr Los Angeles til frambúðar. Aðeins einn af þeim sem O'Mara setur á óskalistann fyrir liðið sitt þekkist ekki boðið, lögreglumaðurinn Jerry Wooters sem leikinn er af hjartaknúsaranum Ryan Gosling, en sá er náinn vinur O'Mara og farið að leiðast þófið eftir margra ára dvöl í bandaríska hernum og krefjandi starf sem lögreglumaður í framhaldinu.

Í kjölfar stofnunar hópsins fer fram óumflýjanlegt uppgjör og skothvellir og blóð eru aldrei langt undan.

Gangster Squad hefur hlotið misjafna dóma frá gagnrýnendum. Á vefsíðunni Rottentomatoes.com hlýtur hún 33 prósent í einkunn frá gagnrýnendum og 66 prósent frá hinum almenna áhorfanda. Á vefsíðunni Imdb.com fær Gangster Squad 7,2 í einkunn. Í Chicago Sun-Times gefur gagnrýnandinn Roger Ebert myndinni tvær af fimm stjörnum og segir leikstjórann Fleischer ekki ráða við verkefnið. Ebert segir þó hasaratriðin vel útfærð og hrósar Sean Penn í hlutverki illmennisins Cohen.

## Frumsýningunni frestað vegna árásar

Upphaflega stóð til að frumsýna Gangster Squad í september síðastliðnum í Bandaríkjunum. Í kjölfar skotárásarinnar í kvikmyndahúsi í borginni Aurora í Colorado-fylki nokkru fyrr, í júlí 2012, sem vakti mikinn óhug víða um heim, var ákveðið að fresta frumsýningunni fram í byrjun þessa mánaðar.






**SKÍTHRÆDD SKRÍMSLI** Skrímslin ógurlegu í myndinni Monsters, Inc. eru ekki jafn hræðileg og börn halda. Í raun eru þau ekki síður hrædd við börn en börnin eru við þau.

# Skrímslin endurgerð í þrívídd

**Í tilefni framhaldsmyndarinnar sem er væntanleg í sumar hefur myndin vinsæla Monsters, Inc. verið endurgerð og verður hún frumsýnd í þrívídd annað kvöld.**

Framhald af skrímslamyndinni Monsters, Inc., Monster University, er væntanleg frá Disney og Pixar nú í sumar. Í tilefni þess var ákveðið að taka fyrri myndina, sem sló í gegn þegar hún kom út árið 2001, og gera hana upp.

Endurgerðin af Monsters, Inc. er í þrívídd og verður hún frumsýnd í kvikmyndahúsum landsins annað kvöld. Fyrir þá sem ekki þekkja myndina þá fjallar hún um skrímsli sem búa í Skrímslaborg. Skrímslin eru flest með lítil hjörtu og lafhrædd við öskrandi börn. Þau geta þó ekki án barnanna verið því öll þeirra orka kemur úr öskrum barna sem hræðast þau. Það er því illt í efni þegar börnin í heiminum eru orðin það hugrökk að skrímslin hræða þau ekki lengur, því án hræðslunnar og orkunnar sem hlýst af öskrunum verður Skrímslaborg alveg orkulaus. Það eru John Goodman, Billy Crystal, Steve Buscemi og Jennifer Tilly sem ljá helstu persónum myndarinnar rödd sína, en í íslensku útgáfunni eru það þau Ólafur Darri Ólafsson, Felix Bergsson, Bríet Ólína Kristinsdóttir, Magnús Ragnarsson, Pétur Einarsson og Hjálmar Hjálmarsson.

- trs

# Láttu hjartað ráða




„Lífræna haframjölið mitt er fyrirtaks hráefni í himneskan hafragraut.“

Solla

BÓNUS HAGKAUP

HIMNESKT

# Bloodgroup á leiðinni með glænýja plötu

Elektrósveitin Bloodgroup gefur út sína þriðju plötu, Tracing Echoes, í byrjun næsta mánaðar.

Þriðja plata elektrósveitarinnar Bloodgroup kemur út 4. febrúar og heitir Tracing Echoes.

Fyrsta smáskífulagið, Fall, hefur hljómað í útvarpinu undanfarið. Það fékk á dögunum umfjöllun hjá enska blaðinu Guardian. „Hljómsveitin nær að aðskilja sig frá áhrifavöldum sínum með stórum poppmelódíum sínum. Þrátt fyrir alla tilraunakenndu hljómana og hljóðgervlahávaðann er það hið ædislega viðlag sem gerir gæfumuninn í laginu,“ sagði gagnrýnandinn.

Tracing Echoes kemur út hjá Kölska á Íslandi en erlendis á vegum AdP, sem gaf einnig út síðustu plötu sveitarinnar Dry Land, og Sugarcane Recordings, sem er með David Lynch, Hot Chip og Hercules & Love Affair á sínum snærum.

Forsala á plötunni verður á Tónlist.is frá og með 31. janúar. Einnig verður hægt að hlýða á plötuna í hlustunarpartíi á hárgreiðslustofunni Sjoppunni annað kvöld klukkan 21.

Bloodgroup gerði nýverið samning við umboðsskrifstofuna Projekta og heldur í tónleikaferð um Evrópu stuttu eftir útgáfu Tracing Echoes sem verður nánar tilkynnt um síðar. Það stefnir því allt í annasamt ár hjá sveitinni.



**NÝ PLATA** Bloodgroup gefur út nýja plötu 4. febrúar sem heitir Tracing Echoes.




## Hamingjusöm með Smart

Jennifer Lopez þakkar kærasta sínum, dansaranum Casper Smart, fyrir að hafa stutt sig í gegnum skilnað í nýju viðtali við tímaritið People. Töluverður aldursmunur er á parinu, en Smart er átján árum yngri en Lopez.

„Ég var nýkomin úr stórum, erfiðum skilnaði og hann hjálpaði mér að verða heil aftur. Hann hefur verið til staðar fyrir mig þegar ég þarf á að halda,“ sagði Lopez í viðtalinu.

Hún segist meðvituð um hið stóra aldursbil sem sé á milli hennar og Smart, en að það íþyngi henni ekki. „Við erum ánægð þessa stundina. Við gerum hvort annað hamingjusamt.“



**JENNIFER LOPEZ**



**KVENKYNS LEIKSTJÓRI** Leikstjóri hinnar vinsælu Zero Dark Thirty er Kathryn Bigelow.

## Konur aðeins 9% leikstjóra

**Aðeins 9% af þeim leikstjórum sem áttu 250 tekjuhæstu bíómyndirnar í Hollywood árið 2012 voru konur. Þetta kemur fram í nýrri könnun sem Rannsóknarmiðstöð kvenna í sjónvarpi og kvikmyndum í Bandaríkjunum gerði. Þrátt fyrir þessa lágu prósentutölu jókst fjöldi kvenna um 4% frá árinu á undan. Ef teknir eru saman allir leikstjórar, framleiðendur, handritshöfundar, kvikmyndatökumenn og klipparar var fjöldi kvenna 18%. Í könnuninni kom einnig fram að konur væru líklegri til að vinna við heimildarmyndir, dramamyndir og teiknimyndir.**



**ANGELINA JOLIE** Fyrsta ferðin hennar til Afríku breytti lífi hennar.

NORDICPHOTOS/GETTY

## Fyrsta ferðin breytti lífinu

Angelina Jolie segir að fyrsta ferðin sín til Afríku fyrir Sameinuðu þjóðirnar hafi breytt lífi sínu. Tilfinningarnar báru hana ofurliði vegna þeirra bágbornu aðstæðna sem hún varð vitni að. Henni var ráðlagt að skrá líðan sína í dagbók til að hjálpa sér að vinna úr því sem hún sá. Leikkonan segir þessa reynslu hafa breytt sér. „Ég veit að ég opnaði mig og vildi læra meira um heiminn og um annað fólk og hvað er að gerast í kringum mig. Þannig að ég breyttist,“ sagði Jolie, sem er núna góðgerðarfulltrúi Sameinuðu þjóðanna.


HUGINN MUNINN
Það getur tekið mann nokkrar aldir og ættliði að slípast til.
En maður þarf ekki nema einn dag til að halda upp á það.
Til hamingju með bóndadaginn.
Guðjón Birgisson
Bóndi á Flúðum
Atmo
Reykjavík
Bjarg
Akranes
Kormákur & Skjöldur
Reykjavík
Kraum
Reykjavík
Lækurinn
Neskaupsstaður
Joe's
Akureyri
Jón & Gunna
Ísafjörður
Sævar Karl
Reykjavík

# Engir spekingar en þekkja þó vel til

Kynnar Söngvakeppninnar 2013 eru þau Guðrún Dís Emilsdóttir og Þórhallur Gunnarsson. Flestir þekkja til þeirra enda hafa þau bæði verið áberandi í fjölmiðlaheiminum á undanförnum árum. Fréttablaðið forvitnaðist um áhuga þeirra á keppninni, bæði hér heima og úti. Fyrri undankeppnin verður háð á morgun og sú seinni á laugardag. Þjóðin kýs þrjú lög hvort kvöld, sem keppa í aðalkeppninni 2. febrúar. Allt verður þetta í beinni útsendingu á RÚV.



## GUNNA DÍS

*Myndir þú kalla þig Eurovision-speking?* Nei, alls ekki, en ég hef brennandi áhuga á keppninni.

*Hefur þig einhvern tíma dreymt um að taka þátt í Eurovision?* Auðvitað, ég lét mig dreyma sem barn um að einn daginn kæmi röðin að mér.

*Hefur þú fylgst með keppninni vel og lengi?* Alveg frá því við byrjuðum að taka þátt, þegar ICY-hópurinn sigraði 1986, þá var ég sex ára gömul.

*Hver er þín fyrsta Eurovision-minning?* Það var alltaf sérstök hátíðarstemning á mínu heimili þegar Söngvakeppnin hófst, mamma setti kjúkling eða heimatilbúna pitsu í ofninn og svo settist öll fjölskyldan fyrir framan sjónvarpið og naut þess að horfa á keppnina og borða góðan mat.

*Hver er þinn uppáhalds Eurovision-flytjandi (íslenskur eða erlendur)?* Ætli það sé ekki Írinn Johnny Logan. Hann var rosalega flottur og svo man maður náttúrulega alltaf eftir Söndru Kim.

*Hvert er þitt uppáhaldslag úr Söngvakeppni Sjónvarpsins í gegnum árin?* Þessi er erfið, erfitt að gera upp á milli, ætli ég verði ekki að segja Ástarævintýri sem Eyjólfur Kristjánsson og Ingi Gunnar Jóhannsson gerðu ódauðlegt.

*En hvert er þitt uppáhaldslag úr Eurovision almennt?* Nocturne með Secret Garden.



## ÞÓRHALLUR GUNNARSSON

*Myndir þú kalla þig Eurovision-speking?* Ég Eurovision-spekingur!? Nei, ég er örugglega ekki fenginn í þetta verkefni vegna þess.

*Hefur þig einhvern tíma dreymt um að taka þátt í Eurovision?* Ég á marga drauma en að taka þátt í Eurovision er ekki einn af þeim.

